



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Innleiðing tillagna um list- og verknám

Á fundi skóla- og frístundaráðs var lögð fram svohljóðandi málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur, dags. í september 2018, minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. apríl 2018, um skil skýrslu starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur, skýrsla starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur, ódags., og niðurstöður könnunar vorið 2015 í tengslum við starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur, dags. í febrúar 2018:

Áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur er samþykkt og vísað til fjárhagsáætlunargerðar skóla- og frístundasviðs 2019.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi skólastjóra í grunnskólum lagið fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík fagnar áherslum á aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum borgarinnar og fyrirbyggjandi áætlun starfshóps um innleiðingu tillagna byggðum á þeim áherslum. Lykilatriði þegar kemur að auknu vægi umrædds náms innan grunnskólans er að fjárveitingar til þess séu í samræmi við þær kröfur sem til þess er gert í Aðalnámskrá grunnskóla. Á þar bæði við fjármagn í formi úthlutaðs kennslumagns samkvæmt viðmiðunarstundaskrá sem og til þess sem horfir til þess aðbúnaðar sem þær krefjast hvort sem er í húsnæði eða tækjakosti. Lykilatriði er að kallaðir verði til fulltrúar kennara og stjórnenda í grunnskólum borgarinnar þegar kemur að innleiðingarferli tillagnanna, enda þar á ferð það fagfólk sem ber ábyrgð á því að stýra því aukna vægi sem ætlað er að ná fram í áætluninni.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er grundvallarforsenda nýrrar menntastefnu borgarinnar að vinna með styrkleika barna og ungmenna í fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi og auka áherslu á tiltekna hæfnipætti sem ýta undir alhliða þroska og menntun þeirra. Sköpun er einn af þessum forgangspáttum og fram á við litið er ásetningur okkar að auka vægi list- og verknáms í

daglegu starfi. Með þeim aðgerðum sem hér eru samþykktar er lagður grunnur að sókn á þessu sviði, með auknu kennslumagni í list- og verkgreinum, úrbótum á aðstöðu í skólunum og öflugra samstarfi við listamenn, fagfélög og atvinnulífið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins telur að það þurfi að gera miklu betur þegar kemur að auknu vægi list- og verknáms í grunnskólum og hefði borgin átt að setja þennan málaflökk í forgang fyrir löngu þegar kemur að útteilingu fjármagns. Eins og staðan er í dag þá er vægi list- og verknáms mjög misjafnt eftir skólum sem er óásættanlegt. Ljóst er að börn sitja ekki við sama borð í þessum efnum og er það alvarlegt. Lengi vel hefur verið kallað eftir auknu vali á t.d. fjölbreyttum verkgreinum en einnig síðustu ár ekki síður list- og menningargreinum. Börn eru eins misjöfn og þau eru mörg og er mikilvægt að mæta áhuga og þörfum þeirra á öllum sviðum. Því fjölbreyttari sem valkostirnir eru því betra. Eins og staðan er núna fá þau börn sem þurfa aðlagða námskrá ef til vill eitthvað val en það á ekki að þurfa að vera skilyrði. Hér er líðan barna, sjálfstraust og sjálfsmat í húfi. Flokkur fólksins skorar á skóla- og frístundaráð að beita sér af þunga í þessum málum þannig að staðan verði ekki bara viðunandi heldur fullnægjandi.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Málmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingar,

Viðreisnar Pírata og Vinstri grænna

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 9. apríl 2018

Skýrsla um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur 2015/2018

Skýrsla um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2015

Innleiðingarátætlun, dags. september 2018

Málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

Áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur er samþykkt og vísað til fjárhagsáætlunargerðar skóla- og frístundasviðs 2019.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 9. apríl 2018
SFS2015020048
136. fundur
HG/sb

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Skil skýrslu starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur

Á 67. fundi skóla- og frístundaráðs þann 15. október 2014 samþykkti skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar) að fela sviðsstjóra að stofna starfshóp sem hafi það hlutverk að leggja fram tillögur um hvernig megi auka vægi starfs- list- og verknáms í grunnskólum borgarinnar. Starfshópur var stofnaður í byrjun árs 2015. Hópurinn var skipaður fjölda utanaðkomandi aðila með mikla þekkingu og reynslu á þessu sviði.

Skýrslan sem nú er lögð fram í skóla- og frístundaráði var unnin á grundvelli vinnu og gagna starfshópsins og geymir helstu niðurstöður starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur. Í skýrslunni eru tillögur að áherslum og verkefnum, getið um kannanir sem gerðar voru og niðurstöður þeirra, kynningar sem fram fóru og aðgerðir sem farið var í á tímabilinu, auk fylgiskjala og heimildalista. Heildarniðurstöður könnunar er að finna í sérriti. Samantekt og gerð skýrslunnar var í höndum deildarstjóra listfræðslu á skóla- og frístundasviði. Listteymi skóla- og frístundasviðs var beðið að skoða lýsingar á einstökum verkefnum frá starfshópnum og vinna ábendingar með tilliti til þess sem unnist hefði frá þeim tíma sem liðinn var frá því að hópurinn lauk störfum.

Umræðan og áhuginn á málaflokknum á starfstíma hópsins og í kjölfar hans varð til þess að margar af tillögum hópsins komust til framkvæmda. Þannig var tekin saman skýrsla um starfsemi Mixtúru (þá Myndvers) þar sem lögð var til veruleg styrking starfseminnar. Menningartengiliðum var boðið til samráðs- og fræðslufunda og áfram var haldið að safna saman og bæta mat á menningarþátttöku. Í fylgiskjali með þessari skýrslu er að finna minnisblað sem sett var fram sem svar við fyrirspurn í skóla- og frístundaráði árið 2016 þar sem sett er fram ítarlegt yfirlit yfir hópa og aðgerðir sem miðuðu að auknu vægi þessara greina í starfinu. Minnisblaðið er þó ekki tæmandi og þar er tekið fram að sóknarfærin eru mikil í þessum málaflokki.

Mikilvægt er líka að taka fram að starfshópur leggur áherslu á að tækifæri barna og ungmenna í borginni séu jöfn og því er í tillögunum lögð áhersla á formgerða samvinnu og skipulag í verkefnum.

Tækifæri á sviði lista, tækni, verknáms og starfsnáms eiga að vera jöfn um alla borgina. Meðfylgjandi eru tillögur að áhersluverkefnum á næstu misserum sem byggja á vinnu starfshópsins og úrvinnslu listteymis skóla- og frístundasviðs.

Tillögur um áhersluverkefni á grundvelli skýrslu starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur

Aukið kennslumagn – aukin fjölbreytni

Vinna þarf skipulega að því að skólar geti mætt kröfum aðalnámskrár um kennslumagn í list- og verkgreinum. Eftirfylgni og stuðningur getur verið með fjölbreyttum hætti.

Samræmd talning – vönduð yfirsýn

Skapa þarf grunn að sameiginlegum skilningi allra skóla á því hvernig megi með samræmdum hætti gera grein fyrir kennslu og kennslumagni þar sem þverfagleg nálgun, val og samþætting af ýmsum toga er viðhöfð.

Samráðsvettvangur list- og verkgreinakennara

Stuðlað verði að gróskumiklu samstarfi list- og verkgreinakennara með því að móta og styrkja enn frekar samráðsvettvang þeirra til þess að vinna gegn einangrun og efla þá í starfi.

Samráðningar

Mikilvægt er að fundin sé leið til að gera samráðningar starfsstaða á einstökum list- og verkgreinakennurum mögulegar ef ekki er hægt að bjóða viðeigandi stöðuhlutfall fyrir viðkomandi kennara í einum skóla.

Bætt aðstaða – fjölbreytt tækifæri

Tryggja þarf að vinnuumhverfi, aðstaða, efni og búnaður sé góður og geri kennurum kleift að sinna kennslu samkvæmt námskrá.

Efling Mixtúru

Símenntun og tækifæri til að prófa nýjungar er lykilatriði þegar kemur að því að auka vægi þessara greina á 21.öldinni. Efla þarf Mixtúru sem miðstöð sem gegnir lykilhlutverki í þjónustu við starfsstöðvar SFS þegar kemur að kynningu og þjálfun á nýtingu nýrrar tækni með áherslu á sköpun.

Samnýting

Mörg kennslurými list- og verkgreina eru vel útbúnar sérstofur. Taka þarf af skarið og móta umhverfi samnýtingar fyrir hópa barna og unglunga í starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Fjölbreytni

Grunnhugmyndir að baki tilboða til starfsstöðva um skemmri aðkomu utanaðkomandi fagmanna gætu verið vænleg leið að því marki að styðja starfið á starfsstöðvum og auka fjölbreytni. Sjá nánari lýsingu á framkvæmd haustbúða í skýrslu starfshópsins.

Samstarf um starfskynningar

Markviss og reglubundin starfskynning í ætt við hugmyndir starfshópsins um „Viku atvinnulífsins“ gæti, ef vel væri haldið um taumana, verið mjög mikilvægur vettvangur til að opna sýn ungmenna á fjölbreytta möguleika í námi og starfi. Sjá lýsingu í skýrslu starfshóps.

„Lista- og menningarnámskrá Reykjavíkur“ – jöfn tækifæri

Gert verði yfirlit yfir þau verkefni lista- og menningarstofnana í Reykjavík sem grunnskólanemendum stendur til boða að taka þátt í. Skapa þarf börnum jöfn tækifæri til að heimsækja menningarstofnanir þannig að þær verði eðlilegur þáttur í skóla- og frístundastarfi. Skoða þarf hvort auka megi fjárheimildir til aksturs og annars tilkostnaðar við heimsóknir skóla, sérstaklega þeirra skóla sem liggja illa við almenningssamgöngum.



Áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur



Áherslur og tillögur starfshópsins - brot úr fyrri skýrslu

Mikill samhljómur reyndist vera á tillögum starfshópsins annars vegar um hvernig mætti efla starfs-, list- og verknám og hins vegar svörum og athugasemdum fagmanna í könnuninni sem unnin var fyrir starfshópinn.

Í stórum dráttum þá þarf að fara í átak og leggja fé í aðstöðu, búnað og efniskaup vegna list-, verk – og starfsnáms í skólum. Fjölga þarf símenntunartilboðum fyrir fagfólk. Endurskoða þarf miðlægar stýringar á tölvum og hugbúnaði þeirra. Skapa þarf samstarfsvettvang milli starfsstaða um fjölbreytt val ungmenna og formgera samstarf við framhaldsskóla vegna þess. Auka þarf fjölbreytni þess náms á vettvangi framhaldsskólanna sem hægt er að taka eða fá metið, þannig að það tilboð geti nýst öllum þeim ungmennum sem þess óska.

Áherslur og tillögur starfshópsins eru settar fram í 3 meginþáttum hér fyrir neðan. Einnig er í skýrslunni að finna annars konar yfirlit yfir hugmyndir hópsins um framkvæmdaratriði sem heyra þá undir mismunandi þætti hér fyrir neðan.

1. Stefnumótun og framkvæmd:

- 1.1 Tryggja með markvissum hætti að skólastjórar hafi tækifæri til að bjóða öllum nemendum þá fjölbreytni í list- og verkgreinum sem gert er ráð fyrir í aðalnámsskrá.
- 1.2 Móta heildstæða stefnu um stuðning við listiðkun barna og unglinga í borginni með gerð samstarfssamninga við lykilaðila í huga.
- 1.3 Móta stefnu um búnað vegna verk-, tækni- og listgreina og viðhald hans auk efniskostnaðar.
- 1.4 Styðja þróunarverkefni í list og verkgreinakennslu.

2. Samvinna:

- 2.1. Skólar innan sama skólahverfis geti sameinast um kennara sem í greinum sem ekki fylla stundaskrá.
- 2.2. Vinna að sterki samvinnu starfsstöðva SFS við listamenn, söfn og menningarstofnanir með þátttöku nemenda í menningarlífinu að leiðarljósi.
- 2.3. Hvetja til víðtækara samstarfs grunnskóla og þeirra framhaldsskóla sem standa fremstir í verkgreinum.
- 2.4. Stuðla að formlegu og virku samstarfi við atvinnulífið, foreldra og Vinnuskóla Reykjavíkur til eflingar starfskynninga í skólum.

3. Aðgengi:

- 3.1. Skoða þarf hvort hægt er að bjóða skólum aðstoð við skipulag þátttöku í menningarviðburðum, nýsköpunarverkefnum og öðrum verkefnum sem örva sköpunarkraft barna og ungmenna.
- 3.2. SFS styðji fjölbreyttar listbúðir/verkbúðir sem verði í boði á öllum aldurstigum grunnskólanna.
- 3.3. Eflid verði starfsemi Mixtúru með áherslu aukið hlutverk á sviði innleiðingar og notkunar nýrrar tækni og á sviði símenntunar.

Tillögur um aðgerðir og áætlun um kostnað

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata

Sviðsstjóra er falið að vinna áætlun um innleiðingu tillagna sem koma fram í minnisblaði sviðsstjóra, dags. 9. apríl 2018, og unnar er upp úr skýrslu starfshóps um aukið vægi starfs- list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur. Áætlunin feli í sér kostnaðarmat og áfangaskiptingu og verði lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 23. maí 2018.

Ekki náðist að vinna og leggja fram tillögur á fyrirhuguðum tíma. Tillögur starfshópsins voru endurmetnar af listteymi SFS og sviðsstjóra og eru settar fram að teknu tilliti til stöðu og aðgerða í málafloknum undanfarin misseri.

Áætlun þessi geymir yfirlit yfir þær aðgerðir sem lagt er til að farið sé í á næstu árum, útfærslu, tímasetningar, ábyrðarsvið og ábyrðar- og samstarfsaðila. Ekki er gerð áætlun um innleiðingu allra tillagna hópsins. Áætlun um kostnað nær til 2019, 2020. Árið 2018 er þó haft inni því að vinna við þær getur hafist fljótt. Tölur í töflum eru áætlaður heildarkostnaður á ári.

Ekki er áætlað fjármagn fyrir þær tillögur sem rúmast innan núverandi fjárhagsramma SFS. Kostnaður sem tilgreindur er í skýringum og rúmast innan fjárhagsramma SFS er því þar settur fram aðeins til glöggvunar. Sumar tillögur kosta aðeins vinnuframlag þeirra sem koma að málafloknum hjá SFS og skapa því ekki viðbótarkostnað.

Í töflum er tilgreint viðbótarfjármagn við nokkrar tillögur. Gert er ráð fyrir að þeim viðbótarkostnaði verði mætt með hagræðingu innan sviðsins. Sumar kostnaðartölur eru gróf áætlun enda eiga þær eftir að mótast af vilja nemenda og starfsmanna og hvernig gengur að hagræða fyrir þessum verkefnum. Þannig verður stakkur verkefnanna sniðinn að fjármögnun hverju sinni. Kostnaðartölur tengdar endurnýjun aðstöðu og búnaðar eru fengnar úr skýrslu sem USK og SFS hafa gert um aðstöðu og búnaði í grunnskólum. Tekið skal fram að þær brýnu aðgerðir eru einskíptiskostnaður.

Áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur 2018

1 Samræmd talning – vönduð yfirsýn:

1. Samræmd talning – vönduð yfirsýn: kennslumagn í list- og verkgreinum í Rvk			
Tillaga starfshóps	Kostn. 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Skapa þarf grunn að sameiginlegum skilningi allra skóla á því hvernig megi með samræmdum hætti gera grein fyrir kennslu og kennslumagni þar sem þverfagleg nálgun, val og samþætting af ýmsum toga er viðhöfð á sviði list- og verkgreina.	0	0	0
	0	0	0

Hvenær: Skólarárið 2018-2019

Svið: SFS

Ábyrgðaraðili: Fagskrifstofa SFS

Samstarf: Fulltrúar valinna grunnskóla, TOR, listteymi SFS

Aðgerð 1.1 : Samræma talningu kennslustunda í list- og verkgreinum.

Skýrsla Hagstofunnar um kennslumagn í list- og verkgreinum í grunnskólum Reykjavíkur bendir til misræmis í talningu þessara stunda. Ákveða þarf hvernig menningarheimsóknir úr og í skóla, samkomur á sal, smiðjur með Myndlistaskólanum og öðrum, Dans fyrir alla, Barnamenningarhátíðarverkefni starfsstaða og fleiri verkefni eru taldar til.

Nánari skýringar: Aflað verður upplýsinga úr skólum hvernig talningu stunda hafi verið háttáð. Fulltrúar grunnskóla með mikið kennslumagn á sviði list- og verkgreina og hins vegar þeirra sem teljast með lítið kennslumagn verða fengnir til samstarfs. Bornar verða saman aðferðir við talningu og lærdómur dreginn sem borinn er undir stjórnendahópinn. Markmiðið er að skapa þekkingargrunn og samræmda sýn þannig að fram geti farið áreiðanleg talning kennslumagns m.t.t. til þessara greina innan Reykjavíkur.

2 Samráðsvettvangur list- og verkgreinakennara:

2. Samráðsvettvangur list- og verkgreinakennara			
Tillaga starfshóps	Kostn. 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Stuðlað verði að gróskumiklu samstarfi list- og verkgreinakennara með því að móta og styrkja enn frekar samráðsvettvang þeirra til þess að vinna gegn einangrun og efla þá í starfi.	0	0	0
	0	0	0

Hvenær: Skólarárið 2018, 2019, 2020**Svið:** SFS**Ábyrgðaraðili:** Listteymi SFS, UT teymi SFS og Mixtúra**Samstarf:** Fulltrúar kennara og aðrir sérfræðingar**Aðgerð 2.1 : Haust- og vorblót list- og verkgreinakennara**

Haldin verði opin haust- og vorblót list- og verkgreinakennara og annarra áhugasamra fagaðila þar sem mest áhersla er á kynningu nýrra hugmynda og tækifæra.

Nánari skýringar: Þegar hafa verið haldin haust- og vorblót nokkrum sinnum fyrir list- og verkgreinakennara, menningartengiliði og aðra áhugasama og hefur hljómgrunnur verið góður. Vettvangurinn hefur verið nýttur til að bjóða upp á smiðjur og fræðsluerindi um nýjar hugmyndir og tækifæri í list- og verkgreinakennslu. Ráðgert er taka upp samstarf við Iðuna, félög listamanna, Menntavísindasvið HÍ, LHÍ og önnur sveitarfélög. Hvert blót hefur kostað um 300 þ.kr. og rúmast verkefnið innan fjárhagsramma SFS.

Aðgerð 2.2 : Endurmenntun á vegum Mixtúru

Nánari skýringar: Með stórauðnum tilboðum Mixtúru á sviði endurmenntunar list- og verkgreinakennslu skapast svigrúm til að bregðast við óskum af vettvangi. Mest reynsla er komin af verkefnum með grunnskólakennurum en efla þarf þjónustu við leikskóla og frístundastarf. Árlegur kostnaður er um 2 m.kr. Vinnuframlag starfsmanna SFS er nýtt en verkefnið er fjármagnað með framlagi úr endurmenntunarsjóðum.

Aðgerð 2.3 : Aukin jafningjafræðsla

Nánari skýringar: Fordæmi hefur skapast fyrir því í skóla- og frístundastarfi að deila verkefnum og framkvæmd á jafningjamótum. Æskilegt er að skapa slíkan vettvang fyrir list- og verkgreinakennara. Kostnaður er vegna húsnæðis og veitinga þar sem mót standa að jafnaði í nokkra klukkutíma, 10-100 þ.kr. hverju sinni og rúmast þetta innan fjárhagsramma SFS.

Áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur 2018

3 Samráðningar:

3. Samráðningar			
Tillaga starfshóps	Kostn. 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Mikilvægt er að fundin sé leið til að gera samráðningar starfsstaða á einstökum list- og verkgreinakennurum mögulegar ef ekki er hægt að bjóða viðeigandi stöðuhlutfall fyrir viðkomandi kennara í einum skóla.	0	0	0
	0	0	0

Hvenær: Skólaárið 2019-2020

Svið: SFS

Ábyrgðaraðili: Fagskrifstofa SFS

Samstarf: Mannauðsskrifstofa SFS, stjórnendur grunnskóla

Aðferð 3.1 : Sameiginlegar auglýsingar og samráðningar.

Í mörgum grunnskólum tekst ekki að manna stöður í list- og verkgreinum með grunnskólakennurum með tilskilin réttindi eða þá að nemendafjöldi er slíkur að ekki er hægt að ráða í fullar stöður. Skapa þarf aðstæður sem hvetja til þess að grunnskólar sameinist um auglýsingu og ráðningu list- og verkgreinakennara í fullar stöður en fylli ekki upp í stöðuhlutfallið í einum skóla með annarri kennslu. Þannig nýtist sérhæfing og sérþekking betur.

Nánari skýringar: Mannauðsdeild SFS mótar tillögur að aðferð. Aðferðin verði kynnt stjórnendum grunnskóla í upphafi árs 2019 og miðað að því að beita henni við auglýsingar starfa og ráðningar ef tækifæri gefst vegna skólaársins 2019-2020.

Samráðning er í fljótu bragði séð ekki kostnaðaraukandi. Því er í áætlun ekki gert ráð fyrir viðbótarfjármagni í þennan lið.

Áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi 2018
starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur

4 Aukið kennslumagn – aukin fjölbreytni:

4 Aukið kennslumagn á sviði list- og verkgreina – aukin fjölbreytni			
Tillaga starfshóps	Kostn. 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Vinna þarf skipulega að því að skólar geti mætt kröfum aðalnámskrár um kennslumagn í list- og verkgreinum. Eftirfylgni og stuðningur getur verið með fjölbreyttum hætti s.s. fjölbreyttar Haustbúðir/Vorbúðir.	0	5.000.000	5.000.000
Sérstakir styrkir í boði vegna stórra samþættingarverkefna (í anda Biophiliu) þar sem list- og verkgreinar, samfélagsgreinar og vísindi fléttast saman. Efla þarf og læra í framhaldi af Biophiliu.	0	6.000.000	6.000.000
Grunnhugmyndir að baki tilboða til starfsstöðva um skemmri aðkomu utanaðkomandi fagmanna gætu verið vænleg leið að því marki að styðja starfið á starfsstöðvum og auka fjölbreytni.		1.500.000	1.500.000
	0	12.500.000	12.500.000

Hvenær: 2019 og 2020

Svið: SFS

Ábyrgðaraðili: Fagskrifstofa SFS

Samstarf: Nýsköpunarmiðja menntamála SFS, Listteymi og UT-teymi SFS

Aðgerð 4.1 : Haustbúðir

Í haustbúðum gefst skólum tækifæri til að senda nemendahópa í verkefni utan skóla í sérútbúnum aðstæðum sem henta til fjölbreyttari list- og verkgreinakennslu en grunnskólar geta öllu jöfnu boðið upp á. Tilraun var gerð með þetta verkefni haustið 2015 og gafst vel (sjá nánar skýrslu starfshópsins). Gengið er út frá því að haustsmiðjur komi til viðbótar þeirri lágmarkskennslu sem tilgreind er í viðmiðunarstundaskrá.

Nánari skýringar: Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að hægt væri að bjóða fjölbreyttar Haustbúðir/Vorbúðir inn á öll stig grunnskólans á sviði list-, verk- og tæknitengdra greina með áherslu á sköpun auk reynslu af ýmsum sviðum atvinnulífsins. Þar sem viðfangsefni eru mismunandi þá er á stundum aðeins hægt að bjóða hálfum bekkjum í haustbúðir en í öðrum er hægt að bjóða heilum árgöngum. Dæmi um þetta er til dæmis bakstur í atvinnumannaeldhúsi og danssmiðja. Búðir sem reyndar voru árið 2015 voru mismunandi að lengd, sumar stuttar og aðrar margir dagar og framkvæmdar með misstórum nemendahópum (sjá nánari lýsingu á framkvæmd haustbúða í skýrslu starfshópsins). Samningur við Myndlistaskólann í Reykjavík hefur verið endurskoðaður og stóraukið framlag fer nú til samstarfsverkefna með leikskólum og grunnskólum. Skólinn hefur til marga ára þróað aðkomu að starfinu með börnum og ungmennum í „búða“-formi. Aukningin mætir þörfum og áhuga í nútíð og náninni framtíð varðandi myndmenntakennslu. Mikilvægt er að nýta þessa reynslu til þess að stíga fram á fleiri sviðum list- og verkgreina.

Augljóslega er hægt að framkvæma svona verkefna á bæði smáum og stórum skala. Áætlunin gerir ráð fyrir ákveðnu lágmarki. Fyrir 5 milljónir væri hægt að kaupa um 500 stundir og greiða hluta af akstri og tilfallandi búnaði. Búðir geta verið á bilinu 2 - 20 hver. Að sjálfsögðu er hægt að framkvæma mun meira fyrir meira fjármagn. Í könnunum á vegum starfshópsins kom fram sérstakur áhugi meðal stjórnenda grunnskóla á meira tónlistarnámi fyrir börn auk tækifæra til einfaldrar forritunar. Þessar áherslur þarf að hafa í huga við framkvæmdina. Heildarkostnaður miðað við þetta upplegg er 5 m.kr. og er áætlað að hagræða innan ramma SFS fyrir þessu verkefni.

Aðgerð 4.2 : Langtímaþróunarverkefni

Settur verði upp þróunarsjóður sem styrki langtímaþróunarverkefni (3-5 ára) í list-, verk- og tæknigreinum þar sem list- og verkgreinar og vísindi fléttast saman með sérstakri áherslu á fjölþætta og þverfaglega nálgun í samstarfi við fagfólk innan og utan skólakerfisins.

Nánari skýringar: Reykjavíkurborg leiddi net norrænna kennara og fræðimanna sem byggðu nálgun sína á Biophiliu-verkefninu. Mikil og dýrmæt reynsla skapaðist. Byggja þarf á þeirri reynslu og skapa vettvang og svigrúm til að hæfir aðilar úr mörgum áttum geti tekið saman höndum þvert á viðfangsefni og skapað nýjar leiðir í mótun námsferla og upplifunar. Móta þarf almenn viðmið um slík verkefni: snið þeirra, framkvæmd og sýnileika. Hér er reiknað með þátttöku 10 skóla, 3 kennarar sem sinna verkefninu í 4 tíma á viku í 8 vikur. Heildarkostnaður að lágmarki 6 m.kr. á ári og er áætlað að hagræða innan ramma SFS fyrir þessu verkefni.

Aðgerð 4.3 : Sérfræðingur í hús

Hægt verði að sækja um stuðning til að kaupa sérfróða aðila inn á starfsstaði með fyrirlestra, innkomu í kennslu, til meta verkefni eða fullvinna með nemendum. Aðgengilegir verði 3-5 aðilar hverju sinni á vegum SFS með mismunandi sérhæfni á sviði vísinda, lista eða ákveðinna atvinnugreina.

Nánari skýringar: Grunnhugmynd að baki tilboða til starfsstöðva um skemmri aðkomu utanaðkomandi fagmanna er sú að styðja starfið á starfsstöðvum og auka fjölbreytni. SFS setji á fót breytilegt teymi sérfróðra aðila og þjónustu þeirra kynnt skólum sem geta til þeirra leitað vegna verkefna, nýjunga eða samþættingar. Mögulegur farvegur fyrir aðkomu slíkra sérhæfðra utanaðkomandi aðila væri í gegnum Nýsköpunarmiðju menntamála á vegum SFS í samstarfi við Iðuna, félög listamanna, Menntavísindasvið HÍ og LHÍ. Markmiðið væri að tengjast vísindum og rannsóknum, sköpun og framleiðslu, tækni og lausnum á sem flestum sviðum. Heildarkostnaður 1,5 m.kr. og er áætlað að hagræða innan ramma SFS fyrir þessu verkefni.

Aðgerð 4.4 : Framhaldsskólaáfangar í list- og verkgreinum

Samstarf verði tekið upp við framhaldsskóla um námstilboð fyrir ungmenni þannig að grunnskólanemendum standi til boða að sækja framhaldsskólaáfanga í list-, verk og tæknigreinum.

Nánari skýringar: Mikilvægt er að kortleggja og kynna möguleika ungmenna á vali og töku áfanga á vettvangi framhaldsskóla á sviði list-, verk- og tæknigreina. Slíkt þekkist í sumum skólum en ekki öðrum og jöfnun tækifæra hér meginviðfangsefni. Upp hafa komið álitamál um greiðslur fyrir áfanga af þessu tagi og skýra þarf leikreglur til að af þessu geti orðið með gagnvart öllum sem það kjósa. Ekki er því að fullu ljóst hver kostnaður getur verið og hvers hann er. Kostnaður við þetta verkefni er óljós þar sem ekki er frágengið hvar kostnaður við þessa þátttöku fellur.

Aðgerð 4.5. Nemendur hafi áhrif á valið

Æskilegt er að auka þátt unglunga í ákvarðanatöku um það hvaða valkostir gefist á vali t.d. valgreinum á unglingastigi. Enginn kostnaður fylgir þessu verkefni.

Aðgerð 4.6. Samstarf um valáfanga

Mikilvægt er að víkka möguleika unglunga um fjölbreytt val á unglingastigi með samstarfi um sértæk tilboð á sviði starfs-,list- og verknáms. Hvatt verði til þess að nágrannaskólar sameinist um framboð valgreina til að stuðla að því að valfög sem færri kjósa falli ekki út. Mikilvægt er að kynna þetta verkefni snemma árs t.d. með tilliti til framboðs valgreina og stundatöflugerðar. Enginn kostnaður fylgir þessu verkefni.

Áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur 2018

5 Bætt aðstaða – fjölbreytt tækifæri:

5 Bætt aðstaða – fjölbreytt tækifæri			
Tillaga starfshóps	Kostn. 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Tryggja þarf að vinnuumhverfi, aðstaða, efni og búnaður sé góður og geri kennurum kleift að sinna kennslu samkvæmt námskrá.	Er í farvegi	Er í farvegi	Er í farvegi

Hvenær: 2018, 2019, 2020

Svið: SFS

Ábyrgðaraðili: Sviðsstjóri SFS

Samstarf: SFS og USK

Að undanfögnu hefur SFS og USK tekið saman upplýsingar um nauðsynlegar úrbætur á húsnæði og búnaði grunnskóla. Tillögur og fjárhæðir taka mið af þeim upplýsingum hvað varðar búnað til list- og verkgreinakennslu.

Aðgerð 5.1 : Skjávarpar og hljóðkerfi

Allar list- og verkgreinastofur verði búnar skjávarpa, tjaldi og hljóðkerfi, eins og aðrar stofur.

Nánari skýringar: Keypt verða inn tæki til að jafna aðstöðu innan skóla og milli þeirra. Úttekt á sérgreinastofum sýnir að þær hafa víða orðið útundan þegar kemur að þessari aðstöðu til kennslu.

Aðgerð 5.2 : Endurbætur á sérgreinastofum

Sérhæfður búnaður sérgreinastofa sem vantar verði byggður upp í skrefum samkvæmt niðurstöðu úttektar og áætlunar í kjölfar hennar.

Aðgerð 5.2 : Smíðastofur og kennslueldhús í 14 skólum.

Aðgerð 5.3 : Almennar umbætur í 19 sérgreinastofum.

Aðgerð 5.4 : Almennan búnaður í 6 tónmenntastofur

Nánari skýringar: Aðstöðukönnun til kennslu list- og verkgreina leiddi í ljós að aðstaðan var mjög mismunandi. Afar mikilvægt er að jafna þennan aðstöðumun kennara og barna.

Aðgerð 5.5 : Tölvur, snjalltæki og hugbúnaður

Borgaryfirvöld hafa samþykkt stefnu í upplýsingatækni fyrir SFS. Til þess að stefnan nái fram að ganga er mikilvægt að tryggja nægan búnað fyrir nemendur svo UT tækni nýtist í kennslu list-, verk og tæknigreina. Mat á búnaðarþörf liggur ekki fyrir en vitað er að hún er ólík milli skóla. Því er ekki hægt að gera kostnaðaráætlun.

Áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur 2018

6 Samnýting:

6 Samnýting			
Tillaga starfshóps	Kostn. 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Vel útbúnað sérstofur verði samnýttar - grunnskóli og frístundastarf	0	sjá skiptingu í texta	sjá skiptingu í texta
	0	4.500.000	4.500.000

Hvenær: Skólaárið 2018-2019

Svið: SFS

Ábyrgðaraðili: Fagskrifstofa SFS

Samstarf: Grunnskólar og frístundamiðstöðvar

Aðgerð 6.1 : Kennarar fræða starfsfólk frístundar

Mikilvægt er að starfsfólk frístundar geti nýtt list- og verkgreinastofur grunnskólanna í starfi með börnunum. Við samnýtingu er skilyrði að umgengni sé góð og fyrir liggja hvaða efni og áhöld er hægt að samnýta og hvað ekki. Tillagan gengur út á að kennarar haldi námskeið fyrir starfsfólk frístundar sem væri að samnýta list- og verkgreinastofur með þeim.

Nánari skýringar: Samnýting á sérbúnum rýmum grunnskólanna er þegar nokkur. Ein helsta hindrun sem nefnd hefur verið fyrir samnýtingu er að starfsfólk sem kemur að slíkum rýmum kunnir ekki á umgengni við þann búnað sem þar er. Miðað er við sérgreinakennari kenni umgengni, notkun tækja og áhalda í þeirri sérgreinastofu sem hann kennir í. Ætlaðir eru tveir tímar, hjá þremur kennurum í öllum grunnskólum borgarinnar til þessarar kennslu. Áætlað má um 1,5 mkr. á ári í kostnað vegna þessa námskeiðahalds og er áætlað að hagræða innan ramma SFS fyrir þessu verkefni.

Aðgerð 6.2 : Efnis- og búnaðarkostnaður vegna samnýtingar

Nánari skýringar: Sett verði af stað skipulagt samstarf um nýtingu sem flestra sérútbúinna rýma á nýjum grunni í a.m.k. þremur grunnskólum. Hindrun fyrir samnýtingu er m.a. að efniviður er ekki til skiptanna vegna naumra fjárveitinga til grunnskóla auk þess eru minni tæki og áhöld oft of fá. Þá skiptir miklu máli að geta stýrt aðgengi að sumum efnum og áhöldum t.d. með læstum hirslum.

Hér er gert ráð fyrir styðjandi viðbót við sameiginleg efnis- og búnaðarkaup og aðgangsstýringu. Ekki er gert ráð fyrir að allir aðilar á vettvangi taki upp slíkt samstarf vegna í einu veffangi, heldur er um hóflegan stuðning að ræða við nokkra aðila sem væru tilbúnir að stíga skrefið til fulls. Áætlaðar eru 3 m.kr. árið 2019 og 3.m.kr. árið 2020 og er áætlað að hagræða innan ramma SFS fyrir þessu verkefni.

Áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur 2018

7 Efling Mixtúru:

7 Efling Mixtúru			
Tillaga starfshóps	Kostn: 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Símenntun og tækifæri til að prófa nýjungar er lykilatriði þegar kemur að því að auka vægi þessara greina á 21.öldinni. Efla þarf Mixtúru sem miðstöð sem gegnir lykilhlutverki í þjónustu við starfsstöðvar SFS þegar kemur að kynningu og þjálfun á nýtingu nýrrar tækni með áherslu á sköpun.	0	0	0
	0	0	0

Hvenær: 2018,2019,2020

Svið: SFS

Ábyrgðaraðili: Fagskrifstofa SFS, Mixtúra og Nýsköpunarmiðstöð menntamála

Samstarf: Starfsstöðvar SFS

Ekki er gert ráð fyrir fjármagni eða tilteknum aðgerðum vegna þessara tillagna í ljósi aðgerða hjá SFS á síðustu misserum. Tillagan er þó látin standa hér til að minna á þá sýn sem margir hafa um þörf fyrir stuðning við vettvang.

Búnaðarbanki Mixtúru hefur tekið á sig mynd undanfarið og er nú kynntur sem slíkur. Útlán eru mikil og áhugi sívaxandi. Fjölgun UT ráðgjafa á skrifstofu SFS undir Nýsköpunarmiðju menntamála á síðustu vikum er í anda tillagnanna og styrkir starf Mixtúru enn frekar.

Áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi 2018
starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur

8 Samstarf um starfskynningar:

8 Samstarf um starfskynningar			
Tillaga starfshóps	Kostn. 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Markviss og reglubundin starfskynning í ætt við hugmyndir starfshópsins um „Viku atvinnulífsins“ getur, ef vel er haldið um taumana, verið mjög mikilvægur vettvangur til að opna sýn ungmenna á fjölbreytta möguleika í námi og starfi. Sjá lýsingu í skýrslu starfshóps.	0	0	0
	0	0	0

Hvenær: 2019 og 2020

Svið: SFS

Ábyrgðaraðili: Fagskrifstofa SFS

Samstarf: Samtök atvinnulífsins og fræðslustofnanir iðnaðarins

Aðgerð 8.1 : Vika atvinnulífsins

Unnið verði að tilraunaframkvæmd á „Viku atvinnulífsins“ vorið 2019.

Nánari skýringar: Markviss og reglubundin starfskynning í ætt við hugmyndir starfshópsins um „Viku atvinnulífsins“ getur opnað sýn ungmenna á fjölbreytta möguleika í námi og starfi (sjá lýsingu í skýrslu starfshóps). Nemendur í 9. bekk unglingsdeilda hafa sótt sýningu iðnaðarins á vegum SFS og hefur verkefnið gefist vel. Kostnaður vegna rútuferð á sýningu iðnaðarins hefur verið 1 m.kr. og rúmast sá kostnaður innan fjárheimilda SFS. Kostnaður vegna „Viku atvinnulífsins“ er óljós og ræðst mikið af framlagi þeirra sem taka þátt í verkefninu.

Aðgerð 8.2. : Starfskynningar

Hvatt verði með markvissum hætti til þess að störf og atvinnulíf almennt séu til umræðu í skólastarfi og yngri börn fái kynningar/heimsóknir frá foreldrum til að kynna tækifæri og viðfangsefni úr atvinnulífinu.

Nánari skýringar: Stofnaður verði starfshópur með námsráðgjöfum um það hvernig auka megi starfskynningar í skólastarfi. Ekki er gert ráð fyrir að um sé að ræða viðbótarkostnað vegna þessarar aðgerðar.

Aðgerð 8.3 : Innblástur úr atvinnulífinu

SFS leiti samstarfs við samtök atvinnulífsins um að valdir aðilar úr atvinnulífinu taki að sér það verkefni að hitta skólahópa og veita innsýn í starfsumhverfi sitt og verkefni. Þannig fái nemendur innblástur úr atvinnulífinu. Einnig er hægt að skoða gerð minni myndbanda með starfskynningar í huga t.d. í tengslum við sýningar á kvikmyndum í Bíó Paradís.

Áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur 2018

Nánari skýringar: Fengnir eru 4-5 aðilar á hverju ári til að halda allt að 10 erindi fyrir skólahópa um störf sín - áhersla á listir, tækni/iðn og sköpun. Ekki er gert ráð fyrir að um sé að ræða viðbótarkostnað vegna þessarar aðgerðar.

9 a og b „Lista- og menningarnámskrá Reykjavíkur“ – jöfn tækifæri:

9a „Lista- og menningarnámskrá Reykjavíkur“ – jöfn tækifæri (tvær tillögur)			
Tillaga starfshóps	Kostn: 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Gert verði yfirlit yfir þau verkefni lista- og menningarstofnana í Reykjavík sem grunnskólanemendum stendur til boða að taka þátt í.	0	0	0
	0	0	0

9b „Lista- og menningarnámskrá Reykjavíkur“ – jöfn tækifæri (tvær tillögur)			
Tillaga starfshóps	Kostn: 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Skapa þarf börnum jöfn tækifæri til að heimsækja menningarstofnanir þannig að þær verði eðlilegur þáttur í skóla- og frístundastarfi. Skoða þarf hvort auka megi fjárheimildir til aksturs og annars tilkostnaðar við heimsóknir skóla, sérstaklega þeirra skóla sem liggja illa við almenningssamgöngum.	0	Hægt að byrja með smáum skrefum eða taka stærri	Hægt að byrja með smáum skrefum eða taka stærri
	0	10.000.000	10.000.000

Hvenær: 2019 og 2020

Svið: SFS

Ábyrgðaraðili: Fagskrifstofa SFS og listteymi SFS

Samstarf: MOF, UTD o.fl.

Aðgerð 9a-1: Kynning á vef

Í vinnslu er vefur þar sem sett verða inn þau tilboð menningarstofnana sem standa til boða hverju sinni. Ætlunin er að sá vettvangur gefi starfsstöðvum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru. Kynna þarf vefinn, halda utan um innsetningu gagna í upphafi, og notendakynning gagnvart vettvangi.

Nánari skýringar: Byggt er á grunni sem notaður er af fristund.is. Skoða þarf hvernig haldið er utan um frístundavefinn því það er vinna að viðhalda og uppfæra og minna á innsetningu á hverju ári. Sækja þarf fjármagn í þróunarsjóð UTD til að fara í grunnvinnu og viðhalda vefnum. Að öðru leyti yrði vefnum sinnt af starfsfólki SFS. Ekki er gert ráð fyrir að um sé að ræða viðbótarkostnað vegna þessarar aðgerðar fyrir utan það sem sótt er um í þróunarsjóð UTD.

Aðgerð 9a-2: Nýting tilboða

Gerð samantekt um nýtingu skóla og frístundar á tilboðum á sviði menningar, lista og vísinda, bæði vegna heimsókna út fyrir skólann og móttöku utanaðkomandi aðila innan

skólans. Niðurstöður verði nýttar til að greina þátttöku einstaka skóla og finna leiðir til að auka þátttöku skóla og frístundar.

Nánari skýringar: Talning starfsstaða 2015 gaf yfirsýn yfir sókn með börnum og ungmennum á menningarviðburði og fjölda viðburða inni á starfsstöðum og dreifingu þeirra. Unnin verða viðmið um nýtingu tilboða í samráði við skólastjórnendur og list- og verkgreinakennara í því skyni að stuðla að aukinni og markvissari nýtingu á þeim tilboðum sem börnunum standa til boða í borginni og stuðla þannig að markvissri þátttöku allra barna í list- og menningarstarfi í Reykjavík. að skilgreina lágmarkspátttöku hvers barns/ungmennis upp að 16 ára aldri. Enginn viðbótarkostnaður hlýst af þessari aðgerð.

Aðgerð 9b-1: Akstur á menningarviðburði

Jafna þarf aðgengi að viðburðum og sýningum. Allir skólar geta fengið strætókort fyrir nemendahópa. Tiltæknar hamlanir eru þó varðandi ferðatíma og stærð hópa. Sumir aðilar bjóða skólum upp á akstur á viðburðinn til og frá skóla, t.d. Leikfélag Reykjavíkur. Til þess að stuðla að jöfnun tækifæra og aukinni nýtingu skóla þarf að tryggja fjármagn í akstur í menningarferðir skóla, sérstaklega þeirra sem verst liggja við almenningssamgöngum.

Nánari skýringar: Mikilvægt að útfæra lausnina og viðmiðin í samráði við fólk á vettvangi. Greina þarf vandann og finna flöskuhálsana. Áætlað er að 10 m.kr á ári, dugi til að tryggja öllum árgöngum grunnskólans eina ferð á ári og er áætlaða að hagræða innan ramma SFS fyrir þessu verkefni.

Áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur

2018

Samantekt

1. Samræmd talning – vönduð yfirsýn: kennslumagn í list- og verkgreinum í Rvk			
Tillaga starfshóps	Kostn: 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Skapa þarf grunn að sameiginlegum skilningi allra skóla á því hvernig megi með samræmdum hætti gera grein fyrir kennslu og kennslumagni þar sem þverfagleg nálgun, val og samþætting af ýmsum toga er viðhöfð á sviði list- og verkgreina.	0	0	0
	0	0	0

2. Samráðsvettvangur list- og verkgreinakennara			
Tillaga starfshóps	Kostn: 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Stuðlað verði að gróskumiklu samstarfi list- og verkgreinakennara með því að móta og styrkja enn frekar samráðsvettvang þeirra til þess að vinna gegn einangrun og efla þá í starfi.	0	0	0
	0	0	0

3. Samráðningar			
Tillaga starfshóps	Kostn: 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Mikilvægt er að fundin sé leið til að gera samráðningar starfsstaða á einstökum list- og verkgreinakennurum mögulegar ef ekki er hægt að bjóða viðeigandi stöðuhlutfall fyrir viðkomandi kennara í einum skóla.	0	0	0
	0	0	0

4 Aukið kennslumagn á sviði list- og verkgreina – aukin fjölbreytni			
Tillaga starfshóps	Kostn. 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Vinna þarf skipulega að því að skólar geti mætt kröfum aðalnámskrár um kennslumagn í list- og verkgreinum. Eftirfylgni og stuðningur getur verið með fjölbreyttum hætti s.s. fjölbreyttar Haustbúðir/Vorbúðir.	0	5.000.000	5.000.000
Sérstakir styrkir í boði vegna stórra samþættingarverkefna (í anda Biophiliu) þar sem list- og verkgreinar, samfélagsgreinar og vísindi fléttast saman. Efla þarf og læra í framhaldi af Biophiliu.	0	6.000.000	6.000.000
Grunnhugmyndir að baki tilboða til starfsstöðva um skemmri aðkomu utanaðkomandi fagmanna gætu verið vænleg leið að því marki að styðja starfið á starfsstöðvum og auka fjölbreytni.		1.500.000	1.500.000
	0	12.500.000	12.500.000

5 Bætt aðstaða – fjölbreytt tækifæri			
Tillaga starfshóps	Kostn: 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Tryggja þarf að vinnuumhverfi, aðstaða, efni og búnaður sé góður og geri kennurum kleift að sinna kennslu samkvæmt námskrá.	Er í farvegi	Er í farvegi	Er í farvegi

Áætlun um innleiðingu tillagna starfshóps um aukið vægi 2018
starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur

6 Samnýting			
Tillaga starfshóps	Kostn: 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Vel útbúnað sérstofur verði samnýttar - grunnskóli og frístundastarf	0	sjá skiptingu í texta	sjá skiptingu í texta
	0	4.500.000	4.500.000

7 Efling Mixtúru			
Tillaga starfshóps	Kostn: 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Símenntun og tækifæri til að prófa nýjungar er lykilatriði þegar kemur að því að auka vægi þessara greina á 21.öldinni. Efla þarf Mixtúru sem miðstöð sem gegnir lykilhlutverki í þjónustu við starfsstöðvar SFS þegar kemur að kynningu og þjálfun á nýtingu nýrrar tækni með áherslu á sköpun.	0	0	0
	0	0	0

8 Samstarf um starfskynningar			
Tillaga starfshóps	Kostn: 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Markviss og reglubundin starfskynning í ætt við hugmyndir starfshópsins um „Viku atvinnulífsins“ getur, ef vel er haldið um taumana, verið mjög mikilvægur vettvangur til að opna sýn ungmenna á fjölbreytta möguleika í námi og starfi. Sjá lýsingu í skýrslu starfshóps.	0	0	0
	0	0	0

9a „Lista- og menningarnámskrá Reykjavíkur“ – jöfn tækifæri (tvær tillögur)			
Tillaga starfshóps	Kostn: 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Gert verði yfirlit yfir þau verkefni lista- og menningarstofnana í Reykjavík sem grunnskólanemendum stendur til boða að taka þátt í.	0	0	0
	0	0	0

9b „Lista- og menningarnámskrá Reykjavíkur“ – jöfn tækifæri (tvær tillögur)			
Tillaga starfshóps	Kostn: 2018	Kostn. 2019	Kostn. 2020
Skapa þarf börnum jöfn tækifæri til að heimsækja menningarstofnanir þannig að þær verði eðlilegur þáttur í skóla- og frístundastarfi. Skoða þarf hvort auka megi fjárheimildir til aksturs og annars tilkostnaðar við heimsóknir skóla, sérstaklega þeirra skóla sem liggja illa við almenningssamgöngum.	0	Hægt að byrja með smáum skrefum eða taka stærri	Hægt að byrja með smáum skrefum eða taka stærri
	0	10.000.000	10.000.000

Aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur

Niðurstöður könnunar vorið 2015

Könnunin var hluti af starfi starfshóps um aukið vægi
starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur

Ásgeir Björgvinsson
Febrúar 2018



Innihald

Tílefni, útsending og svörun	2
List – og verkgreinakennarar	3
Bakgrunnur	3
Búnaður og aðstaða	6
Stuðningur og samstarf	9
Tækniþekking – og notkun	11
Skólastjórar	14
Stuðningur og viðhorf til list – og verkgreinakennara	14
Val nemenda	15
Búnaður og aðstaða	15
Náms - og starfskynningar	17
Tækniþekking – og notkun	18
Forstöðumenn í frístundastarfi	21
Bakgrunnur	21
Búnaður og aðstaða	22
Stuðningur og samstarf	27
Tækniþekking – og notkun	29
Endurmenntun	30
Samantekt	32
List – og verkgreinakennarar	32
Skólastjórar	32
Forstöðumenn í frístundastarfi	32

Tilefni, útsending og svörun

Starfshópur um aukið vægi starfs-,list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur var stofnaður skömmu eftir áramót 2015 að tilhlutan skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur og var honum ætlað að kanna hver staðan væri í grunnskólum borgarinnar – sjá erindisbréf í skýrslu starfshópsins.

Netkönnun var send á alla list – og verkgreinakennara í borgarreknu grunnskólunum í apríl og maí 2015. Af 219 kennurum svöruðu 144 og svörun því tæp 66%.

Netkönnun var send á alla skólastjóra í borgarreknu og sjálfstætt starfandi grunnskólunum í apríl og maí 2015. Af 43 skólastjórum svöruðu 33 og svörun því 75%.

Netkönnun var send á alla forstöðumenn í félagsmiðstöðvum, frístundaklúbbum og frístundaheimilum í maí og júní 2015. Af 66 forstöðumönnum svaraði 41 og svörun því 62%.

Hér fyrir neðan eru raktar helstu niðurstöður kannananna og í lokin má finna stutta samantekt.

Þessi skýrsla eru hluti af skýrslu starfshóps frá 2015 um aukið vægi starfs-, list – og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur.

List – og verkgreinakennarar

Bakgrunnur

Af þeim 127 sem svara spurningu um hvaða námsgreinar þeir kenna innan list – og verkgreina þá eru eru myndmennt og textílmennt þær greinar sem sverendur kenna helst. Niðurstöður spurningarinnar eru í töflu 1. Af þessum hópi eru 10 sem kenna 2 fög og 2 sem kenna 3 fög.

Tafla 1 - Hvaða list - og verkgreinar kennir þú (Má merkja við fleira en eina námsgrein)?

Námsgrein	Tíðni
Myndmennt	38
Textílmennt	37
Heimilisfræði	24
Hönnun og smíði	22
Tónmennt	13
Leiklist	7
Dans	1
Samtals	141

Í töflu 2 má sjá hvaða aðrar námsgreinar en list – og verkgreinar, sverendur kenna¹. Oftast eru þeir einnig umsjónarkennarar og næst oftast kenna þeir einnig íþróttir og/eða sund. Sumir kennaranna kenna líka aðrar list – og verkgreinar en þær sem sjást í töflu 1, t.d. glerlist og ljósmyndun.

Tafla 2 - Ef þú ert að kenna aðrar námsgreinar, hvaða námsgreinar eru það?

Námsgrein	Tíðni
Umsjónarkennari	9
Íþróttir/sund	8
Íslenska	7
Stærðfræði	7
Samfélagsfræði	6
Erlend tungumál	6

Í töflu 3 sést að kennararnir eru langflestir í 100% starfi.

Tafla 3 - Hvert er starfshlutfall þitt?

Starfshlutfall	Tíðni	Hlutfall
Meira en 100% starf	1	1%
100% starf	105	76%
51-99% starf	21	15%

¹ Í töflu 2 er bara getið þeirra námsgreina sem 6 eða fleiri kenna.

Hálft starf	9	7%
Minna en hálft starf	2	1%
Samtals	138	100%

Meira en þriðjungur svarenda kennir í 26-30 tíma á viku sem list – og verkgreinakennarar eins og sést í töflu 4. Um 6% kenna meira en 30 tíma á viku.

Tafla 4 - Hversu margar kennslustundir kennir þú á viku sem list - og verkgreinakennari?

Tímafjöldi	Tíðni	Hlutfall
Yfir 30 tímar	8	6%
26-30 tímar	46	36%
21-25 tímar	24	19%
11-20 tímar	30	23%
1-10 tímar	21	16%
Samtals	129	100%

Sú fagmenntun sem kennararnir hafa sést í töflu 5². Oftast hafa þeir kennaramenntun með textíl sem valgrein og þar á eftir kemur kennaramenntun með myndlist sem valgrein. Algengt er að sami einstaklingur hafi fleiri en eina fagmenntun.

Tafla 5 - Fagmenntun svarenda.

Fagmenntun	Tíðni
Kennari með textíl sem valgrein	27
Kennari með myndlist sem valgrein	18
Kennsluréttindi	16
Kennaramenntun	13
Kennari með smíði/handavinnu sem valgrein	8
Tónmenntakennari (KHÍ/LHÍ/Tónlistarsk í Reykjavík)	8
Myndlist	6
Heimilisfræðikennari	6

Gamli Kennaraháskólinn sem í dag er Menntavísindasvið Háskóla Íslands, er lang oftast nefndur sem sá skóli sem svarendur fengu sína fagmenntun í líkt og tafla 6 sýnir³. Hluti svarenda hefur lokið námi við fleiri en einn háskóla.

² Í töflu 5 er bara getið þeirrar fagmenntunar sem 6 eða fleiri hafa.

³ Í töflu 6 er bara getið þeirra skóla sem 6 eða fleiri fengu sína fagmenntun í.

Tafla 6 - Skóli sem svarendur fengu sína fagmenntun í.


Skóli	Tíðni
K.H.Í./Menntavísindasvið H.Í.	68
Erlendur skóli/háskóli	18
Myndlista - og handíðaskóli Íslands	17
Listaháskóli Íslands	13

Nánast allir kennararnir hafa kennsluréttindi á grunnskólastigi eða 98% og 75% finnst kennslufræðileg áhersla hafa verið nægjanleg í sínu námi. Af þeim 33 sem segja að ekki hafa verið nægjanleg kennslufræðileg áhersla í sínu námi, eru 14 sem útskýra í hverju það fólst. Hér er helst nefnt að meira hefði mátt vera um verknám og æfingakennslu, meira hefði þurft að fjalla um margbreytileika nemendahópsins og að kennslufræðin hefði mátt vera meira sérhæfð fyrir list – og verkgreinar.

Búnaður og aðstaða

Niðurstöður fullyrðinga um tækjabúnað til kennslu í list – og verkgreinum er á mynd 1⁴. Af fullyrðingunum fjórum eru kennararnir helst *sammála* því að ástand tækja til kennslu í list – og verkgreinum sé gott. Þetta er þó bara rétt rúmur helmingur svarenda, eða 51%. Af fullyrðingunum fjórum eru fæstir *sammála* því að endurnýjun tækja sé regluleg eða 28%. Séu svör skoðuð eftir námsgreinum sést að kennarar í heimilisfræði og textílmennt eru heilt yfir meira *sammála* fullyrðingum um tækjabúnaðinn en hinir þrír hóparnir.

Mynd 1. Tækjabúnaður í list - og verkgreinum, hlutfall sem er *sammála*.




Tæplega 60 kennarar gera frekari grein fyrir stöðu tækjabúnaðar í sínum skóla. Um helmingur þeirra telur að tæki til kennslu séu orðin gömul og léleg, að tæki vanti og að auka þurfi fjármagn til tækjakaupa í sinni grein. Minni hópur segir tækjastöðuna viðunandi eða góða. Þá segja nokkrir frá því að list – og verkgreinar mæti afgangi í sínum skóla þegar kemur að tækjabúnaði.

Í fullyrðingum um tölvu – og tæknibúnað til kennslu í list – og verkgreinum eru kennarar helst *sammála* því að ástand tölvu – og tæknibúnaðar sé gott. Þetta er samt innan við helmingur svarenda eða 48%. Síst eru kennarar *sammála* því að nýr hugbúnaður sé keyptur/sóttur eftir þörfum eða 27%. Kennarar í leiklist, myndmennt og textílmennt eru almennt ánægðari með tölvu – og tæknibúnaðinn en hinir tveir hóparnir. Niðurstöðurnar eru á mynd 2.

⁴ Svarendur gátu svarað fullyrðingum á Likert-skalanum þar sem svarmöguleikarnir eru *mjög sammála*, *frekar sammála*, *hvorki né*, *frekar ósammála* og *mjög ósammála*. Á mynd 1 eru þeir sem merktu við *mjög* eða *frekar sammála* teknir saman í *sammála*. Sama á við um samskonar myndir í skýrslunni. Á myndinni eru sýnd gildi fyrir „alla“ (feitiletrað) og svo þá hópa faggreinakennara sem hafa hæsta gildi annarsvegar og lægsta gildi hinsvegar í hverri fullyrðingu. Á myndinni og samskonar myndum í skýrslunni er ekki gerð sérstaklega grein fyrir niðurstöðum kennara í annarsvegar leiklist og hinsvegar dansi því þeir eru of fáir. Niðurstöður þeirra eru hinsvegar hluti af niðurstöðum „allra“.


Mynd 2. Tölvu - og tæknibúnaður í list - og verkgreinum, hlutfall sem er *sammála*.



Í könnuninni gera rúmlega 40 kennarar frekari athugasemdir varðandi tölvu - og tæknibúnað. Þar er mest áberandi að svarendur segi tölvur vanta fyrir sína kennslu og að þær séu gamlar og hægar. Vöntun á skjávörpum nefna sumir og einnig að það hamli kennslunni að miðstýring sé á því hvaða forritum kennarar geti hlaðið niður í tölvurnar. Þá finnst sumum að list – og verkgreinar séu aukastærð í sínum skóla hvað tölvu – og tæknibúnað varðar. Í svörununum er einnig hópur sem segir að ástand tölva og tæknibúnaðar sé gott eða viðunandi.


Niðurstöður fullyrðinga um kennslurými til kennslu í list – og verkgreinum eru á mynd 3. Af fullyrðingunum þremur eru kennararnir helst *sammála* því að aðstaða í kennslurými til kennslu í list – og verkgreinum sé góð. Síst eru kennarar *sammála* því að staðsetning kennslurýmis sé góð til samstarfs við aðrar kennslugreinar. Kennarar í leiklist eru almennt ánægðari með kennslurýmin en hinir hóparnir.

Mynd 3. Kennslurými til kennslu í list - og verkgreinum, hlutfall sem er *sammála*.



Af þeim rúmlega 40 kennurum sem tjá sig frekar um kennslurými vegna list – og verkgreina er algengast að þeir kvarti yfir plássleysi. Önnur algeng umkvörtunarefni eru óheppilegar staðsetningar rýma, t.d. vegna samvinnu við aðrar námsgreinar og kennara, sem og úr sér gengin rými. Ákveðnum hópi svarenda finnst hinsvegar rýmin sem þeir kenna í góð eða viðunandi.

Um tveimur af hverjum þremur finnst svigrúm sitt til efniskaupa vera *gott*⁵ eins og sést á mynd 4. Tónmenntakennurum finnst svigrúmið mun verra miðað við hina kennarahópana.



Um 61% alls hópsins segja að þeir hafi aðgang að fjölbreyttu námsefni til kennslunnar en 39% segja svo ekki vera. Lítil munur er hér á kennarahópunum. Af þeim kennurum sem telja sig ekki hafa aðgang að fjölbreyttu námsefni eru 17 sem gera frekar grein fyrir svari sínu. Þar segja þeir helst að of lítið námsefni komi frá Námsgagnastofnun og því búi kennararnir sjálfir til efni. Þá finna kennararnir kennsluefni og verkefni á netinu.


Rúmlega 40 kennarar koma með frekari athugasemdir um námsefni í list – og verkgreinum. Mest er ítrekað að meira þyrfti að vera til af námsefni á íslensku í tilteknum greinum og þá líka á netinu. Aftur kemur fram að margir útbúi og þrói sitt eigið námsefni og til þess nota margir efni á netinu, ekki síst erlent. Gallinn við þetta sé t.d. að leit að hentugum verkefnum sé tímafrek en kostur sé að í námsefnisleitinni og þróuninni felist einnig mikið frelsi.

⁵ Á mynd 4 eru þeir sem merktu við *mjög* eða *frekar gott* teknir saman. Aðrir svarmöguleikar skv. Likert-kvarðanum eru *hvorki né, frekar lélegt* og *mjög lélegt*.

Stuðningur og samstarf


Í fullyrðingum um stuðning frá skólastjórnendum og öðrum til að sinna starfi sínu og verkefnum eru rúmlega tveir af hverjum þremur *sammála* því að þeir fái almennt mikinn stuðning frá annarsvegar öðrum list – og verkgreinakennurum (70%) og hinsvegar frá skólastjórnendum (68%) til að sinna verkefnum. Færri finnst þeir fá almennt fá mikinn stuðning frá kennurum/samstarfsfólki. Kennarar í hönnun og smíði annarsvegar og tónmennt hinsvegar upplifa minni stuðning frá öðrum í sínum skóla miðað við hina list – og verkgreinahópana. Niðurstöðurnar eru á mynd 5.

Mynd 5. List - og verkgreinakennarar fá almennt mikinn stuðning frá..., (hlutfall sem er *sammála*).



Í fullyrðingum er snúa sérstaklega að stuðningi frá skólastjórnendum eru 81% *sammála* því að þeir geta borið upp óskir sínar við stjórnendur varðandi kennslu í list – og verkgreinum. U.þ.b. helmingi færri eru hinsvegar *sammála* því að þeir fái tilhliðranir í t.d. stundaskrá, ef þeir óski þess við stjórnendur. Niðurstöðurnar, sem eru á mynd 6, sýna einnig að heilt yfir upplifa flestir kennarahóparnir svipaðan stuðning nema tónmenntakennarar sem upplifa minnstan stuðning af hópunum fimm.

Mynd 6. Stuðningur frá skólastjórnendum, hlutfall sem er *sammála*.



Um 30 kennarar svöruðu opinni spurningu um stuðning í starfinu. Oftast nefna þeir að stjórnendur og aðrir í skólanum séu jákvæðir gagnvart list – og verkgreinum í skólanum, sýni greinunum áhuga og veiti stuðning. Sumir sögðu viðmótið almennt jákvætt en hinsvegar skorti á að stuðningurinn skili sér t.d. í nægjanlegu fjármagni frá stjórnendum. Nokkrir kvarta yfir þekkingarleysi stjórnenda og annarra í skólanum á list – og verkgreinum sem stundum einangrar list – og verkgreinakennara í starfi.


Um 84% svarenda segja að í þeirra skólum sé þverfaglegt samstarf aðeins í stærri verkefnum eða þemum nokkrum sinnum á ári, frekar en að þverfaglegt samstarf sé almenn nálgun í námi og kennslu skólans. Hið síðarnefnda er mat einungis 16% kennaranna. Tæplega 20 kennarar bættu við athugasemdum um þverfaglega kennslu og þverfaglegt samstarf. Helst segja þeir frá því að almennt sé áhugi fyrir slíkum verkefnum en ekki sé alltaf auðvelt að koma því við, bæði vegna tímaskorts og vegna þessa að uppbrot á starfinu getur valdið auknu álagi sem starfið þolir tæpast. Þá sé tilhneiging til að gera list – og verkgreinarnar að viðbót við hinar hefðbundnu greinar í slíku samstarfi frekar en að greinarnar hafi jafnt vægi.

Um 67% kennara segja *mjög eða frekar lítið* samstarf á milli list – og verkgreinakennara innan síns skólahverfis og enn fleiri segja samstarfið *mjög eða frekar lítið* á milli list – og verkgreinakennara í Reykjavíkurborg allri. Einungis 5-7% segja samstarfið *mjög eða frekar mikið*⁶.

Meira en 50 kennarar svöruðu opinni spurningu um hvaða kosti þeir sæju í öflugu samstarfi list – og verkgreinakennara innan síns borgarhluta eða borgarinnar allrar. Kostirnir sem þeir nefna helst eru betri möguleikar til að útbúa hugmyndabanka að verkefnum, almennur faglegur stuðningur, skipti á reynslusögum, betri árangur kennara og nemenda, meira val nemenda á milli skóla, fjölbreyttari kennsluhættir og samræming námsmats. Þá nefna nokkrir að vegna þess hversu list – og verkgreinakennarar eru oft einangraðir í sínu starfi innan síns skóla, sæju þeir helsta kostinn við meira samstarf vera andlegan stuðning. Nokkrir svarenda hafa vonda reynslu af slíku samstarfi því það hafi engu skilað.

Á mynd 7 má sjá afstöðu kennara gagnvart fullyrðingum um viðhorf til list – og verkgreinakennslu annarsvegar og einangrunar list – og verkfræðikennara hinsvegar. Langflestir eru *sammála* því að almennt sé jákvætt viðhorf til list – og verkgreinakennslu innan síns skólans en á sama tíma eru einnig 64% sem segja að list – og verkgreinakennarar séu almennt einangraðir í starfi sínu innan skólans. Lítil munur er á milli hópa í þessum tveimur fullyrðingum.

Mynd 7. Viðhorf og samstarf, hlutfall sem er *sammála*.




⁶ E

Tækniþekking – og notkun


Langflestir eða um 81% eru *sammála* því að list – og verkgreinakennarar í sínum skóla hafi almennt góða tækniþekkingu eins og sést á mynd 8. Hinsvegar finnst innan við helmingi svarenda að í skólastarfinu sé nægilegur sveigjanleiki til að innleiða nýja tækniþekkingu í kennslu. Heilt yfir eru kennarar í hönnun og smíði og textílmennt helst *sammála* fullyrðingunum þremur.

Mynd 8. Tækni í kennslu: Þekking, áhugi og sveigjanleiki, hlutfall sem er *sammála*.



List – og verkgreinakennarar nota *lítið* þá tækni sem spurt var um í könnuninni og sést á mynd 9⁷. Sú tækni sem flestir merktu við að nota *mikið* er hönnun með aðstoð hugbúnaðar eða 9%. Enginn sagðist hinsvegar nota þrívíddarprentara mikið.

Mynd 9. Tækni í kennslu.



⁷ Á mynd 9 eru þeir sem merktu við *mjög* eða *frekar mikið* teknir saman annarsvegar og þeir sem merktu við *frekar* eða *mjög lítið* teknir saman hinsvegar. Einnig var svarmöguleikinn *hvorki né*.

Um 40 kennarar svöruðu því í opinni spurningu hvort þeir nýttu einhver önnur tæki/tækni eða nýjar kennsluaðferðir reglulega í kennslu sinni. Oftast nefna þeir tölvur, spjaldtölvur, skjávarpa og netið. Nokkrir segjast sífellt vera að prófa nýja hluti í kennslunni en aðrir segja að þeir hafi lítinn eða engan aðgang að hinu ýmsu tækjum.

Endurmenntun

Aðeins fleiri svarendum í könnuninni telja sig hafa nægileg tækifæri til endurmenntunar sem list – og verkgreinakennarar en þeim sem finnst það ekki, eins og sjá má í töflu 7.

Tafla 7 - Telur þú þig hafa nægileg tækifæri til endurmenntunar í þínu starfi sem list - og verkgreinakennari?

	Tíðni	Hlutfall
Já	64	53%
Nei	56	47%
	120	100%

Hlutfall kennara í myndmennt sem telja sig hafa nægileg tækifæri til endurmenntunar er 66% en á bilinu 41-52% hjá kennurum í heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmennt.

25 kennarar af 56 gera frekari grein fyrir því að þeir telja sig ekki hafa nægileg tækifæri til endurmenntunar. Oftast segja þeir ástæðuna vera vöntun á áhugaverðum og gagnlegum námskeiðum. Þar næst segja þeir dýrt að endurmennta sig, kostnaðurinn falli að öllu eða mestu leyti á þá sjálfa ólíkt því sem er með endurmenntun almennra kennara. Þá sé oft sú endurmenntun sem í boði er fyrst og fremst hugsuð fyrir almenna kennara.

Kennararnir voru beðnir að raða í mikilvægisröð sex þáttum sem þeir myndu hugsanlega vilja leggja áherslu á í endurmenntun sinni á næstu misserum. Í fyrsta sæti áttu svarendur að setja þann þátt sem þeir vilja leggja mesta áherslu á, í annað sæti þann þátt sem þeir vilja leggja næstmesta áherslu á o.s.frv. Þetta þýðir að lág tala fyrir tiltekinn þátt þýðir að margir settu þann þátt í efstu sætin hjá sér. Niðurstöðuna má sjá í töflu 8 en þar sést í hvaða sæti svarendur röðuðu þáttunum og síðan meðaltölin fyrir hvern þátt. *Nýjungar í faginu* er sá þáttur sem er með lægsta meðaltalið (2,1) og því sá þáttur sem svarendur að meðaltali vilja helst endurmennta sig í, næstflestir setja þáttinn í fyrsta sæti og flestir í annað sæti. Flestir setja *frekari þjálfun í faginu* í fyrsta sæti en hinsvegar lendir þátturinn í fjórða sæti heilt yfir með meðaltalið 3,5. Fæstir setja *formlegt nám til háskólagráðu* ofarlega á listann hjá sér, þannig endar þátturinn næst 6. sætinu með meðaltalið 5,3.

Tafla 8 – Endurmenntun í mikilvægisröð (1 – 6. sæti).

Endurmenntun	1. sæti	2. sæti	3. sæti	4. sæti	5. sæti	6. sæti	Meðaltal
Nýjungar í faginu	31%	32%	9%	10%	15%	4%	2,1
Tæki/tækni/hugbúnaður	11%	24%	25%	15%	22%	3%	2,8
Kennsluhættir	5%	22%	20%	36%	12%	5%	3,3
Frekari þjálfun í faginu	33%	12%	19%	3%	28%	5%	3,5
Kennslufræði	8%	7%	26%	36%	16%	6%	4,1
Formlegt nám til háskólagráðu	12%	3%	1%	0%	7%	77%	5,3

Kennararnir svöruðu því í opinni spurningu hvort þeir vilja leggja áherslu á eitthvað annað en þá þætti sem koma fram í töflu 8 og nýttu 20 þeirra sér þann möguleika. Engir þættir skáru sig úr en nefna má að þeir nefna að auka þyrfti framboð námskeiða, áhersla ætti að vera á tækni – og hugbúnaðarnotkun, bjóða þyrfti upp á námskeið til að mæta nemendum með erfiða hegðun og mælt er með námskeiðum sem skipulögð eru af t.d. af félagi myndmenntakennara annarsvegar og tónmenntakennarafélaginu hins vegar.


Skólastjórar

Netkönnun var send á alla skólastjóra í borgarreknu og sjálfstætt starfandi grunnskólunum í apríl og maí 2015. Af 43 skólastjórum svöruðu 33 og svörun því 75%.

Stuðningur og viðhorf til list – og verkgreinakennara

Á mynd 10 má sjá svör stjórnenda vegna sjö fullyrðinga um stuðning og viðhorf til list – og verkgreinakennara í sínum skóla. Á efstu súlunni sést að allir stjórnendur eru *sammála*⁸ því að list – og verkgreinakennarar geti af sérstöku tilefni eða við sérstakar aðstæður fengið fjármuni til innkaupa vegna kennslu í list – og verkgreinum. Af fullyrðingum sjö eru skólastjórar helst *ósammála* því að það ríki jafnvægi í áherslum á mikilvægi bóklegra námsgreina og list – og verkgreina í sínum skóla.

Mynd 10. List - og verkgreinakennarar...



Þegar niðurstöður á mynd 10 eru bornar saman við mynd 5 sést að næstum allir skólastjórar segja list – og verkgreinakennara fá mikinn stuðning frá skólastjórum en 68% kennarana sjálfra eru sama sinnis. Um 79% skólastjóra segja að list – og verkgreinakennarar fái almennt mikinn stuðning í starfi frá kennurum og öðru samstarfsfólki en 45% list – og verkgreinakennara eru á sama máli.


⁸ Líkt og hjá kennurunum gátu skólastjórar svarað fullyrðingum á Likert-skalanum þar sem svarmöguleikarnir eru *mjög sammála*, *frekar sammála*, *hvorki né*, *frekar ósammála* og *mjög ósammála*. Á mynd 10 eru þeir sem merktu við *mjög* eða *frekar sammála* teknir saman í *sammála*. Sama á við um samskonar myndir í skýrslunni.

Val nemenda

Rúmur helmingur stjórnenda telur *mikla* þörf á að bjóða öllum nemendum upp á fleiri list – og verkgreinar sem val annarsvegar og nánast jafnmargir segja *mikinn* áhuga vera til staðar innan síns skóla á því að bjóða öllum nemendum upp á fleiri námsgreinar sem val í list – og verkgreinum, hinsvegar. Í báðum tilvikum finnst um þriðjungi skólastjóra þörfina eða áhuginn vera *í meðallagi*.

Skólastjórar voru spurðir að því hverjar ættu að vera áherslurnar ef verið væri að bjóða öllum nemendum upp á fleiri list – og verkgreinar. Niðurstöðurnar eru á mynd 11⁹ og merkja flestir eða 21 skólastjóri við tónlist og næstflestir við forritun. Annað sem skólastjórar nefna og ekki er á myndinni er hönnun, nýsköpun, skapandi skrif, margmiðlun, keramik, glerlist, þrykk, skartgripagerð og vélar/viðgerðir.


Mynd 11. Ef þú telur þörf á því í skólanum að bjóða öllum nemendum upp á fleiri list - og verkgreinar sem val, hverjar væru áherslurnar?



Búnaður og aðstaða

Niðurstöður fullyrðinga um tækjabúnað til kennslu í list – og verkgreinum eru á mynd 12. Af fullyrðingunum fjórum eru flestir, eða u.þ.b. tveir af hverjum þremur *sammála* þeim fullyrðingum að viðhald tækja sé reglulegt og að fjöldi tækja sé nægilegur. Næstum helmingi færri eru *sammála* því að endurnýjun tækja sé regluleg.

Mynd 12. Tækjabúnaður til kennslu í list - og verkgreinum.




⁹ Merkja mátti við fleiri einn svarmöguleika.

Sé mynd 12 borin saman við svör list – og verkgreinakennara á mynd 1 má sjá að skólastjórar eru ánægðari með tækjabúnaðinn en kennararnir í öllum fjórum fullyrðingunum. Mestu munar í fullyrðingunni um viðhald tækja eða 24 prósentustigum.

Skólastjórar gátu komið með athugasemdir um tækjabúnaðinn í sínum skóla og nýttu 10 sér það. Þeir koma t.d. inn á að fjármagn vanti til tækjakaupa, að aðstaða til smíðakennslu sé slæm og til að fjölga list – og verkgreinum þurfi að bæta búnað. Einnig eru skólastjórar sem segja að aðstaða til list – og verkgreinakennslu í sínum skóla sé góð.

Í fullyrðingum um tölvu – og tæknibúnað til kennslu í list – og verkgreinum finnst næstum 70% skólastjóra ástand tölvu – og tæknibúnaðar gott en af fullyrðingunum fjórum finnst fæstum eða 37% að fjöldi þessara tækja sé nægilegur. Niðurstöðurnar eru á mynd 13.

Mynd 13. Tölvu - og tæknibúnaður til kennslu í list - og verkgreinum.




Sé mynd 13 borin saman við svör list – og verkgreinakennara á mynd 2 má sjá að skólastjórar eru ánægðari með tölvu – og tæknibúnaðinn en kennararnir í öllum fjórum fullyrðingunum. Mestu munar í fullyrðingunni um að nýr hugbúnaður sé keyptur/sóttur eftir þörfum eða 28 prósentustigum.

Fáir stjórnendur komu með athugasemdir um tölvu – og tæknibúnaðinn í sínum skóla eða 6. Helst er minnst á hluti sem þeim finnst vanta í þeirra skóla, t.d. skjávarpa, spjaldtölvur og smart-töflur. Sumir segja sinn skóla lítið skorta í þessum málum.

Náms - og starfskynningar

Mynd 14 sýnir eftir aldurstigum fjölda þeirra skóla þar sem boðið er upp á þætti er tengjast náms – og starfskynningum. Heilt yfir er langalgengast að nemendum á unglिंगastigi sé boðið upp á kynningar tengdu námi og starfi, miðað við yngri stigin tvö.

Mynd 14. Fjöldi skóla eftir stigum sem býður upp á eftirfarandi:




Í þeim skólum þar sem nemendum er boðið upp á náms – og starfskynningar, gera stjórnendur grein fyrir því í opnu svari með hvaða hætti kynningarnar fara fram. Töluvert er um að nemendur heimsæki fyrirtæki og stofnanir og einnig að þeir heimsæki framhaldsskóla. Nemendur fara einnig á sameiginlegar kynningar framhaldsskólanna. Náms – og starfskynningar fara stundum fram í gegnum áfanga eins og val og lífsleikni í t.d. 9. – 10. bekk. Í þessu samhengi segir einn svarenda að samstarfið fari fram í gegnum GERT-verkefnið. Oft eru það námsráðgjafar sem skipuleggja náms – og starfskynningar fyrir nemendum, stundum í samvinnu við kennara. Einnig er eitthvað um að foreldrar kynni störf sín fyrir nemendum og jafnvel að nemendur heimsæki vinnustaði foreldrana.

Skólastjórar voru spurðir að því hvort þeim fyndist ástæða til að styðja við framkvæmd náms – og starfskynninga í skólanum, s.s. með tæknilegum stuðningi, og svöruðu 17 spurningunni. Næstum allir þessara voru jákvæðir gagnvart hugmyndinni, t.d. svo auðvelt væri að sjá hvað sé í boði og til að koma til móts við þá nemendur sem kalla eftir meiri fjölbreytileika í námi.

Á mynd 15 má sjá afstöðu skólastjóra gagnvart fullyrðingum um samstarf í þeim skólum sem þeir stjórna.

Mynd 15. Samstarf innan skólans.




Sé mynd 16 borin saman við svör list – og verkgreinakennara á mynd 7 má sjá að á meðan allir skólastjórar eru þeirrar skoðunar að almennt sé jákvætt viðhorf til list – og verkgreinakennslu í sínum skóla er hlutfallið 83% hjá list – og verkgreinakennurunum sjálfum. Um 1 af hverjum 5 skólastjórum er *sammála* því að list – og verkgreinakennarar ættu að vinna meira saman í skipulagningu náms – og kennslu t.d. með teymisvinnu. Hlutfallið er hinsvegar þrisvar sinnum hærra hjá list – og verkgreinakennurunum. Um 1 af hverjum 5 skólastjórum er þeirrar skoðunar að list – og verkgreinakennarar séu almennt einangraðir í starfi innan sína skóla en hlutfallið er meira en þrefalt hærra hjá list – og verkgreinakennurunum sjálfum.

Tækniþekking – og notkun

Langflestir stjórnendur eru þeirrar skoðunar að list – og verkgreinakennarar hafi almennt góða tækniþekkingu og að í skólanum sé áhugi og sveigjanleiki til að nýta og innleiða tækniþekkingu í kennslu. Niðurstöður um tækni í kennslu má sjá á mynd 16.

Mynd 16. Tækni í kennslu: þekking, áhugi og sveigjanleiki.




Sé mynd 16 borin saman við svör list – og verkgreinakennara á mynd 8 má sjá að skólustjórar líta jákvæðari augum á tækniþekkingu – og áhuga í kennslu en list – og verkgreinakennarar í öllum þremur fullyrðingunum þremur. Mestu munar í fullyrðingunni um að í skólanum sé nægilegur sveigjanleiki til að nýta nýja tækniþekkingu í kennslu, eða 35 prósentustigum.

Stjórnendur sem stjórna skólum án unglingadeilda áttu ekki að svara fleiri spurningum. Hinir voru spurðir að því hvort þeirra skóli sé í samstarfi við einhverja framhaldsskóla vegna list – og verkgreina eða vegna starfstengds náms nemenda. Af 24 sem svara spurningunni segja 12 að svo sé en hinir 12 segja það ekki vera.

Stjórnendur sem svöruðu spurningunni um samstarf við framhaldsskóla játandi, voru spurðir með hvaða hætti samstarfið væri kynnt fyrir nemendum. Svörin eru t.d. á þann veg að samstarfið væri kynnt, t.d. á valgreinablöðum, eins og valgrein. Einnig að námsráðgjafar og kennarar kynntu slíkt fyrir nemendum. Fáir stjórnendur sem svöruðu samstarfsspurningunni neitandi, skýra af hverju það er ekki. Þó kom fram að slíkt væri ekki í boði eða að áhuga nemenda vantaði.

Í langflestum skólanna með unglingadeild eru kynningar í boði á starfstengdu námi líkt og sjá má á mynd 17. Í þremur af hverjum fjórum skólanna sækja nemendur áfanga á framhaldsskólalastigi sem metinn er í grunnskólanum.

Mynd 17. Á eitthvað af þessu við um samstarf skólans við framhaldsskóla í list- og verkgreinum eða vegna starfstengds náms nemenda?




Í þeim skólum þar sem er samstarf við framhaldsskóla í list – og verkgreinum, lýsa 7 stjórnendur samstarfinu í opinni spurningu. Hér koma þeir t.d. inn á að nemendur á unglingastigi sækja málsmíðinám í Borgarholtsskóla og nemendur sækja fablab-námskeið í Fjölbrautarskólanum í Breiðholti.

Meira en helmingur stjórnenda eða 62% í grunnskólum með unglingadeildir segir að í sínum skóla séu nemendur hvattir til að stunda nám í list – og verkgreinum sem val í samvinnu við framhaldsskóla.

Í skólum þar sem nemendur fá ekki þessa hvatningu, segja skólastjórar t.d. að þeim hafi ekki tekist að bjóða uppá val innan síns skóla sem nemendur hafa áhuga á, að slíkt megi skoða betur eða að slíkt sé ekki í boði af fjárhagsástæðum.

Tveir af hverjum þremur stjórnendum telja *mikilvægt* að skólinn þeirra bjóði nemendum á unglíngastigi upp á framhaldsskólaáfangu í list – og verkgreinum. Niðurstöðurnar sjást á mynd 18¹⁰.

Mynd 18. Telur þú mikilvægt að skólinn bjóði nemendum sínum á unglíngastigi upp á framhaldsskólaáfangu í list- og verkgreinum?



Ef nemendum væri í ríkari mæli boðið upp á áfanga eða valgrein í list – og verkgreinum í samvinnu við framhaldsskóla¹¹, finnst skólastjórum helst að námsráðgjafar grunnskólanna í samstarfi við stjórnendur, ættu að hafa umsjón með slíku samstarfi grunnskólamegin. Einnig nefna þeir deildarstjóra unglíngastígs og fagaðila viðkomandi list – og verkgreina. Færri stjórnendur nefna æskilega umsjónaraðila framhaldsskólamegin en þá helst yfirmann tiltekins sviðs eða deildar í skólanum eða námsráðgjafa.

¹⁰ Á mynd 19 eru þeir sem merktu við *mjög* eða *frekar mikilvægt* teknir saman annarsvegar og þeir sem merktu við *frekar* eða *mjög léttvægt* teknir saman hinsvegar. Tafla sem sýnir nákvæmari niðurstöður er í viðauka.

¹¹ 13 skólastjórar svöruðu opinni spurningu um hver væri æskilegur umsjónar – eða samstarfsaðilar ef áhugi er innan skólans á að bjóða unglíngum í ríkari mæli upp á nám í list – og verkgreinum í samvinnu við framhaldsskóla.

Forstöðumenn í frístundastarfi

Netkönnun var send á alla forstöðumenn í félagsmiðstöðvum, frístundaklúbbum og frístundaheimilum í maí og júní 2015. Af 66 forstöðumönnum svaraði 41 og svörun því 62%.

Bakgrunnur

Rúmur helmingur svarenda eru stjórnendur á frístundaheimilum eins og sést í töflu 18. Þeir eru þó sá hópur svarenda með minnstu svörunina miðað við raunfjölda stjórnenda frístundaheimila í borginni en þau hlutföll má einnig sjá í töflunni. Forstöðumenn í 5 af 6 frístundaklúbbum í borginni svöruðu könnuninni eða 83%.

Tafla 9 – Starfsstöðin mín er...

Tegund starfsstöðvar	Tíðni	Hlutfall miðað við raunfjölda
Frístundaheimili	21	54%
Félagsmiðstöð	14	67%
Frístundaklúbbur	5	83%
Samtals	40	61%

Sú fagmenntun sem forstöðumennirnir helst hafa sést í töflu 10¹². Oftast hafa þeir B.A. próf í tómsstunda – og félagsmálafræði og þar á eftir menntun sem þroskaþjálfar.

Tafla 10 - Fagmenntun forstöðumanna.

Fagmenntun	Tíðni
BA í tómsstunda – og félagsmálafræði	7
Þroskaþjálfari	5
BA í félagsráðgjöf	4
Grunnskólakennari	3
BA í uppeldis – og menntunarfræði	2
BA í félagsfræði	2

Háskóli Íslands er lang oftast, eða 25 sinnum, nefndur sem sá skóli sem forstöðumenn fengu fagmenntun sína í. Þar á eftir koma erlendir skólar/háskólar, 4 forstöðumenn hafa fagmenntun sína erlendis frá.

¹² Fleiri tegundir fagmenntunar voru nefndar til sögunnar en þær sem eru í töflunni, hún sýnir aðeins þá fagmenntun sem 2 eða fleiri einstaklingar nefndu. Þá er algengt að sami einstaklingur hafi fleiri en eina fagmenntun.

Í töflu 11 sést að tveimur af hverjum þremur forstöðumönnum finnst ekki hafa verið nægileg áhersla á skipulag frístundastarfs í sínu námi.

Tafla 11 - Telur þú að það hafi verið nægileg áhersla á skipulag frístundastarfs í þínu námi?

	Tíðni	Hlutfall
Já	13	33%
Nei	26	67%
Samtals	39	100%

Forstöðumenn sem merktu við *nei* í spurningunni um nægilega áherslu á skipulag frístundastarfs í sínu námi, gafst kostur á að segja frá því hvað í þessu fælist. Mjög margir eru ekki menntaðir sérstaklega innan tómtunda – og félagsmálafræði eins og sést í töflu 10 og segja að í því námi sem þeir voru í, hafi ekki sérstaklega verið fjallað um skipulag frístundastarfs. Aðrir segja frá því að í náminu hefði mátt fjalla meira um stjórnun, skipulag, mikilvægi frítímans og praktíska þætti frístundastarfs.

Búnaður og aðstaða

Mörgum sinnum hefur verið boðið upp á ýmis viðfangsefni innan list – og verkgreina í frístundastarfinu sem forstöðumenn stýra, líkt og tafla 12¹³. sýnir. Oftast er boðið upp á heimilisfræði, myndmennt, leiklist, dans og textílmennt.

Tafla 12 - Hvaða viðfangsefni innan list - og verkgreina hefur verið boðið upp á í frístundastarfinu sem þú stýrir? (Má merkja við fleiri en eitt)

Viðfangsefni	Tíðni
Heimilisfræði	34
Myndmennt	32
Leiklist	28
Dans	25
Textílmennt	25
Tónmennt	14
Hönnun og smíði	14

Sextán forstöðumenn merkja við svarmöguleikann *annað, hvað?* og útskýra í hverju það felst. Hér er listinn langur en tveir eða fleiri nefna föndur, íþróttir, origami, skartgripagerð og kvikmyndagerð.

¹³ Mikið fleiri viðfangsefni voru nefnd til sögunnar en sem eru í töflunni, hún sýnir aðeins þau viðfangsefni sem 2 eða fleiri einstaklingar nefndu.

Forstöðumennirnir telja sig flestir geta boðið upp á fjölda viðfangsefna innan list – og verkgreina í því rými sem starfsstöðin þeirra hefur alltaf til umráða á opnunartíma. Tafla 13 sýnir að þetta á sérstaklega við um sömu 5 viðfangsefni og voru efst í töflu 12.


Tafla 13 - Hvaða viðfangsefni innan list - og verkgreina getur þú boðið upp á í því rými sem starfsstöðin þín hefur alltaf til umráða á opnunartíma? (Má merkja við fleiri en eitt)

Viðfangsefni	Tíðni
Myndmennt	38
Dans	33
Leiklist	31
Heimilisfræði	31
Textílmennt	29
Tónmennt	22
Hönnun og smíði	22

Ellefu forstöðumenn merkja við svarmöguleikann *annað, hvað?* og útskýra í hverju það felst. Margt er tínt til en fleiri en einn nefna íþróttir og skartgripagerð. Þá segja tveir að bara hugmyndaflugið geti takmarkað það sem hægt er að gera í því rými sem þau hafa yfir að ráða.

Á mynd 19 má sjá hvaða sérgreinastofur forstöðumennirnir geta nýtt sér í frístundastarfinu og hversu oft. Stór hluti forstöðumanna eða 20-28% merkja við að spurning um aðgang að tilteknum sérgreinastofum þess grunnskóla sem þeir starfa með, eigi ekki við¹⁴. Á myndinni hefur þessi hópur verið tekinn út og einnig hefur svarmöguleikunum *alltaf* og *oft* verið skellt saman. Sú sérgreinastofa sem forstöðumennirnir geta helst notað er leiklistarrými en 40% segjast geta notað hana *alltaf* eða *oft*. Þær sérgreinastofur sem forstöðumennirnir hafa minnstan aðgang að eru stofur textílmenntar, tónmenntar og hönnunar og smíða. Um og yfir 60% segjast *aldrei* hafa aðgang að þeim stofum.


Mynd 19. Hversu oft getur þú nýtt þér sérgreinastofur eftirfarandi list - og verkgreina í þeim grunnskóla/grunnskólum sem þín starfsstöð er í samstarfi við?



¹⁴ Ástæður þess að svarendur merkja við að spurningin eigi ekki við geta t.d. verið að starfsstöð frístundastarfsins liggir langt frá samstarfsskólanum/skólunum eða að starfsstöðin sé frístundaklúbbur en flestir þeirra eru ekki í samstarfi við tiltekinn grunnskóla.

Forstöðumennirnir voru spurðir að því hvort þeir hefðu einhverja aðra aðstöðu sem þeir gætu nýtt fyrir viðfangsefni á sviði list – og verkgreina, 18 svöruðu spurningunni. Þau svör sem oftast koma upp eru eftirfarandi: 4 segja að þeir nýti eigin rými til slíkrar vinnu, 3 nefna íþróttasali þeirra grunnskóla sem þeir vinna með og aðrir 3 tilgreina útisvæði sem notuð séu til vinnu á sviði list – og verkgreina.

Rétt innan við helmingur forstöðumanna er *sammála*¹⁵ því að staðsetning rýmis sem þeir hafa aðgang að til að vinna með börnunum á sviði list – og verkgreina, sé heppileg. Enn færri eru *sammála* því að stærð rýmis sé nægjanleg og að aðstaða í rými sé góð. Niðurstöður fullyrðinga um rými má sjá í töflu á mynd 20.




Í öllum þremur fullyrðingum um rými eru forstöðumenn félagsmiðstöðva ánægðari með sín rými en forstöðumenn frístundaheimila og frístundaklúbba.

Forstöðumennirnir voru spurðir að því í opinni spurningu hvort þeir hefðu einhverjar athugasemdir um rými í sinni starfsstöð til vinnu á sviði list – og verkgreina. Þau svör sem oftast koma upp af svörum 18 eru eftirfarandi: 4 segja vanta rými til slíkrar vinnu og 3 segja vanta fjármagn til að kaupa efnivið fyrir list – og verkgreinavinnu.

¹⁵ Líkt og hjá kennurunum og skólastjórum gátu forstöðumenn svarað fullyrðingum á Likert-skalanum þar sem svarmöguleikarnir eru *mjög sammála*, *frekar sammála*, *hvorki né*, *frekar ósammála* og *mjög ósammála*. Á mynd 10 eru þeir sem merktu við *mjög* eða *frekar* sammála teknir saman í *sammála*. Sama á við um samskonar myndir í skýrslunni.

Rúmur helmingur forstöðumanna telur sig hafa *lítið* svigrúm til efniskaupa á sviði list – og verkgreina eins og sést á mynd 21¹⁶.

Mynd 21. Hversu mikið eða lítið svigrúm telur þú þig hafa til efniskaupa á sviði list - og verkgreina?



Forstöðumönnum frístundaheimila finnst frekar þeir hafa *mikið* svigrúm til efniskaupa en forstöðumönnum félagsmiðstöðva og frístundaklúbba.

Meira en helmingur forstöðumanna eða 60% telur sig hafa aðgang að fjölbreyttu efni sem hvetur til verkefna í starfinu á sviði list – og verkgreina, líkt og tafla 14 sýnir.

Tafla 14 -Telur þú þig hafa aðgang að fjölbreyttu efni sem hvetur til verkefna í starfinu á sviði list - og verkgreina?

	Tíðni	Hlutfall
Já	24	60%
Nei	16	40%
Samtals	40	100%


Líkt og með svigrúm til efniskaupa þá finnst forstöðumönnum frístundaheimila þeir frekar hafa aðgang að fjölbreyttu efni miðað við forstöðumenn félagsmiðstöðva og frístundaklúbba.

Þeir forstöðumenn sem svöruðu spurningu um aðgang að fjölbreyttu efni hér að ofan neitandi, voru spurðir hvers vegna það væri. Af 16 svörum 9 spurningunni og þar af segja langflestir eða 7 að fjármagn sé ekki fyrir hendi til að kaupa slíkt efni.

Af öllum hópnum svöruðu 7 opinni spurningu um hvort þeir hefðu eitthvað sem þeir vildu koma á framfæri um efni sem þeir styðjast við í starfinu á sviði list – og verkgreina. Enginn þáttur er nefndur oftast en annar en t.d. kemur fram að forstöðumenn væru að safna að sér ókeypis efni, að endurnýta efni, finna hugmyndir að verkefnum með börnunum á netinu og að sitja námskeið um skapandi vinnu með efni.

¹⁶ Á mynd 9 eru þeir sem merktu við *mjög* eða *frekar mikið* teknir saman annarsveggar og þeir sem merktu við *frekar* eða *mjög lítið* teknir saman hinsveggar. Tafla sem sýnir nákvæmari niðurstöður er í viðauka.


Niðurstöður fullyrðinga um tækjabúnað til kennslu í list – og verkgreinum eru á mynd 22. Þar sést að forstöðumönnum finnst töluvert vanta uppá í þeim efnunum.



Í öllum fjórum fullyrðingum um tækjabúnað eru forstöðumenn frístundaheimila sáttari en forstöðumenn félagsmiðstöðva og frístundaklúbba.

Forstöðumenn gátu komið með athugasemdir um almennan tækjabúnað til vinnu á sviði list – og verkgreina og nýttu 10 sér það. Oftast eða hjá 6 kemur fram að tæki og efni vanti fyrir list – og verkgreinar eða að fjármagn sé of lítið til kaupa á slíku. Tveir segja að þeir hafi ekki aðgang að tækjum og efnunum.

Í fullyrðingum um tölvu – og tæknibúnað í list – og verkgreinum sést að forstöðumönnum finnst mörgu ábótavant í þeim efnunum eins og sjá má á mynd 23.




Forstöðumenn frístundaheimila og frístundaklúbba eru sáttari við tölvu – og tæknibúnaðinn en forstöðumenn félagsmiðstöðva.

Athugasemdir vegna tölvu – og tæknibúnaðar komu frá 6 forstöðumönnum. Þær ganga fyrst og fremst út á að búnað vanti eða að hann sé orðinn of gamall.

Stuðningur og samstarf

Niðurstöður fullyrðinga um áhuga starfsfólk, stuðning frá stjórnendum og samvinnu milli stofnana vegna list – og verkgreina má sjá á mynd 24. Þegar kemur að samstarfsverkefnum á sviði list – og verkgreina, finnst 70% forstöðumanna þeir geta borið upp óskir sínar við stjórnendur frístundamiðstöðvar en bara 29% að þeir geti gert hið saman gagnvart stjórnendum grunnskólans.

Mynd 24. Áhugi, stuðningur og samstarf.




Séu svörin greind eftir tegund starfsstöðva er oftast lítill munur á milli hópa en þó sést að forstöðumenn frístundaheimila, miðað við forstöðumenn félagsmiðstöðva og frístundaklúbba, eru helst *sammála* því að þeir geti borið upp óskir sínar við stjórnendur grunnskólans vegna samstarfsverkefna.

Alls komu 8 svör frá svarendum vegna opinnar spurningar um stuðning frá frístundamiðstöð og/eða öðrum vegna verkefna á sviði list – og verkgreina. Af þessum segja 3 að meira samstarf mætti vera milli starfsstöðvar viðkomandi og þess grunnskóla sem starfsstöðin helst tengist. Aðrir 2 sögðu að gott samstarf væri við frístundamiðstöð en hún gæti hinsvegar ekki útvegað það fjármagn sem þarf til að halda uppi nægilega góðu list – og verkgreinastarfi í frístundastarfi barnanna.

Forstöðumönnum finnst lítið samstarf vera á milli starfsstöðva vegna verkefna á sviði list – og verkgreina eins og sjá má á mynd 25¹⁷.

Mynd 25. Samstarf milli starfsstöðva.




Opinni spurningu um samþættingu/samstarf í starfi sínu á sviði list – og verkgreina, svöruðu 4 forstöðumenn. Í svörunum kemur fram að slíkt samstarf hefði ætíð verið gott, að samstarf mætti auka þvert á aldur milli starfsstöðva SFS og að til að gera stærri verkefni að veruleika á sviði list – og verkgreina í frístundastarfinu, ætti að borga starfsfólki sérstaklega fyrir þann undirbúning.

Spurt var um hverjir væru kostir samstarfs milli þeirra sem sinna verkefnum á sviði list – og verkgreina innan hverfis og/eða allrar Reykjavíkurborgar. Samtals svöruðu 10 forstöðumenn spurningunni og helstu kostirnir sem þeir telja upp eru þekkingarmiðlun og þar af leiðandi meiri fjölbreytni í verkefnum á sviðinu auk fjárhagslegrar stærðarhagkvæmni og auknum félagatengslum barnanna.

Á mynd 26 má sjá afstöðu forstöðumanna gagnvart fullyrðingum um samstarf á þeim starfsstöðum sem þeir starfa. Nánast allir eru *sammála* því að á þeirra vinnustað sé jákvætt viðhorf gagnvart list – og verkgreina vinnu með börnum og um tveir af hverjum þremur finnst mega auka samstarfsverkefnum á því sviði með börnunum.

Mynd 26. Samstarf á starfsstöð.




¹⁷ Á mynd 9 eru þeir sem merktu við *mjög* eða *frekar mikið* teknir saman annarsveggar og þeir sem merktu við *frekar* eða *mjög lítið* teknir saman hinsveggar. Tafla sem sýnir nákvæmari niðurstöður er í viðauka.

Tækniþekking – og notkun


Langflestir eða um 79% forstöðumanna eru *sammála* því að áhugi sé á vinnustaðnum á að nýta sér nýja tækni í starfinu. Hinsvegar er um helmingur sem finnst tækniþekkingin á vinnustaðnum góð sem og sveigjanleikinn til að innleiða hana. Niðurstöðurnar eru á mynd 27.

Mynd 27. Tækniþekking í starfinu.



Forstöðumenn nota lítið þá tækni sem spurt var um í könnuninni og sést á mynd 28.

Mynd 28. Hversu mikið eða lítið nýtir þú eftirfarandi í starfinu?



Lítill munur er á svörum forstöðumanna eftir tegund starfsstöðvar nema helst að á frístundaheimilunum virðist helst vera unnið með hljómsveitir/tónlistarsköpun með spjaldtölvum.

Sé mynd 28 borin saman við svör list – og verkgreinakennara á mynd 9 má sjá að þrátt fyrir að notkunin sé lítil þá er samt sem áður meira unnið með alla þá tækni sem spurt var um í frístundastarfinu heldur en í kennslu list – og verkgreinakennara.

Í opinni spurningu gafst forstöðumönnum kostur á að telja upp önnur tæki, aðra tækni eða aðrar aðferðir sem þeir nýta reglulega í starfinu. Í svörunum sem komu frá 6 svarendum nefna þeir fyrst og fremst spjaldtölvur og ýmiss konar smáforrit sem notuð eru í þeim.

Endurmenntun

Þrír af hverjum fjórum forstöðumönnum telja sig hafa nægileg tækifæri til endurmenntunar, eins og sjá má í töflu 15.

Tafla 15 - Telur þú þig hafa nægileg tækifæri til endurmenntunar?

	Tíðni	Hlutfall
Já	25	76%
Nei	8	24%
Samtals	33	100%

Af 8 forstöðumönnum gerðu 6 frekari grein fyrir því að þeir telja sig ekki hafa nægileg tækifæri til endurmenntunar. Þeir nefna t.d. að fjármagn vanti til endurmenntunar, of lítið framboð sé af henni, hvatning frá stjórnendum sé lítil og tímasetningar námskeiða séu óheppilegar.

Forstöðumenn voru beðnir að raða í mikilvægisröð átta þáttum sem þeir myndu hugsanlega vilja leggja áherslu á í endurmenntun sinni á næstu misserum¹⁸. Niðurstöðuna má sjá á mynd 30 en þar sést í hvaða sæti svarendur röðuðu þáttunum og síðan meðaltölin fyrir hvern þátt. *Stjórnendafræðsla* er sá þáttur sem er með lægsta meðaltalið (3,8) og því sá þáttur sem svarendur að meðaltali vilja helst endurmennta sig í, flestir setja þáttinn í fyrsta sæti, ásamt *barna – og unglíngalýðræði*, og næstflestir í annað sæti, ásamt *tæki/tækni og hugbúnaði*. Annars er mjög lítil munur á þeim 5 þáttum sem forstöðumenn vilja helst endurmennta sig í. Fæstir settu formlegt nám til háskólagráðu ofarlega á listann hjá sér, þannig endar þátturinn næst 8. sætinu með meðaltalið 6,8.

Tafla 16 – Endurmenntun í mikilvægisröð (1 – 8. sæti).

Endurmenntun	1. sæti	2. sæti	3. sæti	4. sæti	5. sæti	6. sæti	7. sæti	8. sæti	Meðaltal
Stjórnendafræðsla	22%	14%	17%	14%	8%	6%	6%	14%	3,8
Verkefnastjórnun	14%	19%	8%	14%	11%	19%	11%	3%	3,9
Barna - og unglíngalýðræði	22%	11%	8%	11%	17%	19%	11%	3%	3,9
Frístundafræðsla almennt	14%	11%	8%	36%	8%	8%	8%	6%	4,0
Reynslunám	8%	19%	25%	6%	8%	11%	19%	3%	4,2
List - og verkgreinar	6%	6%	14%	14%	31%	25%	3%	3%	4,6
Tæki/tækni/hugbúnaður	8%	14%	17%	6%	14%	8%	22%	11%	4,9
Formlegt nám til háskólagr.	6%	6%	3%	0%	3%	3%	19%	61%	6,8

¹⁸ Í fyrsta sæti áttu svarendur að setja þann þátt sem þeir vilja leggja mesta áherslu, í annað sæti þann þátt sem þeir vilja leggja næstmesta áherslu á o.s.frv. Þetta þýðir að lágt meðaltal þýðir að margir settu þann þátt í efstu sætin hjá sér.

Forstöðumenn gátu svarað því í opinni spurningu hvort þeir vilja leggja áherslu á eitthvað annað en þá þætti sem koma fram í töflu 16 en eingöngu 1 nýtti sér það. Sá segist vera á leiðinni í framhaldsnám á háskólastigi.

Samantekt

List – og verkgreinakennarar

Langflestum list – og verkgreinakennurum finnst almennt vera jákvætt viðhorf til list – og verkgreinakennslu innan síns skóla. Um 70% kennarana finnst þeir upplifa stuðning innan síns skóla frá öðrum list – og verkgreinakennurum og skólastjórnendum en minni frá almennum kennurum og samstarfsfólki. Hvað varðar stuðning frá skólastjórnendum sérstaklega þá er hann samkvæmt svörum list – og verkgreinakennarana töluverður er varðar að geta borið upp óskir varðandi kennsluna en minni er varðar tilhliðranir í stundaskrá og fjármuni til innkaupa.

Næstum tveir af hverjum þremur kennaranna finnst list – og verkgreinakennarahópurinn í sínum skóla almennt einangraðir í starfi sínu. U.þ.b. tveir af hverjum þremur eru sáttir við þau kennslurými sem þeir hafa til afnota sem og svigrúm til efniskaupa og aðgang að fjölbreyttu námsefni. List – og verkgreinakennurum finnst margt ábótavant í sínu starfi er varðar tækjabúnað annarsvegar og tölvu – og tæknibúnað hinsvegar. Kennararnir segja list – og verkgreinakennarahópin í sínum skóla almennt hafa góða tækniþekkingu en sveigjanleika vanti til að innleiða nýja tækniþekkingu og sáralítið er um að kennararnir nýti tækni í kennslunni eins og t.d. forritun og þrívíddarprentara.

Rétt rúmur helmingur kennarana segja sig hafa nægjanleg tækifæri til endurmenntunar og vilja flestir endurmennta sig í nýjungum í starfinu.

Skólastjórar

Skólastjórar segja frá miklum stuðningi í þeirra skólum við list – og verkgreinakennara og stundum mun meiri en kennararnir sjálfir greina frá í sinni könnun. Þá finnst hlutfallsega mun færri skólastjórum að list – og listgreinakennarar búi við einangrun í sínu stafi miðað við kennarana sjálfa.

Í fullyrðingum um tækjabúnað, tölvu – og tæknibúnað og tækni í kennslu lýsa skólastjórar í öllum tilvikum betra ástandi og meiri sveigjanleika gagnvart aðstöðu og starfi list – og verkgreinakennara en kennararnir gera sjálfir í sinni könnun.

Rúmur helmingur skólastjóra telur mikla þörf á að bjóða öllum nemendum upp á fleiri list – og verkgreinar sem val. Lítið er um náms – og starfskynningar einhverskonar á tveimur yngri stigum grunnskólans samkvæmt skólastjórum en nokkuð meira á unglingastiginu. Tveir af hverjum þremur stjórnendum telja mikilvægt að skólinn þeirra bjóði nemendum á unglingastigi upp á framhaldsskólaáfangu í list – og verkgreinum.

Forstöðumenn í frístundastarfi

Að sögn nærri allra forstöðumanna í frístundastarfi er á þeirra vinnustað almennt mjög jákvætt viðhorf gagnvart list – og verkgreinavinnu með börnunum og unglingunum. Hinsvegar segja þeir frá mjög takmörkuðum aðgangi að list – og verkgreinastofum í þeim grunnskólum sem þeirra starfsstöð er í samstarfi við. Í svörum þeirra kemur einnig fram frekar lítil ánægja með það rými sem þeir hafa aðgang að til að vinna með börnum á sviði list – og verkgreina sem og svigrúm til efniskaupa til sömu hluta.

Enn minni ánægja er með tækjabúnað og tölvu – og tækniúnað til að geta unnið með börnum á sviði list – og verkgreina. Um 70% forstöðumanna segjast geta borið upp óskir sínar við stjórnendur frístundamiðstöðva vegna verkefna á sviði list – og verkgreina en hlutfallið fer niður í tæp 30% hvað varðar samskonar óskir gagnvart stjórnendum grunnskólans.

Að sögn forstöðumannanna er tækniþekking þeirra sem vinna með börnunum í frístundastarfinu ábótavant og tækni í starfinu eins og forritun og þrívíddarprentarar eru sáralítið notuð.

Um þrír af hverjum fjórum forstöðumönnum finnst þeir hafa nægileg tækifæri til endurmenntunar og er lítill munur á því hvort þeir vilja helst endurmennta sig í stjórnendafræðslu, verkefnastjórnun, barna – og unglíngalýðræði, frístundafræðslu almennt eða reynslunámi.



Aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur

Skýrsla f.h. starfshóps 2015/2018

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
2015/2018



ÞAKKIR	3
ÁHERSLUR OG TILLÖGUR STARFSHÓPSINS	4
Nánar um tillögur starfshópsins – áherslur og verkefni	5
Meginverkefni - auk ábendinga Listteymis SFS	6
Almenn verkefni	6
Listnám	7
Starfsnám	8
Verknám	8
Þverfagleg nálgun	9
Lýðræði	10
INNGANGUR	11
Hlutverk og verkefni starfshópsins	12
Vinna hópsins	13
HELSTU NIÐURSTÖÐUR KANNANA	16
List- og verkgreinakennarar	16
Skólastjórakönnun	16
Forstöðumenn í frístundastarfi	17
Samanburður á svörum skólastjóra og kennara	18
LIST – OG VERKGREINAR	22
Kennsla og kennslumagn í list- og verkgreinum	22
Um listgreinar - skýrslur frá 2009, 2011 og 2013	24
Talningar Hagstofu – hvenær fer fram kennsla í list- eða verkgrein?	25
LOKAORÐ	27
HEIMILDASKRÁ	29
FYLGISKJÖL	30
Erindisbréf	30
Tillaga fulltrúa í skóla- og frístundaráði - 2014	31
Fundir starfshóps	32

Fundur með stjórnendum Haustbúða 31.ágúst 2015	33
Haustbúðir – yfirlit yfir framboð	35
Haustbúðir – styttri lýsing	36
Atvinnulífsvikan –nánari lýsing á hugmynd	40
Minnisblað – fyrirspurn vegna verk-, tækni- og listgreina og beinna aðgerða	41

Þakkir

Þakkir eru færðar hinum stóra hópi þátttakenda í starfshópnum fyrir þeirra framlag. Auk þess eru þakkir færðar þeim sem komu inn á fundi starfshópsins með kynningar á þeim verkefnum sem sérstaka athygli höfðu vakið. Að lokum þökkum við öllum innan og utan skóla- og frístundasviðs sem sýndu verkefninu áhuga og velvilja.

Ýmislegt af því sem starfhópurinn fjallaði um rataði beint inn í umræðu og jafnvel í framkvæmd samhliða starfi hópsins. Má nefna „Haustbúðir“, menningartengiliði starfsstöðva og tilraun til að setja upp svokallaða atvinnulífsviku. Um þetta má sjá rætt nánar í þessari skýrslu. Nokkrir í starfshópnum kynntu mikilvæg verkefni á þessu sviði og sumir tóku þátt í framkvæmd áherslna í samstarfi við skóla- og frístundasvið samhliða þátttöku í starfshópnum.

Hópurinn lauk ekki formlega störfum af ýmsum ástæðum og er skýrslan unnin af starfsmanni SFS, en byggir á könnunum og vinnu hópsins. Listteymi SFS var beðið að skoða lýsingar á einstökum verkefnum frá starfshópnum og vinna ábendingar með tilliti til þess sem unnist hefði síðan hópurinn starfaði. Fulltrúum í hópnum voru send drög að skýrslunni og unnið úr ábendingum sem bárust.



Áherslur og tillögur starfshópsins

Mikill samhljómur reyndist tillögum starfshópsins annars vegar um hvernig mætti efla starfs-, list- og verknám og hins vegar svörum og athugasemdum fagmanna í könnuninni sem unnin var fyrir starfshópinn.

Í stórum dráttum þá þarf að fara í átak og leggja fé í aðstöðu, búnað og efniskaup vegna list-, verk – og starfsnáms í skólum. Fjölga þarf símenntunartilboðum fyrir fagfólk. Endurskoða þarf miðlægar stýringar á tölum og hugbúnaði þeirra. Skapa þarf samstarfsvettvang milli starfsstaða um fjölbreytt val ungmenna og formgera samstarf við framhaldsskóla vegna þess. Auka þarf fjölbreytni þess náms á vettvangi framhaldsskólanna sem hægt er að taka eða fá metið, þannig að það tilboð geti nýst öllum þeim ungmennum sem þess óska.

Áherslur og tillögur starfshópsins eru settar fram í 3 meginþáttum hér fyrir neðan. Einnig er í skýrslunni að finna annars konar yfirlit yfir hugmyndir hópsins um framkvæmdaratriði sem heyra þá undir mismunandi þætti hér fyrir neðan.

1. Stefnumótun og framkvæmd:

- 1.1 Tryggja með markvissum hætti að skólastjórar hafi tækifæri til að bjóða öllum nemendum þá fjölbreytni í list- og verkgreinum sem gert er ráð fyrir í aðalnámskrá.
- 1.2 Móta heildstæða stefnu um stuðning við listiðkun barna og unglunga í borginni með gerð samstarfssamninga við lykilaðila í huga.
- 1.3 Móta stefnu um búnað vegna verk-,tækni- og listgreina og viðhald hans auk efniskostnaðar.
- 1.4 Styðja þróunarverkefni í list og verkgreinakennslu.

2. Samvinna:

- 2.1. Skólar innan sama skólahverfis geti sameinast um kennara sem í greinum sem ekki fylla stundaskrá.
- 2.2. Vinna að sterki samvinnu starfsstöðva SFS við listamenn, söfn og menningarstofnanir með þátttöku nemenda í menningarlífinu að leiðarljósi.
- 2.3. Hvetja til víðtækara samstarfs grunnskóla og þeirra framhaldsskóla sem standa fremstir í verkgreinum.
- 2.4. Stuðla að formlegu og virku samstarfi við atvinnulífið, foreldra og Vinnuskóla Reykjavíkur til eflingar starfskyppinga í skólum.

3. Aðgengi:


- 3.1. Skoða þarf hvort hægt er að bjóða skólum aðstoð við skipulag þátttöku í menningarviðburðum, nýsköpunarverkefnum og öðrum verkefnum sem örva sköpunarkraft barna og ungmenna.
- 3.2. SFS styðji fjölbreyttar listbúðir/verkbúðir sem verði í boði á öllum aldurstigum grunnskólanna.
- 3.3. Efla verði starfsemi Mixtúru með áherslu aukið hlutverk á sviði innleiðingar og notkunar nýrrar tækni og á sviði símenntunar.

Nánar um tillögur starfshópsins – áherslur og verkefni

Starfshópurinn setti fram áherslur og tillögur og með þeim og er samhljómur mikill við það sem gert hefur verið undanfarin misseri eða er í skoðun. Því var valin sú leið hér að biðja Listteymi SFS að setja inn aðgreindar ábendingar um það sem gert hefði verið við lýsingar starfshópsins á einstökum verkefnum sem fylgdu tillögum hans. Þetta er gert til að auðvelda mat á stöðu mála hvað varðar einstakar tillögur starfshópsins.

Listteymi vill taka fram að nánast öll verkefni verða að byggja á sértækri fjármögnun til framkvæmda. Einnig er rétt, um leið og tekið er undir hugmyndir starfshópsins, að í þeim verkefnum sem þegar hefur verið hleypt af stað að einhverju marki, og sjá má í ábendingum Listteymis hér fyrir neðan, eru mjög mikil sóknarfæri og má ekki misskilja þannig að skref þyki hafa verið stigin að fullu.

Mikilvægt er líka að taka fram að starfshópur leggur áherslu á að tækifæra barna og ungmenna í borginni séu jöfn og því er tillögunum lögð áhersla á formgerða samvinnu og skipulag í verkefnum. Tækifæri á sviði lista, tækni, verknáms og starfsnáms eiga að vera jöfn um alla borgina.



Myndlistaskólinn í Reykjavík – Listbúðir

Meginverkefni - auk ábendinga Listteymis SFS

Almenn verkefni

Haustbúðir - SFS styðji stórt verkefni í anda haustbúða, sem boðnar voru í tilraunaskyni haustið 2015, í alla árganga skólanna og mögulega í frístundastarfi. Fjölbreytni á sviði lista, tækni og verknáms er höfð að leiðarljósi – og möguleikar til samþættingar nýttir. Stofnaður verði samráðshópur með fulltrúum allra aðila sem móti framkvæmd til lengri tíma.

Listteymi SFS feb. 2018: Haustið 2017 fóru af stað danssmiðjur á vegum Dansgarðsins í nokkrum leikskólum og frístundaheimilum. Einnig bauð Dansgarðurinn 5.bekkjum í Reykjavík í verkefnið Dans fyrir alla, sem er heildsdags danssmiðja um fjölbreytileika skapandi vinnu á sviði danslistar. Sönghópastarf var sett af stað haustið 2017 í öllum frístundaheimilum í Breiðholti og nokkrum heimilum í Grafarvogi í kjölfarið. Það stendur til vors 2018. Óvíst er um fjármögnun og framhald þessara verkefna, en mikill vilji og áhugi er fyrir hendi.

Menningarþátttaka - Heimsóknir í menningarstofnanir verði eðlilegur þáttur í skóla- og frístundastarfi og stutt við þær markvíst. Skoða fýsileika þess að setja á fót Menningarstrætó, sem sinni hópferðum barna og ungmenna og jafni möguleika starfstaða til að nýta tilboð á sviði menningar.

Listteymi SFS feb. 2018: Haustkynningar á tilboðum menningarstofnana og annarra stofnana sem veita fría fræðslu fyrir börn á starfstíma skóla – og frístundastarfs hafa verið verulega stækkaðar og aðsókn góð. Í bígerð er að gera upplýsingar um öll tilboðin aðgengileg á sérstökum vef þar sem hægt verður að leita á ýmsum forsendum s.s. aldurshópar og viðfangsefni og einnig verður þar hægt að skrá hópá í heimsóknir eða fræðslu.

Margmiðlun, Mixtúra - Stórefla starfsemi myndvers (SFS) sem þekkingarseturs margmiðlunar með áherslu á aukið hlutverk þess á sviði innleiðingar notkunar nýrrar tækni og símenntunar.

Listteymi SFS feb. 2018: Mixtúra hefur verið stórefld hvað varðar búnaðarkaup, forritanleg tæki og mikil aukning hefur orðið í tilboðum um námskeið fyrir starfsfólk starfsstöðva SFS. Samstarfsverkefni Mixtúru við starfsstaði eru fjölmörg, s.s. Biophiliu, Fablab, Vísindasmiðju HÍ. Búið er að koma upp litlu fablabi sem hægt er að flytja milli staða. Aðstaða Mixtúru hefur hins vegar ekki batnað og var t.d. rými margmiðlunarversins skorið niður um helming árið 2017.

Styðja við stór, samþætt verkefni - Ýta undir stór og samþætt verkefni í skólum og frístundastarfi og kannaðar leiðir til samstarfs við fulltrúa atvinnulífsins.

Vísindasmiðjur – s.s. Vísindasmiða HÍ, styðja við þátttöku í vísindasmiðjum og stuðla að tækifærum í skóla og frístundastarfi til að leika/vinna með hugmyndir af sama meidi. Vísindakistur og aðgangur að fagfólki fyrir starfsfólk.

Listteymi SFS feb. 2018: Markvíst samstarf hefur verið byggt upp við Vísindasmiðju HÍ. Námskeið hafa verið haldin fyrir starfsfólk í leik-, grunn- og frístundastarfi. Í samstarfi við

Gufunesbæ hefur verið keyptur búnaður til notkunar við útikennslu og vísindastarf og lánaður er út til þeirra starfstaða sem átt hafa fulltrúa á námskeiðum. Stefnt er að frekari uppbyggingu þessa samstarfs á næstu misserum.

Vika atvinnulífsins - Í samvinnu við grunnskóla, Vinnuskóla Reykjavíkurborgar og SA verði komið á öflugri starfskynningu fyrir 9. bekk að vori ár hvert.

Endurmenntun/símenntun – SFS styðji við markviss og fjölbreytt endurmenntunartækifæri á sviði list og verkgreina í ljósi mikils áhuga kennara á nýjungum í sínu fagi.

Listteymi SFS feb. 2018: Mixtúra hefur stóreflt búnað til útlána og fjölbreytni á sviði símenntunarnámskeiða hefur aukist mikið. Auk þess eru tilboð fyrir nemendahópa og eftirspurn mikil.

Aðgangur að sérfróðum aðilum, teymi, á sviði vísinda, tækni og lista – SFS setji á fót breytilegt teymi sérfróðra aðila og þjónusta þeirra kynnt skólum sem geta til þeirra leitað vegna verkefna, nýjunga eða samþættingar.

Listteymi SFS feb. 2018: Dæmi um slíka nálgun er í Biophiliu verkefninu og áfram hafa starfsstaðir getað fengið til sín listamenn og vísindamenn inn í vinnu með bæði starfsmanna- og nemendahópum.

Samráðningar - Samráðningar sérfróðra aðila gerðar einfaldar. Skólar innan sama skólahverfis sameinist um kennara í greinum sem ekki fylla stundaskrá.

Listteymi SFS feb. 2018: Fordæmi eru fyrir samráðningu starfsfólks á vettvangi frístundar, en þar er uppbygging samstarfs á vettvangi hverfis önnur en í leikskóla- og grunnskólastarfi.

Listnám

Listbúðir - SFS styðji listbúðir sem yrðu boðnar í öllum árgöngum skólanna. Hér er um að ræða námskeið sem standa u.þ.b viku og yrði ákveðin listgrein tekin fyrir í hverjum árgangi. Stefnt yrði að því að fá utanaðkomandi listamenn til að skipuleggja vinnuna í samvinnu við kennara og nemendur.

Listteymi SFS feb. 2018: Eftir að þessi tillaga kom fram var hugmyndin víkkuð út og settar af stað tilraunabúðir á sviði lista, verknáms og tækni. Verknámsbúðir voru ekki valdar af skólum að þessu sinni, en það getur ráðið miklu að ekki var hægt að taka á móti heilum hópum/bekkjum á þeim vettvangi. Skoða þarf betur framkvæmd slíks.

Menningarþátttaka - Heimsóknir í menningarstofnanir verði eðlilegur þáttur í skóla- og frístundastarfi. Skoða fýsileika þess að setja á fót Menningarstrætó, sem sinni hópferðum barna og ungmenna og jafni möguleika starfstaða til að nýta tilboð á sviði menningar. Stuðningur við ferðir barna og ungmenna vegna fleiri þátta, s.s. starfskynningar, er nauðsyn sem verður að takast á við. Án þess verður ekki um jafnræði að ræða.

Listteymi SFS feb. 2018: Hlúð verði að samráðsvettvangi þeirra sem stíga fram og vilja sinna og kynna menningarþátttökutækifæri á sínum starfsstöðum með símenntun, kynningum og hlaðborðum af ýmsu tagi. Skoða þarf betur hugmyndir um menningarkennitölur starfsstaða sem listteymi SFS setti af stað í kjölfar vinnu hópsins. Haustkynningar menningarstofnana hafa verið stækkaðar og styrktar og eru orðinn fastur liður. Stefnt er að veflægu aðgengi að öllum tilboðum sem börnum og ungmennum í skóla- og frístundastarfi stendur til boða.

Samráðningar fagfólks/kennara eða hverfisfulltrúar - Skólum innan sama *skólahverfis* verði gert auðvelt að sameinast um kennara í greinum sem ekki fylla stundaskrá. Hér eru að ræða greinar eins og dans, leiklist, kvikmyndun og ljósmyndun, fab lab o.fl. Skólarnir greiði þá laun kennarans í samræmi við vinnuframlag við hvern skóla fyrir sig. (sjá ofar)

Tæknivæðing - Tæknivæðingu listgreinakennslu verði hrundið í framkvæmd. Námskeið verði haldin og búnaður bættur.

Listteymi SFS feb. 2018: Margt sem gert hefur verið á vettvangi Mixtúru og Biophiliu-menntaverkefnisins styður við þetta markmið.

Starfsnám

Kynningar, samstarf við foreldra - Byggja þarf upp lifandi, formgert samtal við atvinnulífið í samvinnu við foreldra grunnskólabarna með auknum kynningum, heimsóknnum og svo þátttöku eða rýni á síðari stigum grunnskóla.

Vika atvinnulífsins - Í samvinnu við grunnskóla, Vinnuskóla Reykjavíkurborgar og SA verði komið á öflugri starfskynningu fyrir 9.bekk að vori ár hvert. Starfskynningin felist í fræðslu um starfsemi fyrirtækja og heimsóknir í þau. Stefnt verði að fimm daga dagskrá. Grunnskólar og Vinnuskóli Reykjavíkur myndu skipuleggja síðustu vordaga með tilliti til þessa.

Kynnt yrðu öll helstu svið atvinnulífsins: iðnaður og orkufyriræki, ferðaþjónusta, sjávarútvegur, trygginga- og fjármálaþjónusta og verslun. Stefnt var að tilraunaverkefni 2015 en það tókst ekki. Mikill vilji er hjá SA til að hrinda slíku verkefni í gang og Vinnuskólinn tilbúinn til samstarfs. Skólar sem leitað var til voru mjög jákvæðir.

Verknám

Samstarf grunnskóla og framhaldsskóla – Hvetja þarf til formlegs samstarfs grunnskóla við þá framhaldsskóla sem standa fremstir í verkmenntagreinum. Fyrirmyndir má t.d. sækja til Hafnarfjarðar. Nemendum bjóðist að taka áfanga á sviði verkgreina sem ýmist eru metnir sem val eða einingabært nám á framhaldsstigi.

Starfshópurinn vill leggja áherslu á að ekki verði litið á það tilboð sem útgönguleið fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum í bóknámi heldur standi öllum til boða. Mikilvægt að fyrirkomulag um greiðslu kostnaðar liggi fyrir.

Frumleg samþætting - Fjölga nýsköpunarverkefnum í skóla- og frístundastarfi með sérstakri áherslu á tilraunir á sviði frumlegrar samþættingar.

Listteymi SFS feb. 2018: Margt er hægt að læra af framkvæmd Biophilu-menntaverkefnisins.

Nýsköpunarverkefni - SFS aðstoði skóla við að taka þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskóla með það að leiðarljósi að virkja sköpunarkraft og hugmyndaflug nemenda. Séð verði með skiplögðum hætti til þess að nemendur í grunnskólum Reykjavíkur fái tækifæri til þátttöku í slíkum viðburðum.

Samráðningar - Skólar innan sama *skólahverfis* sameinist um kennara í greinum sem ekki fylla stundaskrá. Hér eru að ræða bæði greinar eins og dans, leiklist, kvikmyndun og ljósmyndun, fab lab o.fl. Skólarnir greiði þá laun kennarans í samræmi við vinnuframlag við hvern skóla fyrir sig.

Verknámsbíllinn - Bíll með sértækri verknámsaðstöðu keyri milli staða fyrir nemendur í leik og grunnskólum og tækifæri á vettvangi frístundar séu skoðuð sérstaklega.

Þverfagleg nálgun

Skapandi verkstæði - Skapandi verkstæði í öllum skólum – þvert á greinar.

List-, verk- og tæknibúðir -List-, verk- og tæknibúðir boðnar í skóla á hverju ári.

Meira og fjölbreyttara val - Mikill áhugi reynist vera á því að bjóða meira val í tónlist og forritun.

Vísindasmiðjur – t.d. Vísindasmiðjur HÍ, styðja við þátttöku í vísindasmiðjum og stuðla að tækifærum í skóla og frístundastarfi til að leika/vinna með hugmyndir af sama meidi.

Tæknimaður - Tæknimann í fullt starf til að tryggja tækniþekkingu inni í skólum – ath. stöðugildi.

Fablab - Virkja fablab inn í bæði skólastarf og frístundastarf.

Aukinn fjöldi tækja - Auka tölvu og hugbúnaðareign skóla – sjá könnun skólastjóra, ekki nægur fjöldi tækja.

Aukin samvinna um tækifæri ungmenna – Skoða hvort hægt er að tengja starfskynningar á sviði verk-, tækni- og listnáms við frístundavettvanginn – skoða möguleika á því að bjóða t.d. „job-shadowing“ með kerfisbundnum hætti á vettvangi frístundar.

Styðja við stór, samþætt verkefni - Ýta undir stór og samþætt verkefni í skólum og frístundastarfi og kannaðar leiðir til samstarfs við fulltrúa atvinnulífsins. Starfsmönnum séu meðal annars kynntar leiðir t.d. vísindaleikhússins í vinnu með börnum og ungmennum, þ.e.

listin og listræn aðferð sem leið til að miðla þekkingu. Þetta gerir kröfur um fjölbreytt endurmenntunartækifæri fyrir starfsmenn í almennu skóla- og frístundastarfi.

Fjölbreytt námskeið og aðstaða á frístundaheimilum - Auka val um þátttöku í verk- og listgreinatengdum verkefnum á frístundaheimilum með námskeiðahaldi á þeim vettvangi. Styðja við starfsfólk.

Aukið samstarf við framhaldsskóla – SFS taki upp samræður um samstarf við framhaldsskóla sem kenna áfanga á sviði list og verkgreina og kanni möguleika á formlegu samstarfi um áfanga sem bjóðist öllum nemendum. Einnig séu kannaðir möguleikar á samstarfi við Listaháskólann, listkennsludeildina og tækniskóla og fjármagn tryggt til að af slíku geti orðið. Markmiðið er að opna skólana og geta greitt fyrir aðkomu sérfróðra aðila

Markviss nýting – Gæðaverkefni sem þegar hafa fest sig í sessi verði studd og markvisst unnið að nýtingu þeirra tækifæra sem þau skapa. Dæmi eru Nýsköpunarkeppni grunnskólanna, Nema hvað, GERT verkefnið og fleiri sambærileg.

Lýðræði

Aðkoma nemenda – Efla formlegan samráðsvettvang við nemendur alls staðar um framboð á valáföngum og aðgengi að atvinnulífinu, mögulega eftir skólahverfum, þannig að hægt sé að bjóða meiri fjölbreytni í reynd.

Inngangur

Nýtt skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar (2014) ákvað að kanna hvernig staðið væri að verk- og listgreinakennslu í grunnskólum Reykjavíkur. Starfshópur var stofnaður í byrjun árs 2015. Hópurinn var stór og skipaður fjölda utanaðkomandi aðila með mikla þekkingu og reynslu á þessu sviði.

Skýrslan, sem unnin er á grundvelli vinnu og gagna starfshópsins, geymir helstu niðurstöður starfshóps um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur. Samantekt hugmyndanna var í höndum fulltrúa SFS.

Gefið er yfirlit yfir starf hópsins, tillögur að áherslum og verkefnum, kannanir sem gerðar voru og niðurstöður þeirra, kynningar sem fram fóru og aðgerðir sem farið var út í á tímabilinu auk fylgiskjala og heimildalista. Heildarniðurstöður könnunar er að finna í sérriiti.

Tveir af þremur starfsmönnum SFS í starfshópnum luku störfum á sviðinu árið 2016 og ástand á þeim tíma í málefnum á sviði tónlistar töfðu úrvinnslu og eftirfylgd með þessum verkefnum. Ákveðið var þó að ljúka skýrslu og kynna hana. Mikilvægt er m.a. að halda utan um niðurstöður þeirra kannana sem gerðar voru auk þeirrar reynslu sem varð til við framkvæmd haustbúðanna.

Hópurinn lauk af mörgum ástæðu ekki formlega störfum. Tillaga frá aðila í starfshópnum um að þar sem ekki væri um eiginlegan starfshóp að ræða í ljósi vinnuframlags væri réttara að kalla fulltrúa hópsins álitsgjafa er tekin til greina og áréttað hér.

Hitt er að umræðan og áhuginn á málaflokknum á starfstíma hópsins og í kjölfar hans varð til þess að margt sem var uppi á borðum flæddi á milli og sumt fór í framkvæmd á vegum mismunandi aðila. Þannig var tekin saman skýrsla um starfsemi Mixtúru (þá Myndvers) þar sem lögð var til veruleg styrking starfseminnar. Menningartengiliðum var boðið til ítrekaðra „næringarfunda“ og áfram var haldið að safna saman og bæta mat á menningarþátttöku. Þá er fátt nefnt. Í fylgiskjali með þessari skýrslu er að finna minnisblað sem sett var fram sem svar við fyrirspurn í skóla- og frístundaráði árið 2016 þar sem sett er fram ítarlegt yfirlit yfir hópa og aðgerðir sem miðuðu að auknu vægi þessara greina í starfinu. Minnisblaðið er þó ekki tæmandi því og þar er tekið fram að sóknarfærin eru gríðarleg í þessum málaflokki.

Hlutverk og verkefni starfshópsins

Starfshópur um aukið vægi starfs-,list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur var stofnaður skömmu eftir áramót 2015. Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögur um hvernig auka mætti vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum borgarinnar. Ákveðið var að skoða einnig stöðuna á vettvangi frístundastarfs.

Helstu verkefni voru samkvæmt erindisbréfi:

1. Skoða möguleika á samstarfi við verkmenntaskóla, listaskóla, aðila vinnumarkaðarins, fræðasamfélagið og aðra sem málið snertir.
2. Kanna með hvaða hætti mögulegt er, í samhengi við aldur og þroska nemenda, að auka námsframboð verk-, tækni- og listgreina í skólum borgarinnar.
3. Skoða möguleika á að hverfatengja samstarf.

Kanna skyldi:

- hvernig unnið hefur verið að þessum málum í grunnskólum borgarinnar
- í hve miklum mæli grunnskólar meta verk- og listnám sem hluta af vali nemenda
- hvernig listbúðir Myndlistaskólans í Reykjavík hafa verið nýttar
- hvort unnt sé að útfæra slíkt nám á grundvelli hverfasamstarfs

Fulltrúar í starfshópi:

1. Fulltrúi SA , Katrín Dóra Þorsteinsdóttir SI,
2. Fulltrúi skólastjóra, Hildur Jóhannesdóttir skólastjóri Dalskóla
3. Fulltrúi ungmennaráðs, Atli Geir Alfreðsson
4. Fulltrúi Samfoks, Birgitta Bára Hassenstein
5. Fulltrúi meirihluta, Ragnar Hansson
6. Fulltrúi minnihluta, Marta Guðjónsdóttir
7. Fulltrúi SFS, Kristín Sæmundsdóttir, verkefnastjóri
8. Fulltrúi SFS, Sigfríður Björnsdóttir, verkefnastjóri
9. Fulltrúi SFS, Steinunn Ármannsdóttir, verkefnastjóri og formaður hópsins
10. Fulltrúi LHÍ , Ásthildur Björg Jónsdóttir, lektor
11. Fulltrúi Tækniskólans, Þór Pálsson, aðstoðarskólameistari
12. Fulltrúi Myndlistarskólans í Reykjavík, Halldóra Ingimarsdóttir, deildarstjóri barna- og unglíngadeildar
13. Fulltrúi Borgarholtsskóla, Kristján Ari Arason, kennslustjóri listasviðs
14. Fulltrúi Fjölbrautarskólans í Breiðholti, Stefán Rafnar Jóhannsson, fagstjóri húsmíðadeildar
15. Fulltrúi grunnskólakennara, Greta Sigríður Guðmundsdóttir, myndlistarkennari Fellaskóli
16. Fulltrúi grunnskólakennara, Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson, myndlistarkennari
17. Fulltrúi grunnskólakennara, Fríða Agnarsdóttir myndlistarkennari
18. Fulltrúi frístundamiðstöðva, Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Kringlumýri
19. Sigurjón Mýrdal, deildarstjóri hjá Mennta- og menningarráðuneyti

Vinna hópsins

Fundirnir með starfshópnum urðu fjórir, en starfsmenn hópsins hjá SFS héldu fundi þess á milli. Fyrstu þrír fundirnir voru á vormánuðum 2015 og sjá fjórði og síðasti í lok ágúst 2015.

Helstu verkefni hópsins voru samkvæmt erindisbréfi:

1. Skoða möguleika á samstarfi við verkmenntaskóla, listaskóla, aðila vinnumarkaðarins, fræðasamfélagið og aðra sem málið snertir.
2. Kanna með hvaða hætti mögulegt er, í samhengi við aldur og þroska nemenda, að auka námsframboð verk-, tækni- og listgreina í skólum borgarinnar.
3. Skoða möguleika á að hverfatengja samstarf.

Starfshópurinn fékk kynningar á ýmsum verkefnum frá aðilum innan og utan starfshópsins, en mikil þekking og reynsla var á bak við þá sem skipuðu starfshópinn. Aðilar unnu saman hugmyndir um hvernig mætti styrkja þessar greinar í skólustarfi og setti fram sviðsmyndir með tilliti til kostnaðar og krafna um umfang samstarfs hverju sinni.

Til að skoða möguleika á samstarfi við verkmenntaskóla, listaskóla, aðila vinnumarkaðarins, fræðasamfélagsins og annarra sem málið snerti fékk hópurinn kynningar aðilum innan og utan starfshópsins.

Til að kanna með hvaða hætti mætti mögulega auka námsframboð verk –tækni og listgreina í skólum borgarinnar vann hópurinn hugmyndabanka þar sem hugmyndir voru í vinnunni flokkaðar eftir litlum/miklum kostnaði og fáum/mörgum samstarfsaðilum. Þessar hugmyndir rötuðu í listann yfir meginverkefni.

Hópnum var ætlað að skoða möguleika á því að hverfatengja samstarf í málaflokknum. Ekki eru sambærilegir möguleikar í öllum hverfum hvað varðar samstarfsaðila innan og utan skólakerfisins. Hópurinn beindi sjónum sérstaklega að þeim möguleika að geta boðið fagfólki fullt starf í kennslu á þessum námssviðum með samráðningum skóla á hverfagrundi. Það gæti skapað tækifæri til sérhæfingar, fagmennsku og víðtækrar samvinnu milli starfsstaða.

Listbúðir Myndlistaskólans í Reykjavík voru kynntar í starfshópnum og í kjölfar kynningarinnar var sett fram sú hugmynd í hópnum að skoða mætti útfærslu þeirrar framkvæmdar og útvíkka inntakið. Stuðningur fékkst við hugmyndina í ljósi svipaðra hugmynda sem unnar voru á sama tíma vegna umbótaþátta í starfinu. Stofnað var til samstarfs við fjölmarga aðila og völdum tilraunaskólum send tilboðin um leið og hægt var. Kapp var lagt á að „Haustbúðirnar“ færu fram í byrjun skólaársins og því var

fyrirvarinn stuttur fyrir skóla og kennara. Haustbúðir 2015 voru framkvæmdar á þessum grunni. Sjá lýsingu í þessari skýrslu og í fylgiskjöllum.

Þátttaka var góð, en ekki nýttust þó öll tilboð sem boðin voru. Fyrirvari var stuttur og skipulag skólustarf komið í sínar skorður þegar tilboðin bárust. Síðar kom í ljós að dæmi voru um að sérgreinakennarar höfðu enga vitneskju um þessi tilboð, s.s. brauðbakstur í atvinnueldhúsi. Ástæða hlýtur að vera til að skoða hvernig megi bæta upplýsingaflæði.

Ekki var haldið áfram með tilboð í formi Haustbúðanna árið 2016. Ánægja var með tilboðin hjá þeim sem nýttu þau, en ekki var um formlegt mat á framkvæmdinni að ræða.

Umræður um útfærslur á grundvelli hverfasamstarfs snerust um mikilvægi þess að tryggja fjölbreytt framboð valgreina, sérstaklega í elstu árgöngunum, með því að byggja á samvinnu starfsstaða. Fordæmi reyndust fyrir góðu samstarfi skóla við nálæga aðila sem bjóða nám á framhaldsskólastigi og ástæða til að skoða hvernig megi styrkja slíkt í sessi.

Starfshópnun var ætlað að kanna:

- hvernig unnið hefur verið að þessum málum í grunnskólum borgarinnar
- í hve miklum mæli grunnskólar meta verk- og listnám sem hluta af vali nemenda
- hvernig listbúðir Myndlistaskólans í Reykjavík hafa verið nýttar
- hvort unnt sé að útfæra slíkt nám á grundvelli hverfasamstarfs

Framkvæmd var umfangsmikilli könnun sem beindist að því hversu fjölbreytt framboð væri á list- og verkgreinum í grunnskólum Reykjavíkur, hvernig aðstaða þeim væri búin og hvernig afstaða væri til þeirra meðal kennara og stjórnenda.

Könnunin var framkvæmd af tölfræði- og rannsóknarsviði SFS (TOR) og hófst í febrúar 2015 og lauk gagnasöfnun í lok maí það ár en úrvinnslu nokkru síðar. Þátttakendur voru skólastjórar og allir verk- og listgreinakennarar í grunnskólum Reykjavíkur auk forstöðumanna frístundaheimila¹.

Í könnuninum voru m.a. spurningar sem snéru að tíðni og umfangi samstarfs milli kennara í mismunandi skólum eftir kennslugreinum og einnig um samstarf milli hverfa. Könnunin var netkönnun. Niðurstöður hennar eru birtar í sérriti og má einnig finna í þessari skýrslu sem fylgiskjal. Mögulega eru niðurstöðurnar ekki bara mikilvægar til að móta framtíðarsýn heldur einnig vegna mögulegs samanburðar síðar.

Eftirfarandi vefsvæði voru kynnt og skoðuð sérstaklega:

<http://nkg.is/>

<http://nemahvad.is/>

<http://kveikjan.skolavefurinn.is>

<http://gert.menntamidja.is/>

<http://shadowastudent.org/how-it-works>

<http://www.educationplanner.org/counselors/job-shadowing.shtml>

Þegar starfshópurinn var stofnaður var honum ætlað að skila niðurstöðum nokkrum vikum síðar. Það reyndist ekki gerlegt og teygði vinnan sig á milli missera. Bæði fjöldi aðila í hópnun og hversu aðkoma þeirra var úr mörgum áttum reyndist flókinn grunnur til að byggja upp starf hópsins. En það var ekki síst annríki og mannbreytingar innan SFS sem höfðu hvað mest áhrif á framvinduna. Áhugi innan hópsins var mikill og metnaður fyrir hönd verkefnanna einnig. Mikilvægt er að leita til þessara eða sambærilegra aðila þegar farið verður út í að móta framtíðarverkefni á þessu sviði með tilliti til nýrrar menntastefnu borgarinnar sem nú er í vinnslu.

Helstu niðurstöður kannana

Ljóst var frá upphafi að könnun sú er starfshópurinn bar ábyrgð á að yrði unnin væri stórt verkefni. Ráðist var í að gera þrískipta könnun um stöðu list- og verkgreina í grunnskólum Reykjavíkur. Spurningum var beint til skólastjóra grunnskólanna í Reykjavík, til list- og verkgreinakennara og forstöðumanna frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundaklúbba.

Niðurstöður könnunar meðal list – og verkgreinakennara, skólastjóra og forstöðumanna í frístundastarfi má finna í sérriti sem er viðauki við þessa skýrslu¹. Hér er birt samantekt sem unnin var hjá TOR. Einnig er hér birtur samanburður á svörum skólastjóra grunnskóla og listgreinakennara, en þau reyndust nokkuð ólík.

List- og verkgreinakennarar

Langflestum list – og verkgreinakennurum finnst almennt vera jákvætt viðhorf til list – og verkgreinakennslu innan síns skóla. Um 70% kennarana finnst þeir upplifa stuðning innan síns skóla frá öðrum list – og verkgreinakennurum og skólastjórnendum en minni frá almennum kennurum og samstarfsfólki. Hvað varðar stuðning frá skólastjórnendum sérstaklega þá er hann samkvæmt svörum list – og verkgreinakennarana töluverður er varðar að geta borið upp óskir varðandi kennsluna en minni er varðar tilhliðranir í stundaskrá og fjármuni til innkaupa.

Næstum tveir af hverjum þremur kennaranna finnst list – og verkgreinakennarahópurinn í sínum skóla almennt einangraðir í starfi sínu. U.þ.b. tveir af hverjum þremur eru sáttir við þau kennslurými sem þeir hafa til afnota sem og svigrúm til efniskaupa og aðgang að fjölbreyttu námsefni. List – og verkgreinakennurum finnst margt ábótavant í sínu starfi er varðar tækjabúnað annarsvegar og tölvu – og tækniþúnað hinsvegar. Kennararnir segja list – og verkgreinakennarahópin í sínum skóla almennt hafa góða tækniþekkingu en sveigjanleika vanti til að innleiða nýja tækniþekkingu og sáralítið er um að kennararnir nýti tækni í kennslunni eins og t.d. forritun og þrívíddarprentara.

Rétt rúmur helmingur kennarana segja sig hafa nægjanleg tækifæri til endurmenntunar og vilja flestir endurmennta sig í nýjungum í starfinu.

Skólastjórakönnun

Skólastjórar segja frá miklum stuðningi í þeirra skólum við list – og verkgreinakennara og stundum mun meiri en kennararnir sjálfir greina frá í sinni könnun. Þá finnst hlutfallslega mun færri skólastjórum að list – og listgreinakennarar búi við einangrun í sínu stafi miðað við kennarana sjálfa.

Í fullyrðingum um tækjabúnað, tölvu – og tæknibúnað og tækni í kennslu lýsa skólastjórar í öllum tilvikum betra ástandi meiri og sveigjanleika gagnvart aðstöðu og starfi list – og verkgreinakennara en kennararnir gera sjálfir í sinni könnun.

Rúmur helmingur skólastjóra telur mikla þörf á að bjóða öllum nemendum upp á fleiri list – og verkgreinar sem val. Lítið er um náms – og starfskynningar einhverskonar á tveimur yngri stigum grunnskólans samkvæmt skólastjórum en nokkuð meira á unglिंगastiginu. Tveir af hverjum þremur stjórnendum telja mikilvægt að skólinn þeirra bjóði nemendum á unglिंगastigi upp á framhaldsskólaáfangu í list – og verkgreinum.

Forstöðumenn í frístundastarfi

Að sögn nærri allra forstöðumanna í frístundastarfi er á þeirra vinnustað almennt mjög jákvætt viðhorf gagnvart list – og verkgreinavinnu með börnunum og unglिंगunum. Hinsvegar segja þeir frá mjög takmörkuðum aðgangi að list – og verkgreinastofum í þeim grunnskólum sem þeirra starfsstöð er í samstarfi við. Í svörum þeirra kemur einnig fram frekar lítil ánægja með það rými sem þeir hafa aðgang að til að vinna með börnum á sviði list – og verkgreina sem og svigrúm til efniskaupa til sömu hluta.

Enn minni ánægja er með tækjabúnað og tölvu – og tæknibúnað til að geta unnið með börnum á sviði list – og verkgreina. Um 70% forstöðumanna segjast geta borið upp óskir sínar við stjórnendur frístundamiðstöðva vegna verkefna á sviði list – og verkgreina en hlutfallið fer niður í tæp 30% hvað varðar samskonar óskir gagnvart stjórnendum grunnskólans.

Að sögn forstöðumannanna er tækniþekkingu þeirra sem vinna með börnunum í frístundastarfinu ábótavant og tækni og tæki í starfinu, eins og forritun og þrívíddarprentarar, eru sáralítið notuð.


Um þrír af hverjum fjórum forstöðumönnum finnst þeir hafa nægileg tækifæri til endurmenntunar og er lítill munur á því hvort þeir vilja helst endurmennta sig í stjórnendafræðslu, verkefnastjórnun, barna – og unglिंगalýðræði, frístundafræðslu almennt eða reynslunámi.




Athverskilið hefur sigur af byrjun í tækni, heilbrigðisþróun og stjórnun í Reykjavík, en einnig er sýnt á hvernig áttíð skólinn hefur mikið Komshvata eða Bólfréttan. Þetta er samskipti sem skólinn stjórnar heppinn og þótt gerist skammt fyrir 26. nóvember, árið 1999. Í lokinu sást hvernig Langhúskúlinn en áttíð hefur heilbrigðis Komshvata þóttíð.

Samanburður á svörum skólastjóra og kennara

Þar sem skólastjórar og list- og verkgreinakennarar vinna á sama vettvangi þykir ástæða til að bera saman sýn skólastjóra og kennara á stöðu mála og viðhorf til málaflokksins. Hér eru dregin saman svör þeirra sem eru *sammála* eða *frekar sammála* fullyrðingunum sem settar eru fram í könnuninni. Svörin sýna í nokkrum tilfellum mjög mikinn mun á sýn stjórnenda og kennara og gefur það tilefni til að skoða hvernig best sé að styðja við þá þætti sem um er að ræða.




List- og verkgreinakennarar telja stuðning samstarfsfólks og stjórnenda mun minni en stjórnendur gera ráð fyrir í sínum svörum. Sú staða rímar við svör þessara sömu aðila þegar kemur að því að meta hvort list- og verkgreinakennarar eru einangraðir í störfum sínum og ættu að vinna meira í teymum list- og verkgreinakennara.




Myndin sýnir að á meðan ríflega 60% list- og verkgreinakennara svara því til að þeir telji list- og verkgreinakennara einangraða í starfi sínu og að þeir ættu að vinna meira saman í teyimum, þá telja aðeins 20% skólastjórnenda að svo sé.


Þegar spurt er um samstarf við aðra kennara og almennt viðhorf eru niðurstöður áþekkari milli hópanna, en skólastjórar þó í öllum tilfellum meira sammála fullyrðingunum. Skólastjórar virðast því ekki sjá mikla ástæðu til teymisvinnu list- og verkgreinakennara en tæp 80% þeirra vilja sjá aukningu samstarfsverkefna þeirra við kennara yngri bekkja í þemaverkefnum eða sérstökum verkefnum. Nokkuð færri stjórnendum finnst ástæða til slíks samstarfs á unglingastigi. Ekki er marktækur munur á viðhorfi list- og verkgreinakennara til þessa eftir aldurshópum. Sama hlutfall þessara kennara, eða um 60%, segir ástæðu til að auka teymisvinnu með öðrum listgreinakennurum og svo einnig að auka samstarf við kennara annarra greina á bæði yngri og efri stigum grunnskólans.




Þegar spurt er um áhuga og þekkingu á tækni og svo sveigjanleikann til að innleiða nýja tækniþekkingu kemur fram skoðanamunur milli þessara hópa. Þeir eru nokkuð sammála um áhuginn og þekkingin séu til staðar en list- og verkgreinakennara telja sveigjanleika mun síður vera til staðar vegna innleiðingar heldur en stjórnendur.



Almennur tækjabúnaður virðist samkvæmt svörum list – og verkgreinakennara vera af skornum skammti í skólum, en 2/3 skólastjóra telja ástandið ásættanlegt. Samanlagt sýna þó svörin að ánægja með fjölda og ástand tækjabúnaðar í skólum vegna list – og verkgreina er ekki mikil.



Frekari spurningar um tækniþúnaðinn sýna líka eftirtektarverðan mun á viðhorfum. Þannig eru skólastjórnendur mun sáttari við ástand þúnaðar og stöðu hans miðað við þarfir skólans heldur en kennararnir. Í öllum tilfellum sýna þó svörin að ánægja með stöðu hvað varðar tækniþúnað og ástand hans er ekki mikil.



Ástæða er fyrir yfirvöld skólamála að skoða hvernig megi auka samtal þessara hópa og koma á móts við þarfirnar á vettvangi eins og fagfólkið metur þær.

List – og verkgreinar

Góð menntun á sviði listgreina og verkgreina er flétta þriggja þátta sem allir þurfa að vera til staðar í metnaðarfullu starfi með börnum og ungmönnum: vönduð kennsla í list- og verkgreinum, menntun í gegnum aðferðir þessara greina í öðrum viðfangsefnum og svo menningar – og atvinnulífsfræðsla.

Á sama tíma og rík þörf er á því að skýra hver munur er á þessum þremur þáttum, þá er um leið mikilvægt að sjá þessa þætti sem óaðskiljanlega, samverkandi heild. Sterk heildarsýn á hverjum starfsstað er forsenda markvissrar nýtingar tækifæra og um leið ríkulegrar uppskeru hvers nemanda.

Kennsla og kennslumagn í list- og verkgreinum

Í nýrri aðalnámskrá eru list- og verkgreinar samkvæmt skilgreiningu margar, ólíkar námsgreinar⁸. Þótt ýmislegt tengi þær er margt sem greinir þær að. Það sem sameinar er áhersla á verkunnáttu, tækni, sköpun, fagurfræði og gildi, efnispekkingu, líkamsbeitingu, túlkun og tjáningu. Hins vegar er um ólíka miðla og aðferðir að ræða eftir sviðum og því ólíkar nálganir og mismiklar áherslur á framantalda þætti. Undir listgreinar heyra tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmenn og heimilisfræði. Þessi tvö svið skulu hafa jafnt vægi innan heildartímans⁸.

Í almennum hluta aðalnámskrár frá 2011 er gert ráð fyrir að hlutfall af vikulegum kennslutíma í list- og verkgreinum sé 15,48% og sé heildartími kennslu þessara greina í 1. – 10. bekk 2.080 mínútur á viku. Skipting milli árganga er 900 mínútur í 1.-4.bekk, 840 í 5.-7.bekk og 340 í 8.-10.bekk. Á þessu sést að tæplega 20% af ráðgerðum kennslutíma nemenda í 1.- 7. bekk fer í list og verkgreinar en tæplega 10 % í 8. – 10.bekk. Til viðbótar við þetta er gert ráð fyrir að valgreinar séu um 10% af vikulegum kennslutíma í 8.- 10.bekk⁸.

Í Aðalnámskrá grunnskóla 2011 segir: Til ráðstöfunar/val. Undir þetta heyra ráðstöfunarstundir skóla, einkum í 1.–7. bekk og val nemenda í 8.–10. bekk. Út frá áhersluþáttum námskrár í lögum skal hafa jafnvægi milli bóklegs náms og verklegs og þess gætt að ekki halli á verklegt nám þegar skólastarf er skipulagt. Það á einnig við um skipulag valnámskeiða. Því er gert ráð fyrir að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verktengdu námi. Taflan hér fyrir neðan er tekin úr Aðalnámskrá grunnskóla⁸.

Námssvið	1.-4. bekkur	5. - 7. bekkur	8. - 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1.- 4. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 5.- 7. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 1.- 10. bekk. Minútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

Taflan hér að neðan er samantekt og sýnir samanburð á lágmarkshlutfalli stunda sem varið er til list- og verkgreina á hverju aldurstigi þegar ekki er varið neinum ráðstöfunar og valstundum til þeirra greina. Neðri línan sýnir stundafjölda þegar helmingur ráðstöfunarstunda og valstunda er einnig reiknaður með í heildarmínútufjölda.

Yfirlit yfir heildartíma sem varið skal til list- og verkgreinakennslu í grunnskólum samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla 2011

Hlutfall af heildarstundafjölda í hverjum bekk - stundir á viku	Heildartími 1.-4. bekkur	Heildartími 5.-7. bekkur	Heildartími 8.-10. bekkur	Stundir
Hver árgangur list og verk - ef jafndreift - % af heild - ÁN 1/2 ráðst. st. og valst.	18,8%	20,0%	7,7%	2,8
Hver árgangur list og verk - ef jafndreift - % af heild - með 1/2 ráðst. st. og valst.	21,9%	21,9%	17,5%	6,5

Eins og sést þá skiptir ekki sköpum hvort helmingur ráðstöfunarstunda og valstunda er nýttur til list- og verkgreina á yngri stigum. Hins vegar sýnir taflan að list- og verkgreinar geta farið úr því að vera um 7.7% af tímamagni upp í 17.5% af tímamagni á unglingastigi ef helmingi ráðstöfunar- og valstunda er varið til kennslu list- og verkgreina, eins og heimilt er og mælt með samkvæmt aðalnámsskrá. Til glöggvunar eru settar inn tölur um hvað þetta þýðir í fjölda stunda í hverri viku á unglingastigi, en um ríflega tvöföldun er að ræða á fjölda vikustunda sem varið er til náms á sviði list- eða verkgreina.

Framkvæmd kennslunnar er skipulögð í skólum innan þessa ramma, s.s. hvernig heildartíminn skiptist milli greinanna. Ákveðið er í hverjum grunnskóla hvort námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt⁸.

Framkvæmd vals á unglingsstigi hefur ekki, að því að vitað sé til, verið bundið með tilliti til list- og verkgreina. Þannig getur nemandi mögulega valið sig frá list- og verkgreinatilboðum í vali sínu. Þó skólar bjóði margir mjög gott úrval á sviði þessara greina þá er ekki tryggt að einstakir nemendur fái þá fjölbreyttu sýn og reynslu sem stefnt er að með viðmiðum í aðalnámskrá.

Oft er á hinn bóginn erfitt með að tryggja nemendum fjölbreytni í tilboðum á sviði á list- og verkgreina, bæði vegna stærðar/smæðar skóla og skorts á fagfólki.

Lagðar eru hér fram tillögur fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkur um hvernig best verði staðið að auknu vægi þessara þátta og auka megi fjölbreytnina með samstíga aðgerðum ýmissa aðila sem málið varða.

Um listgreinar - skýrslur frá 2009, 2011 og 2013

Kennsla listgreina tengist fjölmörgum öðrum þáttum en beinni kennslu á vettvangi grunnskólanna. Í skýrslu sem unnin var árið 2009 Reykjavíkurborg um listgreinakennslu í grunnskólum Reykjavíkur eru settar fram átta tillögur⁵. Þær eru ólíkar og mismunandi erfitt er að meta hvernig tekist hefur til, en ljóst er að margar þeirra hafa fengið brautargengi: menningarfulltrúi starfar á MOF og SFS og er virkur tengiliður milli starfsstaða og stofnana á sviði lista; skólastjóri var ráðinn í Dalskóla sem hefur sterkan bakgrunn á sviði lista; þróunarverkefni á sviði lista hafa notið stuðnings; menningartengiliðastarf sem listteymi SFS hefur sett á laggirnar er tilraun til að mæta tillögu nr.2 á listanum sem snýr að einangrun list- og verkgreinakennara. Sú einangrun kom einnig fram í könnuninni sem var gerð á vegum starfshópsins¹. Forvitnilegt verður að sjá hvort tekist hefur að einhverju marki að rjúfa þá einangrun á síðustu misserum.


Í samstarfi við menningartengiliði fór fram talning á tíðni hópheimsókna á menningarstofnanir og tíðni heimsókna listafólks inn í leikskóla og grunnskóla. Í kjölfarið hefur verið að úrbótum við skráningu hópheimsókna á menningarstofnana og er bæði framkvæmd talningar og aðferðir við úrvinnslu hennar enn í mótun. Stefnt er að því að starfsstaðir geti fengið skýra mynd af eigin virkni og hvernig hún dreifist á árganga og gerð viðburða og borið sig saman við heildina í þessum efnum.

Í skýrslu Anne Bamford – List og menningarfræðsla á Íslandi – frá 2011 segir:

Listir eru vanalega kenndar af þjálfuðum réttindakennurum í vel búnum og sérhönnuðum kennslustofum. Skólastjórar, foreldrar og samfélag styðja listfræðsluna sem talin er hluti grunnmenntunar. Listir eru mikilsverður þáttur íslensks samfélags og taldar hafa persónulegt, félagslegt og listrænt gildi. Þótt talað sé um að gæði listfræðslunnar fari minnkandi á Íslandi greinir þessi rannsókn ekki slíka þróun. Þvert á móti má sjá jákvæða þróun í listfræðslu, bæði í skólum og almennt í íslensku samfélagi.²

Það má leiða líkum að því að þarna sé sú almenna umræða sem vísað er til í skýrslu Bamford lituð af snarlækkandi tímamagni, sem þó segir lítið um gæði þess sem fram fer á vettvangi skólanna. Magn og gæði eru ekki alltaf greind skilmerkilega í sundur. Það eru þó óneitanlega ákveðin gæði sem sá nemandi missir af sem til dæmis fær ekki kennslu í tónmennt. Þá er um tímamagn að ræða, en gæði þeirrar tónmenntakennslu sem fram fer í skólum er annað sjónarhorn.

Í skýrslu OECD - Art for Art's Sake? The Impact of Arts Education – frá 2013 er sýnd tafla yfir hlutfallslegt kennslumagn í listgreinum hjá 9-11 ára börnum í skyldunámi¹¹. Ísland lendir fyrir neðan meðaltalið í OECD ríkjum og langt fyrir neðan norræna nággranna okkar. Einnig sést að hlutfallið kennslumagns í listgreinum hefur lækkað mikið frá 2001.



Athyglisvert er hins vegar að sjá hversu mjög kennslumagn sömu greina hefur vaxið í Finnlandi á sama tímabili. Alltaf þarf líka að hafa í huga hversu erfitt er að tryggja að verið sé að telja saman sömu hlutina alls staðar.

Talningar Hagstofu – hvenær fer fram kennsla í list- eða verkgrein?

Vorið 2017 voru svo birtar niðurstöður talningar Hagstofu Íslands á kennslustundafjölda í list- og verkgreinum sem framkvæmd var að beiðni mennta – og menningarmálaráðuneytis³. Ráðuneytið vann úr upplýsingunum vegna skólaáranna 2013-2014, 2014-2015 og 2015-2016.

Niðurstöður sýna að skólar sem ná ekki lágmarksviðmiðum í list- og verkgreinum er að finna alls staðar á landinu. Í Reykjavík voru 15 af 38 skólum undir viðmiðunarstundaskrá skólaárið 2015-2016 í 1. – 4. bekk, eða 39% skóla. Í 5. – 7. bekk voru 29 af 36 skólum undir lágmarksviðmiði eða 80% skóla og í 8. – 10. bekk voru 23 af 29 skólum undir lágmarksviðmiði eða 79% af skólum í Reykjavík.

Einnig segir í umfjöllun um málið á vef stjórnarráðsins:

Svo virðist sem að margir skólar á unglingsstigi hafi fært list- og verkgreinakennslu undir valgreinar og séu hættir að gefa upp tilteknar kennslustundir sem skyldunám á því námssviði. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 skulu nemendur í 8.-10. bekk fá 340 kennslumínútur í list- og verkgreinum og að auki 870 kennslumínútur í valgreinum.

Þar sem verulegur misbrestur er á því hvernig skólar ráðstafa kennslumínútum til list- og verkgreina mun mennta- og menningarmálaráðuneytið upplýsa sveitarfélög um þessa niðurstöðu sem er ekki ásættanleg og ítreka mikilvægi þess að réttur nemenda til lágmarkskennslustundafjölda í list- og verkgreinum samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla sé virtur.³

Í svari við fyrirspurn sem sett var fram í skóla- og frístundaráði 22.mars 2017 kemur fram að þessi mál voru rædd ítarlega við grunnskólustjóra um leið og niðurstöður komu fram. Í þeim umræðum kom skýrt fram að skólustjórar töldu misjafnt hvernig skólar telja fram kennslu í list- og verkgreinum í greinargerðum til Hagstofunnar og benda þá sérstaklega á samþættingu, þemaverkefni og söngstundir.

Almennt virðist óskýr mörk í huga fólks á milli markvissrar kennslu og uppbyggingar á þekkingu og hæfni á sviði listgreina og verkgreina og nýtingu þeirrar hæfni eða aðferða í öðru námi og þá í öðrum greinum. Í skýrslu Anne Bamford er eftirfarandi sett fram bæði í samantekt og sem listi í 4.kafli skýrslunnar:

- Það er munur á kennslu listgreina, svo sem fagurlista, tónlistar, leiklistar eða handverks og kennslu í gegnum listir þar sem listir eða listrænar aðferðir eru notaðar í kennslu annarra greina, svo sem við að kenna læsi, stærðfræði eða tæknigreinar.
- Skólar þurfa öflugan listfræðslu en að auki listrænar og skapandi aðferðir í kennslu þar sem stuðlað er að námi með samþættum hætti í öllum greinum.
- Kennarar gera sér ekki skýra grein fyrir markmiðum og sérstöðu náms sem listfræðsla felur í sér.
- Samfella er nauðsynleg ef listfræðsla á að skila árangri, sérstaklega á milli mismunandi námsstiga.
- Skapandi starfsgreinar á Íslandi kalla eftir meira skapandi nálgun í menntakerfinu.²

Muninn milli kennslu á ákveðnu þekkingar- og hæfnisviði og svo nýtingu aðferðanna eða þekkingarinnar á öðrum námssviðum þarf að skýra. Listgreinar og verkgreinar þarf að byggja upp með öflugum hætti á sama tíma og mikilvægt er bæði að samþætta nám og nýta aðferðir ólíkra þekkingarsviða eða greina í öllu námi. Beiting aðferða og hæfni er ekki það sama og að byggja markvisst ofan á þekkingu og hæfni með þeim aðferðum sem þekkingarsviðið ræður yfir.

Lokaorð

Framundan eru ærin verkefni á sviði starfs-, list- og verknáms meðal barna og ungmenna í skóla – og frístundastarfi. Ný menntastefna borgarinnar byggir á meginstoðum sem valdar voru gegnum vandaða samvinnu margra aðila sem starfið snertir: félagsfærni, sjálfsefling, læsi, sköpun og heilbrigði. Á þessum stoðum öllum er hægt að byggja áttak á sviði starfs, list- og verknáms á næstu árum og ljóst að þær greinar og aðferðir styrkja þessar meginstoðir verulega þegar vel er haldið á spöðunum.

Samantekt OECD frá 2013 sýnir að á sama tíma og kennslumagn í list- og verkgreinum dregst verulega saman á miðstigi í íslensku skólakerfi verður umsnúningur í því finnska til aukningar slíkrar kennslu¹¹. Spurningar hljóta að vakna um hvort talning sé ólík, t.d. hvort Finnarnir hafi fundið leiðir til að telja samþættingu með öðrum hætti en gert er hér. Talna – og talningarleikfimi skýrir þó að öllum líkindum ekki allan þennan mun. Að velja það að skoða okkur í ljósi framkvæmdar frænda okkar á Norðurlöndum og að velja finnskan menntunarsérfræðing til ráðgjafar vegna vinnu við menntastefnu Reykjavíkurborgar sýnir mikinn metnað á þessu sviði.

Menntakerfi byggir á samfélagsáttmála. Sýnileiki menningar- og listapátttöku barna og ungmenna hefur stóraukist á síðustu misserum. Nægir að nefna viðburði á Barnamenningarhátíð í Reykjavík, Skrekk og sívaxandi samstarf við RÚV vegna barna og ungmenna. Því má ætla að bæði sé fyrir hendi áhugi og þekking í samfélaginu á gildi slíkrar pátttöku – bæði fyrir einstaklingana og samfélagið í heild.

Ísland skorar hátt á nýsköpunarskala Norðurlandanna í nýlegri skýrslu um stöðu Norðurlandanna, State of the Nordic Region 2018⁴. Þetta gerist þrátt fyrir að menntunarstig sé lágt þegar á heildina er litið og brottfall úr framhaldsskólum sé áhyggjuefni. Atvinnupátttaka er hér mikil og atvinnuleysi lítið meðal ungs fólks, veruleiki sem hefur sín hliðaráhrif þrátt fyrir augljósar góðar hliðar.

Ungt fólk tekur í síauknum mæli þátt í samfélaginu á vettvangi þar sem fullorðið fólk réði ríkjum áður. Nægir að nefna framgang ungra listamanna á sviði tónlistar og leiklistar, en börn og táníngar hafa slegið í gegn á síðustu misserum og tekið í vinsældum og verðlaunaveitingum fram mörgum hátt skrifuðum listamanninum.

Stöðugt hefur þurft að byggja upp, verja og endurnýja forsendur fyrir mikilli áherslu á list- og verkgreinar¹⁰. Rannsóknir sýna, og hafa lengi gert, að gildi listiðkunar fyrir börn, ungmenni og samfélagið í heild eru margvísleg^{9,11}. Menn leita áhrifa og árangurs slíkrar iðkunar með mismunandi gleraugum og þau gleraugu spegla að stórum hluta þá uppskiptingu hugmynda um ástæður fyrir kennslu í listum sem sett hefur verið fram og notuð við rýni á afstöðu og nálgun. Ástæður má einfalda og greina niður í tvo

meginflokka og síðan hvorn flokk niður í tvær meginstefnur. Þetta er gert í skýrslu á vegum Unesco frá 2003 og er hér tekið saman⁹:

- A. Listir kenndar vegna samfélagsgildis – þær eru hlut af menningu okkar og skulu því vera hluti af námi hvers manns.
 - A1. Allar greinar lista skulu kenndar sem undirbúningur fyrir einstaklinginn sem menningarlega upplýstan þátttakanda í samfélaginu.
 - A2. Litið er svo á að meginhlutverk kennslu í listgreinum sé að skapa hæfni meðal fárra til að skila menningarlífinu nægu magni fagmanna á sviði lista.

- B. Listir eru kenndar vegna áhrifa sinna – þær eru mikilvæg leið til að ná almennum menntunarmarkmiðum.
 - B1. Lögð er áhersla á góð áhrif á einstaklinginn – félagsleg, sálfræðileg og líkamleg áhrif. Börn eru þá sögð verða meira skapandi, hugmyndarík, tjáningarrík, sjálfsörugg og gagnrýnin – og eru listirnar leið til þess.
 - B2. Lögð er áhersla á mikilvægi lista sem leiðar til að kenna aðrar greinar og ná árangri á öðrum sviðum en í listunum sjálfum, s.s. betra læsi.

Baráttan til að viðhalda og efla áherslu á listfræðslu og upplifun barna hefur staðið lengi og víða. Á vettvangi Unesco hafa, auk þeirrar skýrslu sem þegar er nefnd, á þessari öld verið teknar saman nokkrar stefnumarkandi skýrslur fyrir aðildarríkin um listfræðslu. (Lissabon 2006, Seoul 2010, Seoul 2011). Nú síðast hefur verið unnin og gefin út í mars árið 2017 skýrsla um hvernig þurfi að styðja við og sækja fram á grundvelli áhersluatriða fyrri samþykka¹⁰.

Mikilvægt er að allir aðilar sem koma að mótun stefnu og framkvæmdar á sviði listkennslu séu vakandi fyrir hinu fjölbætta hlutverki og tilgangi slíkrar starfsemi og einblíni ekki um og á aðeins einn af mörgum þáttum sem mynda forsendur og gildi starfsins. Alþjóðlegt samhengi er einnig mikilvægt því það getur gefið byr undir vængi. Um leið er þó grundvallaratriði að byggja á forsendum heima fyrir.

Nýsköpun á öllum sviðum krefst fjölbættrar nálgunar á sviði vísinda, lista, tækni og verknáms, ekki aðeins fyrir elstu börnin í almenna skólakerfinu heldur allan aldurshópinn. Margt þarf að bæta í íslensku samfélagi og menntakerfi, en það er líka áskorun að viðhalda og styrkja það sem vel er gert.

Heimildaskrá

- ¹ Ásgeir Björgvinsson. (2018) *Aukið vægi starfs, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur*. Niðurstöður könnunar vorið 2015. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Reykjavík.
- ² Bamford, Anne (2011). *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- ³ Réttur nemenda til kennslu í list- og verkgreinum ekki nægilega virtur. (2017) Frétt af vef stjórnarráðsins birt 07. mars 2017. Mennta- og menningarmálaráðuneytið <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/03/07/Rettur-nemenda-tilkennslu-i-list-og-verkgreinum-ekki-naegilega-virtur/>
- ⁴ Grunfelder, J. Rispling, L., Norlén, G. (Editors). (2018). *State of the Nordic Region 2018: Nordic Council of Ministers*. Copenhagen. Sótt af <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1180241/FULLTEXT01.pdf> DOI: 10.6027/NORD2018-001
- ⁵ Listgreinakennsla í grunnskólum Reykjavíkur. (2009) Starfshópur um listgreinakennslu Reykjavík. September 2009. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/listgreinafr_sla_-_sk_rsla.pdf
- ⁶ Lög um grunnskóla nr.91/2008.
- ⁷ Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2000). *Aðalnámskrá tónlistarskóla – almennur hluti 2000*. Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- ⁸ Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2011*. Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- ⁹ O'Farrell, Larry og Meban, Margaret (2003). *Arts Education and Instrumental Outcomes: An Introduction to Research, Methods and Indicators*. Faculty of Education at Queen's University, Kingston, Canada. UNESCO. http://www.unesco.org/new/fileadmin/MULTIMEDIA/HQ/CLT/CLT/pdf/Arts_Edu_RegSess_Symp_Asia_ofarrell_meban.pdf
- ¹⁰ O'Farrell, Larry og Kukkonen, Tiina. (2017) *Transformative Action on Arts Education: Re-invigorating the Seoul Agenda*. The UNESCO Chair in Arts and Learning, Queen's University. UNESCO <http://www.eduarts.ca/sites/eduarts.ca/files/civicrm/persist/contribute/files/Position%20Paper%20on%20Re-invigorating%20the%20Seoul%20Agenda.pdf>
- ¹¹ Winner, E., T. Goldstein and S. Vincent-Lancrin (2013). *Art for Art's Sake? The Impact of Arts Education, Educational Research and Innovation*. OECD Publishing, Paris. Sótt af <http://dx.doi.org/10.1787/9789264180789-en>.

Fylgiskjöl

Erindisbréf



Erindisbréf

Heiti starfshóps: Starfshópur um aukið vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum Reykjavíkur
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson
Hlutverk: Að leggja fram tillögur um hvernig megi auka vægi starfs- list- og verknáms í grunnskólum borgarinnar.
Helstu verkefni: Skoða möguleika á samstarfi við verkmenntaskóla, listaskóla, aðila vinnumarkaðarins, fræðasamfélagið og aðra sem málið snertir. Kanna með hvaða hætti mögulegt er, í samhengi við aldur og þroska nemenda, að auka námsframboð verk-, tækni- og listgreina í skólum borgarinnar. Skoða möguleika á að hverfatengja samstarf. Kannað verði <ul style="list-style-type: none">• hvernig unnið hefur verið að þessum málum í grunnskólum borgarinnar• í hve miklum mæli grunnskólar meta verk- og listnám sem hluta af vali nemenda.• hvernig listbúðir Myndlistaskólans í Reykjavík hafa verið nýttar• hvort unnt sé að útfæra slíkt nám á grundvelli hverfasamstarfs
Fulltrúar í starfshópi: Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins - Katrín Þorsteinsdóttir (SI) Fulltrúi Verkmenntaskóla- Þór Pálsson (Tækniskólinn), Stefán Rafnar Jóhannsson (FB), Kristján Ari Arason (Borgarholtsskóli) <i>Fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis Sigurjón Mýrdal, Sigríður Lára Ásgeirsdóttir</i> Fulltrúi grunnskólastjóra- Hildur Jóhannesdóttir Fulltrúi kennara- Eyþór Bjarki Guðmundsson og Greta Sigríður Guðmundsdóttir Fulltrúi foreldra- Birgitta Bára Hassenstein Fulltrúi ungmennaráðs Reykjavíkur- Atli Geir Alfreðsson Fulltrúi fagskrifstofu SFS – Sigfríður Björnsdóttir Fulltrúi meirihluta – Ragnar Hansson Fulltrúi minnihluta -Marta Guðjónsdóttir Fulltrúi LHÍ – Ásthildur Björg Jónsdóttir Fulltrúi Myndlistarskólans í Reykjavík – Halldóra Ingimarsdóttir Fulltrúi frístundamiðstöðva – Haraldur Sigurðsson
Formaður starfshópsins: Steinunn Ármannsdóttir
Starfsmenn: Kristín Sæmundsdóttir
Ráðgjöf/samstarf: Þeir sem málið varðar
Starfstímabil: Janúar- 15.mars 2015
Skil: Lokaskýrsla til skóla- og frístundaráðs

Tillaga fulltrúa í skóla- og frístundaráði - 2014

SFS2014100222
67. fundur / fskj. 3.1

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata um aukna áherslu á starfs-, list- og verknám í grunnskólum

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að stofna starfshóp sem hafi það hlutverk að leggja fram tillögur um hvernig megi auka vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum borgarinnar. Skoðaðir verði möguleikar á samstarfi við verkmenntaskóla, listaskóla, aðila vinnumarkaðarins, fræðasamfélagið og aðra sem málið snertir. Starfshópurinn kanni í þessu samhengi með hvaða hætti mögulegt væri, í samhengi við aldur og þroska nemenda, að auka námsframboð verk-, tækni- og listgreina í skólum borgarinnar. Sérstaklega verði skoðaður fýsileiki þess að skipuleggja slíkt nám á grundvelli hverfasamstarfs. Starfshópurinn leggi fram nokkrar útfærðar sviðsmyndir sem taki til framkvæmdar, kostnaðar og möguleika skóla til samstarfs. Starfshópurinn skili skýrslu til skóla- og frístundaráðs eigi síðar en 15. mars 2015.

Greinargerð

Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum, bæði bóklegu námi og verk- og listnámi. Hlutverk grunnskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri mótun. Grunnskólinn undirbýr því nemendur sýna undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífinu að því loknu. Í námi sínu þarf nemandinn að fá tækifæri til gera sér grein fyrir styrkleikum sínum, bæði þeim sem snúa að bóklegri þekkingu og ekki síður þeim er snerta verkþekkingu og verklega færni.

Starfshópurinn skoði því mögulegar útfærslur á með hvaða hætti væri æskilegt að koma þessari hugmynd í framkvæmd m.a. með því að kanna hvernig hefur verið unnið í grunnskólum borgarinnar að þessum málum. Má í því sambandi nefna samstarf Háteigsskóla og Tækniskóla Íslands þar sem með skipulegum hætti var unnið með 8. bekk að kynningu á ýmsum iðngreinum sem kenndar eru í Tækniskólanum og tillögur sem nefnd um iðn- og starfsfræðslu vann árið 2009 um fjölbreyttar leiðir til að auka þessa fræðslu í grunn- og leikskólum. Einnig verði kannað hvernig listbúðir sem verið hafa í boði í samvinnu við Myndlistaskólann í Reykjavík hafa verið nýttar. Kannað verði í hve miklu mæli grunnskólar hafi metið verk- og listnám sem hluta af vali nemenda.

Jafnframt verði kannað hvort unnt sé að útfæra slíkt nám á grundvelli hverfasamstarfs. Til dæmis gæti verið um að ræða samstarf ýmissa aðila svo sem hverfisskóla (grunn- og framhaldsskóla), félagsmiðstöðvar, fræðasamfélagsins og aðila vinnumarkaðarins í einstökum hverfum borgarinnar.

Fundir starfshóps

Fyrsti fundur starfshópsins 1.febrúar 2015

- Sigfríður Björnsdóttir deildarstjóri listgreinakennslu á SFS kynnti hópnum hlutverk hans og verkefni. Hún minnti á að samkvæmt lögum eigi allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum, bæði bóklegu námi og verknámi. Síðan kynnti hún skýrslu starfshóps um listgreinakennslu í grunnskólum Reykjavíkur frá 2009 og fór yfir tillögur þess hóps og hvað hefði gengið eftir af þeim.
- Seinni hluta fundarins notaður til hugmyndavinnu með starfshópnum. Hugmyndasafnið skiptist í eftirtalda þætti: starfsnám – verknám - listir – atvinnulífið, og voru hugmyndir flokkaðar eftir kostnaði og fjölda samstarfsaðila í framkvæmd þeirra. Starfshópurinn vann einnig spurningar til að hafa í könnun sem senda skyldi til listgreinakennara í grunnskólum borgarinnar. Þá gerði starfshópurinn tillögur um kynningar sérfróðra gesta á næstu fundum. Vísa í lista í fylgiskjali – hugsanlega. (hugmyndasafn starfshópsins)

Annar fundur starfshópsins 26.febrúar 2015

Fundarmenn fengu afhent drög að spurningalista frá TOR til umfjöllunar. Auk þess var afhent hugmyndasafn starfshópsins frá síðasta fundi. Eftirfarandi gestir fluttu erindi:

- Vigfús Hallgrímsson, þjónustufulltrúi grunnskóla Hafnafjarðar greindi frá því hvernig unnið er að því að auka list- og valgreinaval grunnskólanemenda í samstarfi við lðnskóla Hafnafjarðar. *
- Guðrún Bachmann kynningastjóri vísindamiðlunar Háskóla Íslands FIRST LEGO League . Hún greindi frá árlegri Lego tækni- og hönnunarkeppni grunnskólanna. Þetta er samfélagsverkefni til að gera ungt fólk opnara fyrir vísindum. Vísindasmiðjan er opin frá september – júní, þrjá daga í viku og er í boði fyrir miðstig og efstastig , áhersla er á forritun – einnig er haldið námskeið fyrir kennara. *
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sagði frá stefnumótun *Samtaka atvinnulífsins* og hugmyndum til að opna fyrirtækin fyrir nemendum skólanna. Greindi hún meðal annars frá væntanlegum fundi með fullrúum Reykjavíkurborgar þar sem ræða á samstarf milli fyrirtækja borgarinnar og vinnuskóla Reykjavíkur.

Þriðji fundur starfshópsins 9.mars 2015

Kannanir voru tilbúnar af hálfu starfshópsins en starfsmenn hópsins héldu nokkrar fundi með fulltrúum TOR og unnu í spurningalistum vegna kannana. Spurningalistarnir voru sendir hópmeðlimum til yfirferðar og tekið við ábendingum. Kynningar á vel heppnuðum verkefnum héldu áfram og umræður í kjölfarið.

Kynningar:

- Halldóra Ingimarsdóttir, deildarstjóri barna- og unglíngadeildar Myndlistaskóla Reykjavíkur og Elsa Dóróthea Daníelsdóttir, myndlistakennari í Myndlistaskóla Reykjavíkur kynntu listbúðir Myndlistaskólans í Reykjavík í grunnskólum Reykjavíkur.
- Greta S. Guðmundsdóttir, myndmenntakennari Fellaskóla og Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri Fellaskóla greindu frá listbúðum í Fellaskóla og lærdómsríku samstarfi skólans við Myndlistaskóla Reykjavíkur.
- Katrín Dóra Þorsteinsdóttir forstöðumaður menntunar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins kynnti þrjú verkefni SI á grunnskólastigi. Fyrsta verkefnið nefnist GERT sem stendur fyrir Grunnmenntun Efld í Raunvísindum og Tækni, annað verkefnið nefnist Nema Hvað, hvar vilt þú vera eftir þrjú til fjögur ár? Þriðja verkefnið nefnist NKG, nýsköpunarkeppni grunnskólanna.

Vinnudagar starfshópsins 13.og 14. ágúst 2015

Stefnt hafði verið að vori að vinnudögum þessa daga í ágúst en af þeim varð ekki þar sem margir meðlimir hópsins reyndust ekki geta tekið þátt á þessum tíma.

Fjórði fundur starfshópsins 24.ágúst 2015

Farið var yfir þátttökutölur í könnunum en ekki hafði verið unnið úr þeim nema að hluta þegar þarna var komið sögu. Farið var yfir inntak og fyrirhugaða framkvæmd Haustbúða 2015.

Kynningar:

- Ásgeir Björgvinsson SFS kynnti drög að niðurstöðu úr könnunum.
- Þorbjörg Þorsteinsdóttir SFS sagði frá Menntabúðum fyrir kennara á Menntavísindasviði HÍ auk þess sem hún kynnti hvernig mætti vinna með tæknikoffort í skólastarfi.

Fundur með stjórnendum Haustbúða 31.ágúst 2015

Mættir: Arnar fræðslufulltrúi iðn og verkgreina frá Iðu, Guja Dögg Haugsdóttir frá Myndlistaskóla Reykjavíkur, Ramon dansari og kennari frá Shar, Erla Rut Haraldsdóttir frá Sönglist, Raket Sölvadóttir frá Skema, Steinunn Ármannsdóttir ráðgjafi SFS, Sigríður Björnsdóttir deildarstjóri listfræðslu SFS, Sigríður María Hreiðarsdóttir sérfræðingur fjármálaþjónustu SFS, Kristín Sæmundsdóttir verkefnastjóri SFS sem ritaði fundinn.

Þetta gerðist:

- Steinunn Ármannsdóttir setti fund og bað fundarmenn um að kynna sig og störf sín.

- Sigfríður Björnsdóttir deildarstjóri listfræðslu kynnti hlutverk og helstu verkefni starfshópsins og hugmyndir að tilraunaverkefni í fimm grunnskólum borgarinnar með list- og verkbúðir í haust.
- Eftirtöldum grunnskólum var boðið að taka þátt í tilraunaverkefninu en þeir eiga það sameiginlegt að þar eru skólastjórnir nýráðnir; Austurbæjarskóli, Breiðagerðisskóli, Fellaskóli, Seljaskóli og Vesturbæjarskóli.
- Farið var yfir hugmyndir að skipulagi haustbúðanna.
- Stjórnendur haustbúða voru beðnir um að senda lýsingu til skólastjóra um hópastærðir nemenda.
- Farið var yfir fjárhagsramma haustbúðanna.
- Sigríður María frá fjármálaþjónustunni afhenti stjórnendum upplýsingar frá SFS um það sem þarf að koma fram á reikningum frá list- og verbúðunum.s.s. kostnaðarstað og reikningsnúmer.

Sjá styttri lýsingar á inntaki Haustbúða 2015 í fylgiskjöllum. Lengri lýsingar samstarfsaðila voru kynntar öllum mögulegum þátttakendum.

Haustbúðir – yfirlit yfir framboð

Haustbúðir 2015						
Öllum pöntunum skal lokið fyrir 1. október	x merkir - á ekki við					
	Aldurshópur	Tímabil	Fjöldi daga/tímar p.skipti	Tímasetn.	Hópastærð	
Shár-böpurinn:						
<i>Dansbúðir stórar og smáar (allur aldur)</i>	allur aldur	15.sept.-15.des.	2-6 tímar	mán/flim 12-14	allt að 60 nemendur	
<i>Dansbúðir stórar og smáar (allur aldur)</i>	allur aldur	15.sept.-15.des.	2-6 tímar	þri/fös 8-14	allt að 60 nemendur	
<i>Dansbúðir stórar og smáar (allur aldur)</i>	allur aldur	15.sept.-15.des.	2-6 tímar	mið 12-17	allt að 60 nemendur	
Myndlistaskólinn:						
<i>Byggingarlist. Borg og bý: heima</i>	1.-4.bekkur	1.okt-15.des	3x3 tímar samtals	kl.9-12	allt að 32 nemendur	
<i>Byggingarlist. Borg og bý: inni</i>	5.-7.bekkur	1.okt-15.des	3x3 tímar samtals	kl.9-12	allt að 32 nemendur	
<i>Byggingarlist. Borg og bý: úti</i>	8.-10.bekkur	1.okt-15.des	3x3 tímar samtals	kl.9-12	allt að 32 nemendur	
Íðan - starfsmenntasetur:						
<i>Kanntu brauð að baka</i>	7.-10.bekkur	2.nóv-6.nóv	4x4 tímar samtals	kl.9-13	12 nemendur	
<i>Margmiðlum og útgáfa</i>	8.-10.bekkur	2.nóv-6.nóv	4x4 tímar samtals	kl.9-13	2x10 nemendur	
<i>Smíði tafsetts</i>	5.-7.bekkur	2.nóv-6.nóv	3x4 tímar samtals	kl.9-13	2x8 nemendur	
Mixtura - Margmiðlanarver SFS:						
<i>Rit-, klippimynda- og hreyfimyndasmíðja</i>	6.b-10.b	14.,15. og 16.okt	3x3 tímar samtals	kl.9-12	bekkur (skipti í þrennt)	
	6.b-10.b	21. 22. og 23.okt	3x3 tímar samtals	kl.9-12	bekkur (skipti í þrennt)	
Skema - lærritun:						
<i>Grunnforritun / Kodu</i>	1.-4.bekkur	1.okt-15.des	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
<i>Grunnforritun / Alice</i>	5.-10.bekkur	1.okt-15.des	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
<i>Tækjaforritun</i>	1.-4.bekkur	1.okt-15.des	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
<i>Tækjaforritun</i>	5.-10.bekkur	1.okt-15.des	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
<i>Minecraft - Hönnun / Landfræði</i>	allur aldur	1.okt-15.des	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
<i>Minecraft - Hönnun / Framtíðarskólinn</i>	allur aldur	1.okt-15.des	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
<i>3D hönnun</i>	5.-10.bekkur	1.okt-15.des	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
Borgarbörn:						
<i>Leiklistarbúðir í Iðnó</i>	1.-4.b eða 8.-10.b	9.nóv-12.nóv	4x3 tímar samtals	8:30-11:30	bekkur	
<i>Leiklistarbúðir í Iðnó</i>	1.-4.b eða 8.-10.b	16.nóv-19.nóv	4x3 tímar samtals	8:30-11:30	bekkur	
<i>Leiklistarbúðir í Iðnó</i>	1.-4.b eða 8.-10.b	23.nóv-26.nóv	4x3 tímar samtals	8:30-11:30	bekkur	
Tæknikistan:						
<i>Tæknikoffort SFS - Little bits og fleira</i>	1.-5.bekkur	1.nóv-15.des	2x2 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	

Haustbúðir – styttri lýsing



Haustbúðir 2015 List –, tækni - og verkgreinar

Tilraunatilboð í skóla haustið 2015—samstarf við valda fagaðila

Haustbúðum er ætlað að bjóða tækifæri sem alla jafna eru ekki til staðar í skólasterfi og skulu nánast án undantekinga miðast við virka þátttöku nemenda allan tímann og að þeir geti sýnt með einum eða öðrum hætti afurð í lok vinnubúða. Skólinn getur nýtt útkomuna með þeim hætti sem honum best hentar.

Skólar geta valið eina til þrjár haustbúðir. Ef valdar eru fleiri búðir en ein skulu þær vera ólíkar. Skólar geta ráðað haustbúðum á bekki eða árganga að vild. Þó er rétt að hafa í huga að átakanu er ætlað að efla þessar greinar í öllum aldurshópum.

Miðað er við að aldrei sé minni hópur en heill bekkur að taka þátt í hverri haustbúð, þó honum sé svo mögulega skipt upp í vinnunni. Hópar geta þó í samráði við umsjónaraðila hvorrar haustbúðar verið mun stærri, enda búðirnar ólíkar að innri gerð.

Þátttaka er skólum að kostnaðarlausu og jafnframt verður mætt efniskostnaði og hóflegum kostnaði vegna aksturs nemenda. SFS sér um fjárhagshlið framkvæmdarinnar og umsjónaraðilar munu gera samninga við sviðið.

Bestu þakkir fyrir jákvæð og snör viðbrögð.



Ágrip hér - gögn frá samstarfsaðilum

Hér er að finna ágrip af því sem er í boði. Hver samstarfsaðili hefur sent lýsingar sem fylgja með þannig að stjórnendur og kennarar geti rýnt sem best í tilboðin og metið hvað hentar þeim best að þessu sinni.

Athugið að sumum búðum fylgja örnámskeið fyrir kennara.

Almennt þarf að tilkynna þátttöku fyrir 1. október næstkomandi.



Hvernig valið?

Sex skólar fá tilboð nú - í öllum skólahverfum og af öllum gerðum.
Fimm nýir skólastjórnar og einn nýlega sameinaður unglingskóli.

Haustbúðir - skólar sem fá tilboð um þátttöku 2015:

- © Austurbæjarskóli
- © Breiðagerðisskóli
- © Fellaskóli
- © Foldaskóli
- © Seljaskóli
- © Vesturbæjarskóli

Samstarfsaðilar:

SKEMA

IDAN

MIXTÚRA

BORGARBÖRN

MYNDLISTASKÓLINN

SHÁR-HÓPURINN

TÆKNIKOFFORT SFS

SKEMA—tæknismiðjur

Tæknismiðjur Skema eru hugsaðar fyrir einn grunnskólabekk í einu haustið 2015. Þjálfun, aðstaða og öll námsgögn innifalin. Hver tæknismiðja felur í sér þrjár heimsóknir í Tæknisetur Skema (Siðumúla 23, 108 Reykjavík) þar sem kennt er 4 klukkustundir í hvert skipti — samtals 12 klst.

Aðstaðan í setrinu hefur verið sérstaklega hönnuð með fjölbreytileika barna í huga, tekið tillit til mismunandi lærdómsörðuleika og/eða styrkleika auk þess sem húsgögn voru sérvalin með athyglisstyrkingu barna fyrirrúmi.

Þess má geta að Tæknisetur Skema er fyrsta barnvæna tæknisetrið í heiminum. Það er einnig í boði fyrir skólana að fá þjálfara Skema til sín ef tölvubúnaður er til staðar og leyflegt að setja upp þann hugbúnað sem nýttur er á hverri tæknismiðju fyrir sig.

Í boði er: forritun, Minecraft og 3D hönnun



Tæknismiðjur eru í boði frá og með 1. október 2015 til 15. desember og samkomulagsatriði hvaða dagsetningar og tímar henti best hverjum skóla fyrir sig.

ÍÐAN - tilboð á sviði verkgreina (minni hópar)

Þrjár búðir standa til boða í samstarfi við Íðuna: brauðbakstur í atvinnueldhúsi, útgáfunámskeið, smíði tafsetts og brauðbakstur í atvinnueldhúsi.

Kennsla útgáfuhóps og smíði tafsetts fer fram í húsnæði ÍÐUNNAR – fræðsluseturs, Vatnagördum og er reiknað með um þremur fjögurra stunda vinnulotum þ.e. þremur dögum frá 9:00 – 13:00. Aðstaðan í Vatnagördum er mjög góð en þar eru hvort tveggja rúmgóðar kennslustofur og þægileg vinnuástaða.

Viðfangsefni búðanna er brauð- og tertubakstur. Nemendur baka frá grunnri tvær brauðtegundir, tvö smábrauð, tertu og/eða kransaköku og skreyta. Búðimar eru ætlaðar áhugasömum nemendum í 7. – 10. bekk. Reiknað er með stuttum fundi með viðkomandi kennara áður en vinna hefst og einnig að henni lokinni svo meta megi hvað vel tókst og hvað megi bæta.

Athugið – ætlað mismunandi áldurshópum!



Skráningarfrestur til 20. október

MIXTÚRA - margmiðlunarver skóla- og frístundasviðs

Nemendur í dag eru aldrið upp í samfélagi þar sem að videómyndir og annað margmiðlunarefni er hluti af þeirra daglega umhverfi. Því er mikilvægt að bæði efla læsi á margmiðlunarefni og þekkingu á hvernig það er búið til. Þetta eykur á gagnrýna hugsun nemandans og skerpir skilninginn á margmiðlunarefni.

Markmið haustbúðanna er að aðstoða nemendum að bæði læra á tæknilegu hlið kvikmynda- og hreyfimyndgerðar en líka listrænu og faglegu hlið hennar. Þau



Kvikmyndagerð er vaxandi atvinnugrein á Íslandi

munu vinna með handhæg smátæki sem finna má á flestum nútímaheimilum, vefmyndavélar og snjallsíma. Í lok búðanna ætti nemendinn að vera fær um að skapa sitt eigið efni á sínar eigin græjur.

Nemendum verður skipt í þrjá hópa og munu þeir fara í þrjár vinnubúðir. Hver vinnubúð hefur sitt þema: handritagerð og leikstjórn undir handleiðslu Ásu Helgu Hjörleifsdóttur, klipping og kvikmyndataka undir handleiðslu Daggar Mósesdóttur og hreyfimyndagerð undir handleiðslu Þóreyjar Mjallhvítar H. Ómarsdóttur.

BORGARBÖRN

Meginviðfangsefni er uppsetning á leikriti. Nemendur fá handrit í hendur sem inniheldur allavega eitt lag sem sungið verður af leikarahópnum. Einfaldar hreyfingar verða gerðar við lagið. Í handriti er að finna hlutverk fyrir hvern og einn. Ekki verður um spuna að ræða, heldur er markmiðið að gefa nemendum innsýn inn í heim atvinnuleikhúsanna, þar sem leikarar kynnast í raun verkefningu á fyrsta samlestri og vinna út frá því að sýningu. Samvinna er afar mikilvæg þar sem hver einstaklingur, hversu lítið hlutverk sem hann er með, skiptir máli. Samstaða hópsins í heild gefur góða útkomu. Sýning á leikriti verður á lokadegi leiklistar-búðanna.

Stærð hópsins er einn bekkur og er í boði fyrir yngsta stig og unglingastig.

Að lágmarki tveir kennarar frá Borgar-

börnum verða með hverja búð, í sumum tilfellum þrír. Um er að ræða leiklistar-kennara og er einn af þeim einnig dans-kennari. Gert er ráð fyrir að kennari bekkjar sé til staðar.

Nemendur fá handrit í hendur, þar sem hverjum og einum er úthlutað hlutverki. Textann þurfa nemendur að læra utanbókar og er lögd áhersla á mikilvægi textakunnáttu þar sem áframhaldandi sköpun og skreyting á karakter ásamt öryggi á sviði, byggist á því. Sviðsmunir/leikmynd verða í algjöru lágmarki og einnig allt sem viðkemur búningum. Í flestum tilfellum eru nemendur/leikarar beðnir um að koma með fatnað að heiman, þ.e. eitthvað sem þegar er til og hægt er að nota á sýningunni.



"Sköpun og skreyting á karakter ásamt öryggi á sviði byggir á textakunnáttu"

Að öðru leyti sjá Borgarbörn um að útvega það sem þarf.

MYNDLISTASKÓLINN – Borg og bý

Haustbúðir sem boðið er upp á 2015 taka þriggja daga, 3 klst á dag.

Miðað er við allt að 32 nemendur í einu. Nemendur koma til búðanna með kennurum sínum og stuðningsfulltrúa.

Auk þess er haldið stutt undirbúningsnámskeið fyrir þá kennara og stuðningsfulltrúa sem taka þátt í listbúðunum.

Ætlast er til að kennarar hafi ákveðið hlutverk sem e.k. "linuverðir", en kennarar frá Myndlistaskólanum leiða starfið undir fyrirfram ákveðnu þema eða yfirskrift sem

leiðir nemendur í gegnum tvívíða og þrívíða vinnu, vitræna sem skýnræna - þ.m.t. hugmyndavinnu, þróun og dýpkun hugmynda í efni, margvíslega tjáningu bæði á myndrænu formi sem í frásögnum, verklegar framkvæmdir o.fl., og endar með sýningu eða gjörmingi sem miðlar verkum þeirra í stærra samhengi.

Sýningin getur sem hægst verið seflutt í heimaskóla að loknum búðum, nemendum til stolts og öðrum í skólanum til innblásturs.



"Tvívíð og þrívíð vinna"

SHÄR-HÓPURINN

Dansvinnusmiðjurnar eru leiddar af meðlimum SHÄR hópsins sem er alþjóðlegur hópur listamanna sem hafa það markmið að dreifa dansi og skapandi gleði. Hópurinn hefur síðustu ár haldið vinnusmiðjur í Svíþjóð, Noregi, Ítalíu og vorið 2014 ferðaðist hópurinn um Ísland. Dansstíllinn er ekki tilgreindur því hópurinn vill að þátttakendur komi með opnum hug í vinnusmiðjuna og séu ekki með fyrirfram ákveðna mynd af því hvað

þau séu að fara að gera og þar af leiðandi vonandi fundið sína eigin leið til að hreyfa sig og dansa.

Smiðjan eykur kunnáttu barnanna á því hvað dans getur verið fjölbreyttur. Þau komast að því að dans getur verið fyrir alla. Þau efla sköpunargáfu og komast að því hvað hreyfingin lætur þeim líða vel. Þau læra að vinna saman, hlusta og horfa á hvort annað. Og fyrst og fremst hafa gaman að og vikka sjóndeildarhringinn.



"Smiðjan eykur kunnáttu barnanna á því hvað dans getur verið fjölbreyttur"

Tæknikoffort SFS

Tæknikoffort SFS er haustbúðatilboð til yngstu nemendanna sem er ætlað að mæta þeim sem vilja frekar stuttar heimsóknir inn í skólaföng. Tæknikoffort eru kassar sem innihalda tækni (t.d. 3D penna, forritanleg og fjarstýrð tæki og einföld rafrásarleikföng s.s. Little bits) ásamt kennsluhugmyndum sem má á auðveldan hátt samþætta við skóla- og frístundastarf. Í haustbúðum mun umsjónarmaður sjá um framkvæmd ásamt bekkjarkennara.

Í nútímasamfélagi eru gerðar auknar kröfur um fjölbreytta hæfni, þekkingu og getu einstaklinga á ólíkum sviðum. List-, tækni- og verkgreinar eru mikilvægur hluti menntakerfis, ekki síður en bóklegar greinar og eru gjarnan vettvangur fjölbreyttra og skapandi viðfangsefna.

Námsgreinar sem flokkast undir verk-, tækni- og listnáms hafa á stundum þótt standa höllum fæti gagnvart bóklegum greinum. Þá hefur sókn ungmenna í verkefni námsgrunnskóla farið þverrandi á sama tíma og flest íslensk ungmenni sækja framhaldsskóla en velja þá að taka bóklegar námsbrautir fram yfir verklegar. Rannsóknir sýna að brotthvarf íslenskra ungmenna úr framhaldsskólum er meira en gengur og gerist í öðrum löndum, sem bendir meðal annars til þess að þau hafi upphaflega ekki valið sér nám sem hentaði þeim.

Sköpun er einn af grunnþáttum í aðalnámskrám leik- og grunnskóla. Í skapandi starfi er notast við fjölbreyttar kennsluáferðir og vinnubrögð þar sem tækifæri gefast til að vinna með fjölbreytilegan efnivið. Börn og ungmenni eiga val um ólíkar leiðir til að vinna úr hugmyndum sínum og nýir miðlar og tækni eru nýtt á áhugaverðan og skapandi hátt.

Mikilvægt er að hlúa í auknum mæli að verk-, tækni- og listnámi í skóla- og frístundastarfi með það fyrir augum að efla áhuga barna og ungmenna á þeim möguleikum sem felast í því að mennta sig á þeim sviðum eftir formlegum og óformlegum leiðum.

<http://reykjavik.is/verk-tækni-og-listnam>



31. grein Barn á rétt til hvíldar og tómstunda, til að stunda leiki og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.

Yfirlit yfir haustbúðir í boði 2015

Haustbúðir 2015		x merkir - á ekki við				
Öllum þátttökum skal lokið fyrir 1. október	Aldurs hópur	Tímabili	Fjöldi daga/tímur p.skipti	Tímasetn.	Hópastærð	
Star-þóttir:						
Dansbúðir stórar og smáar (allur aldur)	allur aldur	15. sept.-15. des.	2-6 tímar	mán/finn 12-14	allt að 60 nemendur	
Dansbúðir stórar og smáar (allur aldur)	allur aldur	15. sept.-15. des.	2-6 tímar	þri/fös 9-14	allt að 60 nemendur	
Dansbúðir stórar og smáar (allur aldur)	allur aldur	15. sept.-15. des.	2-6 tímar	mið 12-17	allt að 60 nemendur	
Myndlistaskólinn:						
Byggingarlist. Borg og by: heima	1.-4. bekkur	1. okt.-15. des.	3x3 tímar samtals	kl. 9-12	allt að 32 nemendur	
Byggingarlist. Borg og by: líni	5.-7. bekkur	1. okt.-15. des.	3x3 tímar samtals	kl. 9-12	allt að 32 nemendur	
Byggingarlist. Borg og by: úti	8.-10. bekkur	1. okt.-15. des.	3x3 tímar samtals	kl. 9-12	allt að 32 nemendur	
Íkán - starfsmenntasetur:						
Kenntu brauð að baka	7.-10. bekkur	2. nóv.-6. nóv.	4x4 tímar samtals	kl. 9-13	12 nemendur	
Margmílan og útgáfa	8.-10. bekkur	2. nóv.-6. nóv.	4x4 tímar samtals	kl. 9-13	2x10 nemendur	
Smíði tafsetts	5.-7. bekkur	2. nóv.-6. nóv.	3x4 tímar samtals	kl. 9-13	2x8 nemendur	
Miastúra - Margmílanarver SFS:						
Rit-, klippimynda- og hreyfimyndasmíða	6.a-10.b	14., 15. og 16. okt.	3x3 tímar samtals	kl. 9-12	bekkur (skipt í þrennt)	
	6.a-10.b	21. 22. og 23. okt.	3x3 tímar samtals	kl. 9-12	bekkur (skipt í þrennt)	
Skema - forritun:						
Grunnforritun / Kodu	1.-4. bekkur	1. okt.-15. des.	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
Grunnforritun / Alice	5.-10. bekkur	1. okt.-15. des.	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
Tækjoforritun	1.-4. bekkur	1. okt.-15. des.	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
Tækjoforritun	5.-10. bekkur	1. okt.-15. des.	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
Minecraft - Hönnun / Landfræði	allur aldur	1. okt.-15. des.	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
Minecraft - Hönnun / Framtíðarskólinn	allur aldur	1. okt.-15. des.	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
Minecraft - Hönnun / Framtíðarskólinn	5.-10. bekkur	1. okt.-15. des.	3x4 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	
Borgarbörn:						
Leikistarbúðir í líni	1.-4. b eða 8.-10. b	9. nóv.-12. nóv.	4x3 tímar samtals	8:30-11:30	bekkur	
Leikistarbúðir í líni	1.-4. b eða 8.-10. b	16. nóv.-19. nóv.	4x3 tímar samtals	8:30-11:30	bekkur	
Leikistarbúðir í líni	1.-4. b eða 8.-10. b	23. nóv.-26. nóv.	4x3 tímar samtals	8:30-11:30	bekkur	
Tæknikístan:						
Tæknikoffort SFS - Little bits og fleira	1.-5. bekkur	1. nóv.-15. des.	2x2 tímar samtals	Samkomulag	bekkur	

Sjá nánar í bæklingi og lýsingu samstarfsaðila.

Umsjón: Listteymi SFS

Vinsamlegast hafið samband við SFS ef þið þarfnist aðstoðar við framkvæmdina eða uppgjör.

sigfridur.bjornsdottir@reykjavik.is



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Atvinnulífsvikin –nánari lýsing á hugmynd

Páverandi fræðslustjóri SA, Þorgerður Gunnarsdóttir, kom með hugmynd um samstarf við skóla – og frístundasvið um viku atvinnulífsins. Við nánari skoðun virtist vænlegt að framkvæma þá viku í samvinnu við Vinnuskóla Reykjavíkur og mögulega Bíó Paradís. Þorgerður lýsti verkefninu þannig:

Hugmyndin fjallar í grófum dráttum um að í unglingavinnu Reykjavíkurborgar eftir 9. bekk verði ein vika tileinkað atvinnulífinu og nefnd Atvinnulífsvika.

Hugsunin á bak við þessa tillögu er að víkka út sjónarhorn unga fólksins okkar á fjölbreytni innan og milli atvinnugreina; að þau skilji og skynji þau fjölmörgu tækifæri sem atvinnulífið býður upp á. Einnig að þau þurfi sjálf að þæla nokkuð í hvert og hvernig leiðin eigi að liggja að grunnskóla loknum. Er talið heppilegast að gera þetta áður en komið er inn í 10. bekk í grunnskóla og val um framhaldsskóla og námsleiðir á sér stað.

Hlutverk borgarinnar yrði að tryggja unga fólkinu laun fyrir vikuna líkt og venjulega með unglingavinnunni. Á móti kæmi atvinnulífið að því að skipuleggja hvern dag fyrir sig með áherslu og fræðslu um tiltekna atvinnugrein innan aðildarfélag Samtaka atvinnulífsins. Yrðu vinnustaðaheimsóknir stærsti liðurinn í slíkri kynningu þar sem m.a. fjölbreyttur bakgrunnur starfsfólks fyrirtækjanna yrði dreginn fram.

Einn dagur gæti verið dagur iðnaðarins og orkufyrirtækja, annar yrði tileinkaður ferðaþjónustunni, sá þriðji dagur sjávarútvegsins, sá fjórði væri kynning á tryggingar- og fjármálaþjónustu og sá fimmti yrði verslunarinnar.

Með þessu bindum við einnig vonir við að unga fólkið hugsi meira um tækifærin sem liggja í margs konar starfsnámi samhliða möguleikunum sem hver starfsgrein býður upp á.

Vel var tekið undir þessa hugmynd í starfshópnum. Unnið var að mótun framkvæmdar á hugmynd um samvinnu Samtaka atvinnulífsins og Vinnuskóla Reykjavíkur haustið 2015 og stefnt að framkvæmd vorið 2016. Fengnir voru níu skólar til tilraunasamstarfs og unnið að ytra skipulagi með Vinnuskóla Reykjavíkur. Hugmyndin þróaðist í samtali fulltrúa SA og fulltrúa SFS. Ekki tókst að framkvæma hana að þessu sinni.

Stutt lýsing á því sem stóð til að gera. Tveir skóladagar í lok skólaársins væru skipulagðir fyrir allan árganginn í 9. bekk grunnskóla þar sem hópar fengju fræðslu og fyrirlestra um atvinnulífið og námið sem því tengist. Þrír dagar væru svo valfrjálssir, væru hluti af vinnuskólanum (ekki grunnskólanum), og nemendur væru á launum við að heimsækja vinnustaði að eigin vali og fá fræðslu um það sem þar fer fram í smærri hópum.

Framkvæmdin í heild væri stór þar sem um 1000-1500 nemendur eru að jafnaði í hverjum árgangi grunnskólans. Mögulega þyrfti að fá stóran vettvang eins og Hörpu í samvinnu um verkefnið vegna stóru daganna tveggja þegar kæmi að því að framkvæma þetta fyrir heilan árgang. Væntanlega þyrfti svo að koma nemendum á milli vinnustaða í samvinnu við Strætó og svo foreldra. Mikilvægt er að skapa nemendum tækifæri til að vera á hverjum vinnustað að eigin vali í 3-6 tíma og bjóða upp á staði sem þau að jafnaði hafa ekki tækifæri til að heimsækja.

Minnisblað – fyrirspurn vegna verk-, tækni- og listgreina og beinna aðgerða

Reykjavík, 2. desember 2016
SFS2016100046
110. fundur
HG/gst/sb/nkc

Til skóla- og frístundaráðs
Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi verk-, tækni- og listgreinar

Á 106. fundi skóla- og frístundaráðs, 12. október 2016, lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina fram svohljóðandi fyrirspurn: *Í samstarfssáttmála meirihluta Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata er staðhæft að gera eigi verk-, tækni- og listgreinum jafnhátt undir höfði og bóklegum greinum. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina óskar eftir yfirliti á til hvaða beinna aðgerða meirihlutinn hefur gripið á þessu kjörtímabili til að standa við þetta loforð sitt og hversu miklum fjármunum af fjárhagsáætlun hefur verið ráðstafað til þessa þáttar sérstaklega, annars vegar í leikskólum og hins vegar í grunnskólum.*

Svar:

Í ljósi aukinnar áherslu á list-, verk- og tæknigreinar hafa eftirfarandi aðgerðir og verkefni verið unnin á síðustu misserum:

Innleiðing umbótaþáttanna í grunnskólum á árinu 2016

Grunnskólarnir fá samtals 75 milljónir kr. á árinu til þess að vinna að innleiðingu umbótaþáttanna, þar með talið list- og verkgreina.

Efnisframlag til leikskóla 2016

Af umbótafé var varið 6,9 millj. í hækkun á efnisframlagi pr. barn í leikskóla – hækkun var úr 1.800 kr. í 3.000 kr. (pr. barn) m.a. til að efla verk-, tækni- og listgreinar í leikskólum.

Starfshópur um aukið vægi starfs, - list- og verknáms

Stofnaður var starfshópur um aukið vægi starfs, - list- og verknáms í því skyni að leggja fram tillögur í málaflokknum.

Haustbúðir 2015

Starfshópurinn stóð fyrir tilraun með Haustbúðir 2015. Farin var sú leið að útvíkka aðferð Myndlistaskólans í Reykjavík um listbúðir í grunnskólum.

Sett voru saman tilboð til nokkurra skóla í samvinnu við fagmenn á sviði list- og iðngreina. Áhersla var á að bjóða skólum með unglingadeildir og einnig skólum með nýja skólustjóra. Ekki reyndist unnt að endurtaka Haustbúðirnar haustið 2016. 2

Menningartengiliðir

Listteymið hefur boðið vettvang fyrir menningartengiliði í leikskólum, grunnskólum og fleiri tegundum starfsstöðva með það að markmiði að efla listgreinakennslu í skóla- og frístundastarfi. Fundir hafa verið haldnir, einnig fyrirlestrar og kynningar fagaðila og veitt svigrúm til samræðu.

Verkefnið hefur verið fjármagnað af skrifstofu sviðsstjóra.

Samstarf við Verkiðn

Samstarf er við Verkiðn um Íslandsmót í iðn- og verkgreinum 2017 en tilgangur keppinnar/ kynningarinnar er að vekja athygli og áhuga grunnskólanema á iðn- og verkgreinum. Öllum nemendum í 9. og 10. bekk verður boðið og verða þeir sem þess óska sóttir í rútum.

Ýmis verkefni

Mixtúra festi kaup á búnaði sem nýtist í ýmsum verkefnum svo sem við Stelpur filma.

Unnið var að tilraunaverkefni í forritun í félagsmiðstöð – Kóder.

Greitt var fyrir rútuferðir fyrir skóla vegna opunarhátíðar barnamenningar í Hörpu.

Eftirfarandi þróunarverkefni sem tengjast list-, tækni- og verknámi hlutu styrk borgarinnar 2015

- Taekwando, leiklist og tónlist fyrir börn í Guluhlíð – Börnum í frístundaheimilinu við Klettaskóla kynntar ýmsar tómsundur.
- Rokkhundabúðir – Auka vægi tónlistarsköpunar í félagsmiðstöðvastarfi Kamps.
- Þekking, hæfni, færni – Nemendum í Hólabrekkuskóla boðið upp á fjölbreytta valkosti í námi í samvinnu við FB og ÞB.
- Söngleikjasjöan – Uppsetning á heimasíðu um söngleiki í Kelduskóla/Korpu.
- Kvikuhólf – Örva skapandi starf í gegnum kvikmyndun o. fl. Samstarf Mixtúru og Miðbergs.
- Að upplýsa Asparbörn um mál og heiminn – Efla færni og þekkingu starfsfólks í notkun upplýsingatækni.

Eftirfarandi þróunarverkefni sem tengjast list-, tækni og verknámi hlutu styrk borgarinnar 2016

- Stúdíó tíu tólf – Skapandi tónlistarstarf í Frostaskjólí og Frosta.
- Hljómlistarklúbbur Selsins – Tjáning í gegnum tónlist og söng á frístundaheimilinu.
- Tónlistarstöðvar – Skapandi tónlistarstarf á frístundaheimilinu Undralandi.
- Frístundaheimilið mitt – Ljósmyndasýning – Ljósmyndaklúbbur og ljósmyndasýning í Undralandi.
- Tónlist og tilfinningalæsi – Nota tilfinningar til að skapa tónlist í Árbæjarskóla.
- Námsmat í sjónlistum við lok 10. bekkjar – Útbúa námsmat og hæfniviðmið sjónlistar í Réttarholtsskóla.
- Allir í öndvegi – Samstarf grunnskólanna í Breiðholti um ögrandi og spennandi verkefni í vísindum og listum.
- Verum snjöll í Vesturbæjarskóla – Innleiðing spjaldtölvunotkunar.
- Ég get – sjáðu mig – Þróa tjáningu og sviðslistir barna í leikskólanum Laufskálum.

Staðan í ágúst 2016

- Að hausti var haldinn kynningarfundur um framboð menningarstofnana borgar og ríkis um frí fræðslutilboð fyrir börn og ungmenni á starfsstöðum SFS.
- Starfsstaðir fá sendar upplýsingar um einstök tilboð menningarstofnana.

- Menningartengiliðafundur var haldinn að vori í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi þar sem voru kynningar á ýmsum framsæknum nýsköpunar- og kennsluverkefnum frá háskólasamfélaginu auk aðila sem standa að spennandi þróunarverkefnum.
 - Barnamenningarhátíð þjónar sterku hlutverki sem vitundarvakning á sviði verk-, tækni og listgreina.
 - Taka 2016, árleg stuttmyndahátíð grunnskóla og frístundamiðstöðva var haldin í maí. Er þetta elsta kvikmyndahátíð landsins, 30 ára. Um 100 myndir barna og ungmenna í borginni voru á hátíðinni að þessu sinni.
 - Augað er stuttmyndahátíð sem fram fer í tveimur borgarhverfum fyrir nemendur í 9. bekk. Mixtúra lánar búnað, veitir fræðslu og tekur þátt í vinnslu efnis og sýningu í lokin.
 - Stelpur filma er verkefni haustið 2016 er í samstarfi við RIFF. Líkt og var árið 2015. Um 60-70 stúlkur í 8. og 9. bekk taka þátt í verkefninu sem var hrint af stað til að jafna stöðu kynjanna í kvikmyndgerð.
 - Lögð hefur verið áhersla á að safna upplýsingum um kennslu í grunnskólum og tækifæri á sviði verk-, tækni- og listnáms. Mikilvægt er að meta stöðu greinanna í grunnskólum.
 - Farið var af stað með tilraunaverkefni í forritun fyrir ungmenni á vettvangi frístundar.
 - Í samningum við Myndlistaskólann í Reykjavík er samið um smiðjur inn í bæði grunnskóla og leikskóla.
 - Reglulegum fjármunum er veitt í MP verkefni sem hefur verið nýtt til að byggja upp öflugt tónlistarstarf í Fellaskóla.
 - Menningarfáninn var veittur í 4. sinn í september 2016. Vinna er í gangi við endurskoðun og þróun hugmyndarinnar. Í því starfi koma verkgreinar víða við sögu.
 - Þróunarstyrkir SFS voru auglýstir þar sem ekki voru tilgreindar sérstakar áherslur en vísað í áherslur í starfsáætlun SFS. Þar er m.a. lögð áhersla á list- og verkgreinar auk menningarstarfs með börnum.
 - Á Barnamenningarhátíð vorið 2016 voru veittir styrkir vegna verkefna að heildarupphæð 4.3 m.kr. Ríflega helmingur fjármagnsins rann beint til starfsstaða SFS, en stór hluti verkefna er ætlaður börnum á vegum SFS auk fjölskylduviðburða.
 - Áfram verður lögð áhersla á að byggja upp net menningartengiliða á starfsstöðum SFS.
- Unnið er að gerð lokaskýrslna fyrir starfsstaði sem skiluðum talningu um menningarþátttöku á starfsstöðum SFS.
 - Starfsstaðir sem tóku þótt í Biophilia-menntaverkefninu fengu allir fjármagn að upphæð 200 þ.kr., stuðning í formi verkefnastjórnunar, heimsóknna vísindamanna, námskeiða og fleira.
 - Lokaskýrsla um þátttöku Reykjavíkur í Norræna Biophilia-menntaverkefninu kom út í október.

Aðrir áhersluþættir

Notkun upplýsingatækni og innleiðing nýrra vinnubragða

- Aukið var framboð á fjölbreyttri símenntun á sviði upplýsingatækni fyrir starfsfólk í skóla- í frístundastarfi m.a. í Haustsmiðju kennara, á starfsdögum leikskólakennara, sameiginleg spjaldtölvunámskeið skóla og námskeið um skapandi notkun upplýsingatækni.
- Unnið var sérstaklega að eflingu starfsfólks í skóla- og frístundastarfi, sem er frumkvöðlar á sviði upplýsingatækni, og það hvatt til að miðla þekkingu og reynslu til samstarfsfólks.

- SFS er aðili að Samspili, fræðsluátaki Menntamiðju um upplýsingatækni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Eins tekur sviðið þátt í menntabúðum um upplýsingatækni í námi og kennslu sem haldnar hafa verið undanfarin misseri í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og fleiri aðila.
- Haldnir hafa verið fræðslu- og samráðsfundir fyrir UT-tengiliði grunnskóla og orðið hefur til gott tengslanet starfsmanna SFS sem eru frumkvöðlar í notkun upplýsingatækni.
- Aðgengi skóla að skýjalausnum sem styðja við markvissa notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi hefur verið eflt. Í tengslum við uppfærslu stýrikerfis og innleiðingu Office365 í grunnskólum hefur starfsmaður UTD farið með fræðslu um möguleika skýjalausna í skólustarfi í flesta grunnskóla.
- Í tengslum við innleiðingu rafrænna prófa í grunnskólum hefur verið unnið að mati á tölvukosti og tengingum. Netvæðingu allra kennslurýma mun ljúka á skólaárinu og unnið verður að því að greina enn frekar ólíka stöðu starfsstaða. Margt bendir til þess að veruleiki rafrænna prófa muni hvetja skóla til að endurskoða áherslur og vinna markvisst með hæfni er tengist námssviðinu upplýsinga- og tæknimennt í aðalnámskrá.
- Starfshópur um ábyrga notkun upplýsingatækni hefur starfað á árinu. Upplýsingaefni um myndbirtingarreglur og fræðsluefni um ábyrga notkun hefur verið miðlað til starfsstaða sviðsins og foreldra. Eins er unnið er að gerð fræðsluefnis um stafræna borgaravitund.
- Unnið er að samstarfsfyrirkomulagi um starfsemi Fab Labs í Reykjavík til framtíðar. Fab Labi er ætlað að auka áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum, auka almennt tæknilæsi og tæknivitund og efla hæfni til nýsköpunar í námi og atvinnulífi.
- Í Mixtúru, margmiðlunarveri grunnskóla, er veitt fjölbreytt ráðgjöf við notkun upplýsingatækni og miðlunar í skóla- og frístundastarfi. Mixtúra styður við innleiðingu nýrra kennsluaðferða með öflugum námskeiðahaldi. Einnig styður Mixtúra kennara með stuðningi inni í kennslustundum.
- Í Mixtúru hafa á árinu verið unnin fjölmörg kennslu- og heimildamyndbönd um margvíslega kennsluhætti, þróunarverkefni, fræðslufundi og skapandi skólustarf.

Samantekt

Eins og fram kemur hér á undan hefur verið gripið til fjölmargra beinna aðgerða á þessu kjörtímabili til að stuðla að eflingu verk-, tækni- og listgreina í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi m.a. með tilstuðlan miðlægra styrkja.